



Gróft ofbeldi viðgekkst á Núpi



Jón Gnarr vitnar um hópnauðgun, kynferðislega misnotkun og grimmilegar barsmíðar í heimavistarskólanum Núpi á Dýrafirði árin 1981-83. Bragi Guðbrandsson segir hugtökunum misnotkun og ofbeldi hafa verið afneitað á þessum árum. Sjálfur man hann eftir slíkum málum á sínu borði. ➔28

LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR/ÓLI TYNES



Steinunn Ólína snýr aftur í Rétti ➔36



Einfeldara líf með færri hlutum ➔34



Send úr landi ➔4

PLÚS 3 SÉRBLÖÐ • FYRIRTEKJAGJAFIR • ATVINNA • FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

BLÁA
BOMBAN
VERÐSPRENGJA!

20%


VIÐBÓTARAFSLÁTTUR
AF ALLRI ÚTSÖLUVÖRU
Gildir út mánudag

DEBENHAMS

Opið í kvöld til kl. 18:00

DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

Veður



Í dag stefnir í stífa sunnanátt og áfram verður hvassast norðvestan til. Víða smávegis rigning, en ljómandi gott veður fyrir norðan og austan þar sem stefnir í léttskýjað og hlýtt veður miðað við árstíma. Í kvöld fer síðan að rigna vestanlands. **SJÁ SÍÐU 52**



Hörður Björnsson hefur verið týndur í þrjá sólarhringa.

Hundruð leitað að Herði í þrjá sólarhringa

LÖGREGLUMÁL Hundruð björgunarsveitarmanna auk nokkurra sporhunda hafa tekið þátt í leitinni að Herði Björnssyni sem ekkert hefur sést til frá aðfaranótt miðvikudags. Leitinn hefur enn ekki borið árangur.

Hörður Björnsson er 25 ára og er talið að hann sé klæddur í dökkann jakka, svartar buxur og gráa peysu. Hann er 188 cm á hæð, grannur og með ljóst sítt hár og rautt skegg. Síðast sást til Harðar á Laugarásvegi áður en hann hvarf. Þá var Hörður ekki klæddur í skó.

Lögregla hefur í þrjú dagar itrekað tilkynningu sína þar sem hún biður almenning að vera vakandi fyrir Herði og hafa tafarlaust samband við lögreglu í síma 843 1106 eða á Facebook-síðu lögreglunnar ef til hans sést.

Fólk er einnig hvatt til að leita vel að Herði í húsum sínum, bílum, ruslageymslum, skúrum og gördum.

– þea

3 sólarhringar eru síðan sást síðast til Harðar.

Verkfallsverðir standa vaktina



Verkfallsverðir SFR voru á ferðinni í gær til þess að gæta þess að hvergi væri gengið í þeirra störf á ríkisstofnunum. Hér er komið við hjá Sýslumanninum í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Ekki upplýst um tillögur kröfuhafa

EFNAHAGSMÁL Seðlabankinn birti ritið Fjármálastöðugleiki 2015/2 á vef sínum síðla dags í gær.

Upphaflega stóð til að birta ritið 6. október síðastliðinn. Því var frestað og sú ástæða gefin að ekki hefði tekist að ljúka lögboðnu samráðs- og kynningarferli varðandi mögulega nauðasamninga, sem fjalla átti um í viðauka skýrslunnar. Í viðaukanum átti að greina frá tillögum kröfuhafa um hvernig þeir hygðust uppfylla stöðugleikaskilyrði stjórnvalda og mati á heildaráhrifum mögulegra nauðasamninga á fjármálastöðugleika. Þessir viðaukar fylgja ekki skýrslunni sem birt var í gær.

Ástæðan sem Seðlabankinn gefur upp er að bankinn geti ekki lokið mati á undanþágubeiðnum einstakra búa gömlu bankanna fyrr en endanleg gögn sem haft gætu áhrif á matið liggja fyrir. – jhh

Leita leiða til að ferja vinnandi hendur

Stórbætt atvinnuástand á Suðurnesjum er hvati að verkefni um bættar almenningsamgöngur til að ferja starfsfólk frá höfuðborgarsvæðinu til vinnu. Ein hugmynd er að reka sérstakt samgöngukerfi fyrirtækja. Önnur er samstarf við Strætó.

ATVINNUMÁL Unnið er að gagnasöfnun um þarfir fyrirtækja á Suðurnesjum fyrir almenningsamgöngur á svæðinu. Það er Isavia og nokkur önnur fyrirtæki tengd starfsemi á Keflavíkurflugvelli sem vinna að verkefninu. Rót vinnunnar liggur í snarbatnandi atvinnuástandi á Suðurnesjum og sívaxandi fjölda fólks sem sækir vinnu á Suðurnesin.

Sigurður Ólafsson, framkvæmdastjóri mannaússviðs hjá Isavia, segir, þegar litið er til baka um nokkur ár, það gleðilegt að fyrirtæki á svæðinu þurfi að leita út fyrir Suðurnesin að starfskröftum. „Við byrjuðum í sumar, með samstarfsfyrirtækjum okkar á flugvallarsvæðinu, að ræða hvernig þau leystu sín mál. Það kom í ljós að um 200 manns sem eru að vinna á flugvallarsvæðinu eru búsettir í Reykjavík. Drjúgur hluti þess hóps er vaktavinnufólk sem byrjar sinn vinnudag á mismunandi tímum sólarhringsins,“ segir Sigurður og bætir við að almenningsamgöngurnar svari ekki þörfum þessa hóps að fullu, t.d. um helgar.

„Við ræddum hvernig þetta verður best leyst, og ein leiðin væri að Isavia og þessi fyrirtæki færu saman í rekstur á samgöngukerfi, þó að sú vinna sé ekki komin langt. Það er erfitt að koma þessu öllu heim og saman fyrir mörg fyrirtæki. Fókussinn fór því fljótt á annaðhvort að gera samning við aðila sem gæti keyrt okkur á milli eða að skoða hvað Strætó og sveitarfélögin á Suðurnesjum væru tilbúin að gera. Við höfum fundað með Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum og fengum góðar undirtektir og vinnum nú að því að taka saman frekari gögn.“

Ein af þeim leiðum sem ræddar hafa verið er að setja upp hraðleið sem fer



Horft er til langrar framtíðar með bættar samgöngur enda líkur á að starfsmannafjöldi bara í Leifsstöð eigi eftir að margfaldast á næstu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

beint upp á Keflavíkurflugvöll einhverja tíma dagsins, enda hefur Isavia, og önnur fyrirtæki á svæðinu, fundið fyrir mjög batnandi atvinnuástandi á Suðurnesjum og hækkandi hlutfalli umsækjenda um störf sem búa í Reykjavík.

Nýjar tölur Vinnuástandafunnar sýna að atvinnuleysi á landsvísi í september stóð í 2,4%. Á Suðurnesjum er það enn þá hæst yfir landið en er þó aðeins 2,9%. Ber þá að lita til þess að atvinnuleysisstölur í sama mánuði 2009 og 2010 voru 12,1% og 11,3%. Tala sama mánaðar í fyrra var 4,5%.

Viðmælendur Fréttablaðsins sem reka fyrirtæki utan flugvallarsvæðisins upplifa stöðuna með sama hætti.

Sigurður Ragnarsson, framkvæmdastjóri hjá verktafyrirtækinu ÍAV, segir hugmynd um að virkja almenningsamgöngur allrar athygli verðar. „Við erum með mikið af verkefnum á Suðurnesjum og þar hefur verið

Við erum með mikið af verkefnum á Suðurnesjum og þar hefur verið mjög erfitt að fá mannskap til starfa.

Sigurður Ragnarsson, framkvæmdastjóri ÍAV



mjög erfitt að fá mannskap til starfa. Við höfum hingað til ekki verið að nýta okkur almenningsamgöngur á milli Suðurnesja og Reykjavíkur en myndum vissulega skoða þær ef ferðum myndi fjölga, sérstaklega á þeim tímum þar sem fólk fer úr og í vinnu,“ segir Sigurður.

svavar@frettabladid.is

Tenerife

20. nóvember í 11 nætur


Verð frá **149.900 kr.**
og **12.500 Vildarpunktur**
Á mann m.v. 2. í íbúð á Compostella Beach Golf Club
Verð án Vildarpunkta 159.900 kr.

Flugið með Icelandair

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is
VITA - Skógarhlíð 12 - Sími 570 4444

vita
VITA er lífið

Urriðaholt. Þorpið við vatnið.



OPIÐ HÚS

17. OKTÓBER KL. 12–16

50 SÝNINGARÍBÚÐIR

Í dag, laugardaginn 17. október bjóðum við þér í heimsókn í Urriðaholt, þar sem íbúabyggð, blómleg náttúra, útivistarsvæði, þjónusta og frá-bærar samgöngur fara saman í skjólsælum suðurhlíðum holtisins við Urriðavatn. Komdu í heimsókn, skoðu fjölbreytta búsetumöguleika sem í boði eru á svæðinu og kynntu þér hugmyndirnar að baki einstakri byggð þar sem lífsgæði og umhverfi eru í fyrsta sæti.

VELKOMIN Í

URRIÐAHOLT

ÞORPIÐ VIÐ VATNIÐ

TÖLUR VIKUNNAR 12.10.2015 - 18.10.2015

6.000

ríkisstarfsmenn lögðu niður vinnu í vikunni í enn einni verkfallshrinunni á árinu.

**25% HÆKKUN**

húsnæðisverðs til ársins 2017 er spá Íslandsbanka.

4 ÍSLENDINGAR


voru handteknir á Spáni en þeir tengi-ast stórtækri ræktun á kannabis.

**LÖGREGLUÞJÓNUM**



þarf að bæta við liðið til að lágmarksfjöldi sé náð – þeir eru 640 í dag.

74.000
laxar

um það bil veiddust á þessu gjöfuga laxveiðisumri.

**230**
milljónir

vill kirkjan fá frá ríkinu – biskup vísar í samninga um hærri framlög.

**11 ára**
FANGELSISDÓM

fékk „burðardýr“ fyrir fíkniefna-smygl í vikunni sem vakti spurn-ingar um vegferð þjóðarinnar í þessum málaflökki.

Fjölskyldan fékk synjun um hæli

Albönsk fjölskylda þarf að fara úr landi sem fyrst. Börnin eru nýbyrjuð í skóla í Laugarneshverfinu og eru alsæl. Foreldrarnir segjast ekki þurfa fjárhagsaðstoð, bara leyfi til að vinna og búa á Íslandi. Fjölskyldufaðirinn segist hræddur við að snúa aftur til Albaníu.

SAMFÉLAG Fjölskyldan komst í fréttirnar fyrir þremur vikum síðan því börnin þrjú höfðu ekki enn fengið skólavist þrátt fyrir að hafa verið hér frá því í júní. Því máli lauk með besta móti og hafa börnin nú stundað skólana í Laugarneshverfinu síðustu tvær vikur. Þau eru öll þrjú ánægð í skólanum og hafa kynnst mörgum vinum. Það var því mikið áfall að fá synjun frá Útlendingastofnun í gær.

„Mig langar aldrei aftur til Albaníu. Mér líður svo vel hér og það er svo gaman í skólanum,“ segir Laura Telati, sem er í 10. bekk í Laugalækjarskóla. „Mig langar að búa á Íslandi. Ég er búin að eignast frábæra vini.“

Það er þungt yfir fjölskyldunni þegar blaðamaður hittir hana enda nýkomin frá Útlendingastofnun og hefur fimm úrskurði í höndunum. Synjun fyrir hvern fjölskyldumeðlim.

Aleka Telati, móðirin, segir að það hafi verið sagt frá byrjun að erfitt yrði að fá hæli. En síðustu daga hefur vonin vaxið í brjósti hennar.

„Það hefur gengið svo vel og við höldum að við gætum eignast gott líf hér. Við viljum gjarnan vinna hörðum höndum og sjá um okkur sjálf. Við þurfum ekki endilega hæli eða styrk frá ríkinu, bara tækifæri til að búa okkur sjálf til líf á landinu.“

Aleka hefur unnið sem aðstoðarmaður í eldhúsi og Hasan Telati, maðurinn hennar, er kokkur og málar. Ástæða þess að þau flúðu frá Albaníu síðastliðið vor eru árásir og mismunur í landinu.

„Pabbi minn var foringi í kommúnistaflokknum,“ segir Hasan. „Og við erum útilokuð í samfélaginu. Ég varð fyrir skotárás vegna deilna um húsið okkar. Allt í einu voru komnir pappírur um að annar maður, sem


er valdamikill maður í landinu, ætti húsið. Og við vorum bara rekin í burtu og hótað lífláti ef við myndum fara með málið lengra.“

Aleka segist hafa fundið fyrir mismunun um leið og hún giftist Hasan. „Fólk sér eftirnafnið okkar og neitar okkur um þjónustu, húsnæði, skólavist fyrir börnin og við förum aftast í röðina á heilsugæslunni. Forsætisráðherra Albaníu hefur meira að segja hvatt til mismununar gagnvart fólki tengdu kommúnistaflokknum og lögreglan aðstoðar okkur ekki. Það er engin leið að eiga eðlilegt líf í Albaníu.“

Í synjun frá Útlendingastofnun kemur fram að fjölskyldan sé ekki álitin flóttafólk því hún sé ekki talin í lífshættu í heimalandi sínu og eigi ekki ofsóknir á hættu. Á þeim forsendum er þeim synjað um hæli.

„Við munum áfrýja en okkur er sagt að það sé lítil von fyrir okkur. Það gæti tekið tvo mánuði að fá úrskurð og þá munum við þurfa að fara strax úr landi. Við verðum send aftur til Albaníu og auðvitað eru þau að fara eftir lögum og reglum enda ekki stríð í Albaníu og landið ekki talið það hættulegt,“ segir Aleka. „Það breytir því ekki að við eigum ekki möguleika á eðlilegu lífi í landinu okkar.“

Fjölskyldan talar fallega um Ísland og Íslendinga. Þau segja nágrannana hafa gefið sér húsgögn og verið til staðar fyrir þau síðustu vikurnar. „Þegar við förum út í búð tala allir við okkur og spyrja um hagi okkar. Þjófnaði okkur velkomin í hverfið og segjast ekki trúá öðru en að við fáum að vera hér. Það var tekið mjög vel á móti börnunum og Petrit litli er meira að segja farinn að æfa fótbolta og er í skýjunum með það,“ segir Hasan. Aleka bætir við að hverfið sé yndislegt og þeim líði eins og þau séu heima hjá sér.



Laura 15 ára, Hasan, Aleka, Janie 13 ára og Petrit 9 ára skoða bréf frá Útlendingastofnun þar sem þeim er synjað um hæli og dvalarleyfi á Íslandi. Þau þurfa að fara úr landi eins fljótt og auðið er. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Það er kalt á Íslandi en Íslendingar eru svo sannarlega ekki með kalt hjarta,“ segir hún.

Hasan er hræddur við að fara aftur til Albaníu. „Ég hræddur um framtíð barna minna. Við eigum í höggi við mjög valdamikið fólk og börnin mín eiga litla möguleika í framtíðinni.“ erlabjorg@frettabladid.is



Fólk sér eftirnafnið okkar og neitar okkur um þjónustu, húsnæði, skólavist fyrir börnin og við förum aftast í röðina á heilsugæslunni. Forsætisráðherra Albaníu hefur meira að segja hvatt til mismununar gagnvart fólki tengdu kommúnistaflokknum og lögreglan aðstoðar okkur ekki. Það er engin leið að eiga eðlilegt líf í Albaníu.

Aleka Telati

Vilja fá fulltrúa sinn í stjórn VÍS

VIÐSKIPTI Hjónin Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir og Guðmundur Þórðarson, sem eitt sinn áttu Skeljung, hafa óskað eftir aukahluthafafundi í VÍS þar sem kosið verði um nýja stjórn félagsins.

SNV Holding og Hedda eignarhaldsfélag ehf., sem eru bæði í eigu hjónanna, hafa aukið við eignarhlut sinn um 2,8 prósent á síðustu dögum og eiga nú 5,05 prósent í VÍS. Eigendur 5 prósent hlutar í VÍS geta kallað eftir hluthafafundi í félaginu.

Guðmundur segir þau munu sækjast eftir stjórnarmanni í stjórn VÍS á hluthafafundinum. „Við vorum að bæta við okkur hlut og höfum áhuga á að koma að stjórn félagsins,“ segir hann.

Þá séu bara fjórir stjórnarmenn í VÍS en Steinar Þór Guðgeirsson lögmaður hætti í stjórninni í ágúst. „Það er alveg eðlilegt að það séu fimm í stjórn í svona stóru félagi,“ segir Guðmundur. Talsverð hreyfing hefur verið á hluthafafundi á síðustu dögum. Kvika, sem áður hét MP banki, hefur aukið við eignarhlut sinn í VÍS um 4,4



Sigrún Ragna Ólafsdóttir hringdi VÍS inn í Kauphöllina árið 2013. Mikil hreyfing hefur verið á hluthafafundi í félaginu að undanfögnu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

prósent í þessum mánuði og á nú 6,2 prósent í félaginu.

Auk þess kom fram í flöggunartilkyningu til Kauphallar Íslands að Arion banki hefði selt 1,5 prósent hlut í VÍS og ætti nú undir 5 prósent hlut í félaginu.

Yfirleitt er kosið um stjórn félaga á aðalfundi en síðasti aðalfundur VÍS

fór fram þann 12. mars. Þá urðu breytingar á stjórn VÍS í kjölfar þess að Hallbjörn Karlsson fjárfestir gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarformennsku í félaginu. Marianna Jónasdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu skattamála í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, dró einnig framboð sitt til stjórnarsetu til baka. – ih

Til leigu meðferðarherbergi og stærra rými í hjarta Reykjanesbæjar

Hentar fyrir ýmsar meðferðir, viðtöl, háir-, snyrti- og nuddmeðferðir. Glæsileg aðstaða með aðgang að Om setrinu.

Áhugasamir hafi samband í gegnum omsetrid@omsetrid.is eða www.omsetrid.is





1975 | Bílabúð Benna | 2015

OPEL VEISLA



BÍLABÚÐ BENNA 40 ÁRA

KÍKTU Í KAFFI OG KÖKU Í DAG!

Bílabúð Benna er 40 ára. Opel-veislan heldur áfram og við bjóðum veglegan afmælispakka með öllum nýjum Opel bifreiðum. Velkomin í Opel-veisluna – við eigum afmæli, þú færð pakkann.



Toyo
harðskeljadekk



Eldsneytisneign
200 lítrar



Löður Gullþvottur
þvottakort - 5 skipti



**Bílabúð
Benna**

Bein leið í 40 ár

Kynntu þér Opel fjölskylduna á opel.is eða á benni.is. Verið velkomin í reynsluakstur.

Reykjavík
Tangarhöfða 8
590 2000

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
420 3330

Opið virka daga frá 9 til 18
Laugardaga frá 12 til 16 í Reykjavík
Laugardaga frá 10 til 14 í Reykjanesbæ

Wir leben Autos.

Björt framtíð vill aukið gagnsæi

STJÓRN MÁL Þingflokkur Bjartrar framtíðar hefur lagt fram frumvarp á Alþingi sem hefur það að markmiði að auka gagnsæi í tengslum við launagreiðslur til þingmanna. Í þingskapa-lögum er tilgreind skylda þingmanna til að greina frá hagsmunum sínum og trúnaðarstörfum utan þings.

Frumvarp Bjartrar framtíðar bætir við þeirri skyldu að þingmenn greini jafnframt frá útlögðum húsnæðis-, dvalar-, og ferðakostnaði auk annarra starfskjara.

Þá er þingmönnum gert að uppfæra nýjar upplýsingar um trúnaðarstörf og hagsmuni utan þings. – sfs

Aðalfundur Sögufélags

verður haldinn laugardaginn 24. október í fundarsal Landsbókasafns Íslands, Þjóðarbókhliðu, kl. 14:00.



Dagskrá:

- Smári Geirsson flytur erindi "Stórhvalaveiðar við Ísland til 1915 - bók verður til".
- Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórnin

ÚRVAL ÚTSÝN

4.-18. MARS 2016

SUÐUR AFRÍKA CAPE TOWN

Ævintýraferð til Suður Afríku þar sem ferðast verður frá Cape Town um vínlöndin upp til Klein Karoo og meðfram ströndinni. Fararstjórar ferðarinnar eru Bói og Villi sem bjuggu þar um tíma.

NÁNAR Á U.U.IS

Innifalið er flug, gisting, flugvallarskattar, íslensk fararstjórn, 20 kg taska og handfarangur.

Hnoðað í Kringlunni



Haldið var upp á evrópska endurlífgunardaginn (European Restart a Heart Day) víða um Evrópu í gær. Af því tilefni stóð endurlífgunarráð fyrir atburði þar sem hjúkrunarfræðingar, læknar, lögglumenn og sjúkraflytningamenn hnoðuðu endurlífgunardúkku í Kringlunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Líkur á að verkföll haldi áfram eftir helgi

Búist er við að fulltrúar ríkis ræði við fulltrúa SFR, SLFÍ og LL um helgina. Formaður SFR segir langar viðræður fram undan og óvíst um málalyktir.

KJARAMÁL Þrátt fyrir að viðræður samninganefndar ríkisins og viðræðunefndar SFR, sjúkraliða og lögglumanna hafi haldið áfram í gær eru forsvarsmenn verkalyðsfélaganna ekki bjartsýnir á lausn deilunnar í bráð. Árni Stefán Jónsson, formaður SFR, segir ríkissáttasemjara vilja halda fölkki að verki í viðræðunum meðan enn sé um eitthvað að tala og gerir ráð fyrir því að fundað verði inn í helgina. Allar líkur séu hins vegar á að verkfallsaðgerðir haldi áfram eftir helgi.

Stéttarfélagin stóðu fyrir mót-mælum fyrir ríkisstjórnarfund í gærmorgun, en þar áréttaði Árni Stefán líka að ekkert væri í hendi um lausn þótt viðræður væru hafnar við ríkið á ný. „Og væntanlega langar og strangar viðræður fram undan og við vitum í sjálfu sér ekkert hvornig það endar.“

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra ræddi fyrir fundinn við fjölmöðla. Hann segir stöðuna sem upp sé komin með verkfallsaðgerðum SFR og SLFÍ vera tekna mjög alvarlega. Ríkið sé affullrið alvöru í samningaviðræðum. Þá séu engar fyrirætlanir uppi um að setja lög á verfallið. „Við erum með samtal í gangi sem við höfum trú á að geti leitt til niðurstöðu sem allir geti unað við,“ segir hann.

Félagin þrjú sem saman eiga í viðræðum við ríkið leggja áherslu á að



Fjármálaráðherra mætti mót-mælendum á tröppum stjórnarráðsbyggingarinnar þegar hann kom þar til ríkisstjórnarfundar í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

fá sambærilegar kjarabætur og aðrir ríkisstarfsmenn, svo sem kennarar og læknar, auk hjúkrunarfræðinga og félagsfólks BHM.

Bjarni segir hægt að sýna því ákveðinn skilning að stéttarfélag komi fram með kröfur sem vísi í fyrri samninga. „En það hefur verið vandamálið í þessari samningalotu, sem hefur staðið kannski frá því í fyrri, að það er engin samstaða milli félaganna sem koma til viðræðna við ríkið um það á hvað eigi að leggja áherslu annað en að allir vilja fá margra tuga prósentu hækkun.“

Vanda ríkisins segir Bjarni liggja í að vilja á sama tíma vinna að stöðugleika og afstýra því að verðbólga taki við sér og vextir hækki. Lögð sé áhersla á að koma í veg fyrir aðra lotu hækkanans eins og þeirra sem gengið hafi yfir með endurskoðun á verklaginu við samningagerðina og samkomulagi um endurbætur á lífeyriskerfinu. Tími sé til kominn að botna þá umræðu.

„Þetta viljum við ræða um leið og við lokum þessari samningalotu um kjarasamninga til næstu ára.“

olkr@frettabladid.is

Auglýst eftir umsóknum um þýðingarstyrki

Miðstöð Íslenskra Bókmennta auglýsir eftir umsóknum um styrki til þýðinga á íslensku.

Umsóknarfrestur er til 16. nóvember 2015.

Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar er að finna á www.islit.is



MIÐSTÖÐ ÍSLENSKRA BÓKMENNTA
ICELANDIC LITERATURE CENTER

BBO GRÍSARIE SPARERIBS Í BBO SÓSU

★ FULLELDUÐ ★

899 kr/kg

Verð áður 1.299.-

PEPPERIDGE FARM

HVÍTLAUKSBRAUÐ
MEÐ MOZZARELLA EÐA
PARMESAN

...OG ELDHÚSIÐ ILMAR

★ NÝTT ★



Oreo kek
Peanut butter og Golden



Planters
Nýtt - Salted Caramel Peanuts



Starbucks & Dunkin Donuts
Úrval af amerísku kaffi



Hershey's
Súkkulaði kossar

LOKSINS TAB!



TAB
Loksins aftur á Íslandi

★ NÝTT ★



Betty Crocker
Nýjar tegundir á USA dögum



Hershey's
Frábært með Ísnum

★ NÝTT ★



Kevita lífræninir drykkir
Sparkling Probiotic drykkur

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Sá áhrif loftslagsbreytinga berum augum

Hringborð norðurslóða var sett í gær. Einn aðalgesta er François Hollande, forseti Frakklands. Hann segir hlýnun jarðar vera stórt vandamál sem verði að bregðast við. Forsetinn fór á Sólheimajökul í gær og kynnti sér áhrif hlýnandi loftslags á bráðnun jökulsins.

UMHVERFISMÁL „Hlýnun jarðar er eitt stærsta vandamálið sem við stöndum frammi fyrir og við verðum að bregðast við því. Við verðum öll að hafa það að markmiði að hnattræn hlýnun muni ekki verða meiri en tvær gráður fram að næstu aldamótum. Ef viljinn er fyrir hendi þá tekst okkur það öllum saman,“ sagði François Hollande, forseti Frakklands, í stefnuræðu sinni á allsherjarfundi þings Hringborðs norðurslóða, Arctic Circle, sem sett var í Hörpu í gær. Hann er einn aðalgesta á ráðstefnunni.

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, er einn helsti hvatamaður Hringborðs norðurslóða og setti ráðstefnuna í gær. Samkoman, sem fjallar um málefni og framtíð norðurslóða, er nú orðin sú stærsta og fjölþættasta sinnar tegundar.

Hollande fór fyrir ráðstefnuna í gær á Sólheimajökul ásamt Ólafi Ragnari, frönskum embættismönnum, vísindamönnum og sérfræðingum þar sem hann kynnti sér áhrif hlýnandi loftslags á bráðnum jökulsins. „Nú hef ég séð með eigin augum áhrif hlýnandi loftslags á bráðnun jökla á Íslandi. Forseti Íslands sýndi mér hvað jökullinn hefur hoptað mikið og mér finnst það ótrúlegt,“ sagði Hollande.

Ólafur Ragnar sagði í ræðu sinni í gær að stuðningur helstu leiðtoga heims skipti verulega miklu máli fyrir hringborðið og fyrir Ísland

Koma frá 50 löndum

Hátt á annað þúsund þátttakendur frá 50 löndum sækja þriðja þing Hringborðs norðurslóða, Arctic Circle, sem fer fram um helgina í Hörpu.

Þingið sækja fulltrúar frá fjölda landa í Evrópu og Asíu sem og frá öllum ríkjum norðurslóða. Þeirra á meðal eru Þjóðhöfðingjar, ráðherrar, embættismenn, vísindamenn, sérfræðingar, umhverfissinnar, athafnamenn, stjórnendur fyrirtækja, fjölmiðlafólk ásamt forystumönnum.

Fjöldmargar alþjóðlegar vísindastofnanir, háskólar og náttúruverndarsamtök senda fulltrúa á þingið og munu þeir taka þátt í umræðum og málstofum um fjölmörg efni norðurslóða.

og þakkaði Hollande kærlega fyrir þátttöku sína.

Í stefnuræðu sinni fjallaði Hollande um tengsl norðurslóða við alþjóðlegu loftslagsráðstefnuna sem fer fram í París í nóvember. Hann lagði áherslu á að frönsk stjórnvöld legðu nú kapp á að ná árangri á þeim fundum. „Ég er bjartsýnn á að það náist árangur á ráðstefnunni í París sem er eftir fimmtíu daga. Sú ráðstefna er lykil-



François Hollande, forseti Frakklands, og Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, ræddu við blaðamenn í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

atriði í þessari baráttu og ég bind miklar vonir við hana,“ sagði Hollande og bætti við að markmiðið væri að búa til nýjan samning allra þjóða heims um verndun loftslags jarðar.

Þá sagðist Hollande hafa ferðast víða og heimsótt fleiri staði en Ísland þar sem loftslagsbreytingar væru farnar að hafa sjáanleg áhrif. „Ég fór til Filippseyja þar sem flóðbylgjur hafa valdið mikilli eyðilegg-

ingu og svo var ég í Afríku þar sem þurrkar eru að aukast,“ og hann bætti við að ef ekkert yrði gert myndu komandi kynslóðir ekki upplifa mörg undur veraldar. „Við verðum að ná árangri, ekki bara fyrir þessa kynslóð heldur fyrir komandi kynslóðir.“

Að sögn Hollande þurfa ríki heimsins að efla forvarnir og vinna að tækniframförum til þess að ná því markmiði að hlýnun jarðar

verði ekki meiri en tvær gráður fram að næstu aldamótum.

Með Hollande í för á Hringborði norðurslóða er fjölmenn sendinefnd franskra embættismanna, vísindamanna og sérfræðinga auk Ségolène Royal, umhverfis- og orkumálaráðherra Frakklands, og Michel Rocard, fyrrverandi forsætisráðherra Frakklands, sem er sérstakur sendimaður forsetans í málefnum norðurslóða. nadine@frettabladid.is

Allar Vínbúðir eru opnar í dag

Í dag eru allar Vínbúðir opnar. Opnunartímar eru sem hér segir:

- Höfuðborgarsvæðið ásamt Akureyri kl. 11-18
- Selfoss, Hveragerði og Reykjanesbær kl. 11-16
- Grundarfjörður, Búðardalur, Hólmavík, Hvammstangi, Kópasker, Þórshöfn, Vopnafjörður, Seyðisfjörður, Fáskrúðsfjörður, Djúpvogur, Klaustur, Vík og Þorlákshöfn kl. 12-14
- Flúðir kl. 12-16
- Aðrar Vínbúðir kl. 11-14

Náist samningar ekki verða Vínbúðirnar lokaðar mánudaginn 19. október og þriðjudaginn 20. október.

Nánari upplýsingar um opnunartíma á vinbudin.is

 VÍNBUÐIN



Innovation
that excites

WWW.NISSAN.IS

NISSAN QASHQAI ER VINSÆLASTI SPORTJEPPI LANDSINS



EIGUM NOKKRA BÍLA TIL AFGREIÐSLU STRAX

Nissan Qashqai er einn tæknilegasti sportjeppi sem völ er á og hlaðinn aukabúnaði svo sem sjálfvirkum aðalljósum, 17" álfelgum, leiðsögukerfi með Íslandskorti, bakkmyndavél, Google og Facebook samþættingu við snjallsíma svo eitthvað sé nefnt. Verið velkomin í reynsluakstur.

Verð: **4.190.000** kr.

NISSAN QASHQAI ACENTA
Framhjóladrifinn, 1,5 dísil, beinskiptur
Eyðsla 3,8 l/100 km*

Verð: **4.790.000** kr.

NISSAN QASHQAI ACENTA
Framhjóladrifinn, 1,6 dísil, sjálfskiptur
Eyðsla 4,6 l/100 km*

Verð: **5.190.000** kr.

NISSAN QASHQAI ACENTA
Fjór hjóladrifinn, 1,6 dísil, beinskiptur
Eyðsla 4,9 l/100 km*

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16



BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Áttuðu sig of seint á stöðu Tyrklands

Evrópusambandið borgar Tyrklandi milljarða evra til að torvelða flóttafólki ferðir yfir landamærin. Erdogan Tyrklandsforseti segir ESB hafa áttáð sig alltof seint á stöðunni. Forseti Evrópuráðsins segir að Tyrkir fái ekki fjárstuðning nema þeir sýni fram á árangur.

EVROÞUSAMBANDIÐ „Þetta getur ekki gerst án Tyrklands,“ sagði Recep Tayyip Erdogan við fréttamenn í Tyrklandi í gær, þar sem hann var spurður út í viðbrögð Evrópusambandsins við straumi flóttafólks.

Hann sagði Vesturlöndin hafa áttáð sig alltof seint á því að Tyrkland hlyti að gegna lykilhlutverki í þessum efnum, en spurði á móti hvers vegna í ósköpunum Evrópusambandið samþykkti þá ekki aðild Tyrklands.

Á leiðtogafundi Evrópusambandsins í Brussel, sem hófst á fimmtudag og lauk í gær, var samþykkt að veita Tyrklandi allt að þremur milljörðum evra til að auka eftirlit sitt með ferðum flóttamanna yfir landamærin og hlúa að þeim sem þurfa að bíða í flóttamannabúðum.

Gegn þessu eiga tyrkneskir ríkisborgarar meðal annars að fá auðveldari aðgang að vegabréfsáritun til Evrópu. Þá samþykktu leiðtogar Evrópusambandsins að setja nýjan kraft í aðildarviðræður Tyrklands.

Donald Tusk, forseti ráðs Evrópusambandsins, segir að Tyrkir fái þó ekki fjárstuðning nema þeir sýni fram á raunverulegan árangur: „Ef þeir hjálpa okkur, þá hjálpum við þeim,“ sagði Tusk að loknum leiðtogafundinum í Brussel í gær.

„Í grundvallaratriðum var niðurstaðan sú að betra sé að hýsa flóttafólk nær heimkynnum þess frekar en að við séum að greiða fyrir dvöl þess

í grundvallaratriðum var niðurstaðan sú að betra sé að hýsa flóttafólk nær heimkynnum þess frekar en að við séum að greiða fyrir dvöl þess hér.

Angela Merkel, kanslari Þýskalands

hér,“ sagði Angela Merkel Þýskalandskanslari, en hún hefur lagt mikla áherslu á að ná samkomulagi við Tyrkland í þessu máli.

Feridun Sinirlioglu, utanríkisráðherra Tyrklands, bar hins vegar í gær til baka fréttir um að samkomulagið væri í höfn. Enn væri aðeins um drög að samkomulagi að ræða, og hann var ósáttur við peningahlíðina.

Þjóðverjar hafa reiknað með að taka við allt að 800 þúsund flóttamönnum í ár, flestum frá Sírylandi.

Merkel hefur itrekað sagt að Þjóðverjar eigi ekki að hika við að taka á móti öllum sem þangað leggja leið sína, en krefst þess jafnframt að önnur ESB-ríki leggi sitt af mörkum ekki síður en Þjóðverjar.

Ungverjaland greip hins vegar í gær til þess ráðs að loka landamærum sínum að Króatíu, en stór hluti flóttafólksins hefur farið frá Tyrklandi yfir til Ungverjalands og þaðan áfram norður til Þýskalands og Skandinavíu.

gudsteinn@frettabladid.is



Tekið er að kólna hressilega í Þýskalandi, þar sem flóttamenn yfirgefa tjaldbúðir en fá inni í haldbetra húsnæði. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

 Landsvirkjun

50 | Samtal á afmælisári

Orkuiðnaður á nýrri öld

Nýsköpun í orkuiðnaði

Miðvikudagur 21. október kl. 8:00–10:00
Hótel Natura – salur 2 & 3

Landsvirkjun boðar til fundar um tækifæri í nýsköpun í orkuiðnaði fyrir íslensk fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga. Sérþekking á orkumálum hér á landi er nú með því mesta sem þekkest í heiminum og sífellt koma fram nýir aðilar sem byggja á þeirri reynslu og þekkingu sem safnast hefur á liðnum áratugum.

DAGSKRÁ:

Morgunkaffi til kl. 8:30

Opnunarávarp

Salóme Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Klak Innovit.

Nýsköpun í orkuiðnaði

Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar.

Pallborðsumræður

Mikilvægi heimamarkaðar í nýsköpun

Magnús Þór Ásmundsson, Alcoa

Runólfur Geir Benediktsson, Íslandsbanki

Gunnar Atli Fríðuson, Jarðböðin

Stjórnandi: Margrét Arnardóttir, Landsvirkjun

Tækifæri í framtíð – reynsla úr fortíð

Óli Grétar Blöndal Sveinsson, Landsvirkjun

Hildigunnur Thorsteinsson, Orkuveitan

Albert Albertsson, HS Orka

Stjórnandi: Sigurður Markússon, Landsvirkjun

Sprotar í orkutengdri nýsköpun

Bjarni Malmquist, BMJ

Sunna Ólafsdóttir Wallevik, Gerosion

Magnús Hauksson, Laki

Stjórnandi: Stefán Þór Helgason, Klak Innovit

Skráning og bein útsending á landsvirkjun.is

Fundurinn er haldinn í samstarfi við:

 klak innovit

Polo. Gerir gæðamuninn.



**UPPFÆRSLUBÓNUS
VOLKSWAGEN
+80.000 kr.**



VW Polo Trend & Style:

2.690.000 kr.

Sjálfskiptur: 2.990.000 kr.

Volkswagen Polo. Fyrir alla muni.

Þegar þú hefur kynnst gæðunum, þægindunum og tækninni sem Volkswagen Polo býr yfir duga engar málamiðlanir. Komdu í reynsluakstur og finndu gæðamuninn.

Staðalbúnaður í Trend & Style

- | | | | |
|----------------------------|------------------------------------|--|--|
| • Hiti í framsætum | • Nálgunarvarar að aftan og framan | • Start/Stop búnaður | • Stöðugleikastýring |
| • Hraðastillir | • Skyggðar rúður | • Halogen aðalljós | • Spólvörn |
| • Leðurklætt aðgerðarstýri | • 15" Estrada Álfelgur | • Bluetooth búnaður fyrir síma og afspilun | • Composition Touch útvarp m/4 hátölurum |
| • Litaskjár í mælaborði | | | |



Das Auto.





VW Golf GTD
A7 2.0

2014 **4.950.000** KR



VW Up
1.0 Take up

2012 **1.450.000** KR



Skoda Octavia III
1.4 G-TEC

2015 **3.390.000** KR



Skoda Citigo
Active

2014 **1.520.000** KR



MM Pajero
Instyle 3.8

2007 **3.150.000** KR



MM Outlander
Intense 2.0 4x4

2014 **4.750.000** KR



Raf / Bensín 13
Ekinn þús. km. 30
Myndir á vef
Disil
Fjór hjóladrif 4x4
Metan & bensín ECO
Sjálfskiptur A
Beinskiptur H
Rafmagnsbíll

**Haustlægð með
krappri beygju**

Hlýtt inni*

*Nýr. hlýr sýningasalur á Kletthálsinum



VW Caravelle
2.0 TDI 4Motion

2013 **5.490.000** KR



Skoda Octavia
Terno 1.9 TDI

2008 **1.390.000** KR



Renault Clio IV
1500 Dynamic

2014 **2.550.000** KR



Ford Ka
Trend plus

2015 **1.490.000** KR



**NOTAÐIR
BÍLAR**

HEKLA

Klettháls 13 · HeklaNotadirBilar.is · 590 5040



Mótmæla höfrungavertið



Dýraverndarsinnar hópuðust saman fyrir utan japanska sendiráðið í Lundúnum, höfuðborg Bretlands, og mótmæltu árlegum höfrungaveiðum Japana í gær. Árlega halda Japanar til veiða og landa höfrungum og hvólum í japanska bænum Taiji. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Gera ráð fyrir fleiri íbúðum í skipulagi

Borgarráð samþykkti samhljóma að fjölga íbúðum í Úlfarsárdal. Framsóknarmenn og flugvallarvinir segja þetta jákvætt enda hafi þeir átt tillöguna. Sjálfstæðismenn gagnrýna að loforð við Knattspyrnufélagið Fram séu svikin.

REYKJAVÍKURBORG Endurskoða á deiliskipulag Úlfarsárdals til að samræma það forsendum aðalskipulags Reykjavíkur um fjölgun íbúða og uppbyggingu og stækkun Úlfarsárdalshverfis. Borgarráð samþykkti tillögu þessa efnis á fimmtudag.

Tillagan var breytingartillaga meirihlutans við tillögu borgarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina, sem sögðu jákvætt að meirihlutinn væri í raun að samþykkja þeirra tillögu. Með því væri verið að sýna því skilning að í Reykjavík vantaði litlar, ódýrar íbúðir fyrir ákveðna hópa, til dæmis ungt fólk sem ætti lítið eða ekkert eigið fé, kæmist ekki í gegnum greiðslumat og leigði langt umfram greiðslugetu. Einnig fyrir eldra fólk sem hefði margt misst húsnæði sitt.

„Þetta eru hópar sem eru algerlega hornreka í húsnæðisstefnu borgarinnar og biðlund þeirra eftir ódýru húsnæði í miðborginni, sem fyllist óðum af ferðamannaíbúðum og hótélrymum, er komin að þölmörkum,“ bókðu fulltrúar Framsóknar og flugvallarvina.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins studdu breytinguna og sögðust ítrekað hafa bent á þörfina fyrir stærra Úlfarsárdalshverfi.

Sjónarmið Fram vegna flutningsfélagsins og uppbyggingar á nýju félagssvæði þess eru réttmæt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks

„Núverandi íbúar hverfisins gerðu ráð fyrir stærra hverfi þegar þeir fjárfestu í húsnæði. Stærra hverfi styður við öflugra íþróttafélag, meiri möguleika á allri þjónustu og það kemur til móts við mikla þörf fyrir ódýrara íbúðarhúsnæði í borginni. Stækkun hverfisins er því mikilvægur þáttur í því að gera ungu fólk auðveldara fyrir að koma sér þaki yfir höfuðið,“ bókðu sjálfstæðismenn sem fyrir á borgarráðsfundinum höfðu gert aðstæður Knattspyrnufélagsins Fram að umræðuefni.

„Sjónarmið Fram vegna flutningsfélagsins og uppbyggingar á nýju félagssvæði þess eru réttmæt,“ bókðu sjálfstæðismenn sem gagnrýndu meirihlutann fyrir að bregðast ekki nógu hratt við bréfi Fram um uppbyggingu íþróttastöðu í Grafarholti-Úlfarsárdal.

„Borgarstjórn ber að standa við

þau fyrirheit um íbúafjölda, sem gefin voru þegar framkvæmdir hófust við íþróttasvæði Fram í Grafarholti-Úlfarsárdal árið 2008. Félagið hefur ásamt íbúum þessara hverfa sýnt borginni ríkulegan samstarfsvilja og biðlund vegna seinkunar, sem varð á uppbyggingu vegna efnahagsfalla í þjóðfélaginu á sínum tíma,“ bókðu fulltrúar Sjálfstæðisflokks.

Fulltrúar meirihlutflokkanna svörðu því til að ljóst væri að upphaflegar áætlanir um uppbyggingu í Úlfarsárdal myndu ekki koma til framkvæmda fyrir 2030 þar sem skipulagsáætlanir byggðu á markmiðum um sjálfbæra þróun og hagkvæma uppbyggingu borgarinnar.

„Í öllum viðræðum við forsvarsmenn íþróttafélagsins Fram hefur þessu verið haldið til haga. Ljóst er að ekki er vilji fyrir því að breyta forsendum aðalskipulags til þess að koma til móts við óskir forsvarsmanna Fram um íbúafjölda í Úlfarsárdal, enda stendur stærð hverfisins miðað við núverandi áætlanir fyllilega undir því að geta haldið uppi öflugri íþrótt- og tómstundastarfi fyrir börn og ungmenni,“ bókðu fulltrúar Samfylkingar, Besta flokksins, VG og Pirata. gar@frettabladid.is

VIÐ TÓKUM ÁKVÖRÐUN: AÐ VEITA BESTU BANKAÞJÓNUSTU Á ÍSLANDI ...

... svo þú eigir
auðveldara með að
taka þínar ákvarðanir

Sumar ákvarðanir um fjármál eru hversdagslegar, aðrar með þeim mikilvægustu á lífsleiðinni. Okkar hlutverk er að veita þér bestu ráðgjöf, fræðslu og þjónustu sem völ er á til að auðvelda þér að taka þínar ákvarðanir.

Við tökum vel á móti þér í næsta útibúi og á islandsbanki.is





KVÍKA

kvika.is



*Leiðandi þekkingarafl birtir þér ótal ný tækifæri.
Við erum banki umbreytinga.*

Erlend sérþekking?



Kristin Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Síminn var formlega skráður á markað í liðinni viku eftir hlutfjárútboð. Nú síðast fór fram almennt útboð þar sem hlutir í félaginu fóru á genginu 3,3. Áður höfðu vildarviðskiptavinir Arion banka fengið að kaupa á genginu 2,8. Í ágúst keypti svo hópur kringum stjórnendur félagsins um fimm prósent hlut á genginu 2,5.

Ljóst er að þeir hópar sem þjófstörtuðu hafa fengið í sinn hlut mikinn pappírshagnað. Þegar þetta er skrifað er gengi Símans um 3,5 krónur á hlut. Samkvæmt því hefur ágústhópurinn fengið um fjórtíu prósent ávöxtun á fjárfestingu sína og hefur virði hlutarins í krónum aukist um rúmar 500 milljónir.

Af umræðu á Alþingi og í samfélaginu að dæma mætti halda að óafsakanlegt sé að hleypa hópi fólks í hlutfahópinn á afslætti. Það geta hins vegar verið ríkar ástæður til að lokka tiltekna fjárfesta að borðinu. Í tilviki Símans hefði átt að vera nokkuð óumdeilt að fjárfesting stórs alþjóðlegs fjarskiptafyrirtækis eins og BT í Bretlandi eða skandinavíska risans Teliasonera hefði styrkt bæði ásýnd og innviði Símans og veitt aðgang að verðmætri sérþekkingu.

Þetta voru einmitt rök Halldórs Bjarkars Lúdvígssonar hjá fyrirtækjaráðgjöf Arion. Hann að sagði það myndi styrkja félagið og útbóðið að fá „alþjóðlega fjárfesta með reynslu af fjárfestingum og fjarskiptum í fjölda landa“.

Við skoðun á hópnum sem keypti fimm prósentin kemur í ljós að þar kennir ýmissa grasa. Þar er meðal annars hollenski fjarskiptasérfræðingurinn Bertrand Kan sem hefur að baki reynslu í fjarskiptabransanum, en önnur erlend nöfn í hópnum virðast koma úr bæði fjarskipta- og bankageiranum.

Hitt er óljósara hvers vegna nöfn Arna Haukssonar og viðskiptafélaga hans Hallbjörns Karlssonar og Sigurbjörns Þorkelssonar blandast í málið. Hingað til hafa þeir fremur látið til sín taka í smásölu eða bankastarfsemi en fjarskiptarekstri. Hlutur þessara þriggja vegur þyngst í hópi þeirra sem fengu að kaupa í ágúst, og gerir lítið úr þeirri áherslu sem lögð var á erlendan vinkil í hópnum.

Við einkavæðingu bankanna í upphafi aldarinnar var sömuleiðis mikil áhersla lögð á aðkomu erlendra fjárfesta. Sú varð þó ekki raunin þótt mikið væri gert úr aðkomu þýska bankans Hauck & Aufhauser að kaupum á Búnaðarbankanum. Frá þeim banka heyrðist síðan hvorki hósti né stuna.

Ekki nema von að sporin hræði.

Fólk getur haft skoðanir á því hvort þetta mannvall réttlæti afsláttarkjör af Símahlutnum. Eitt er víst að stjórn Símans samþykkti þennan ráðahag, þar á meðal fulltrúar sem þar sitja í skjóli lifeyrissjóðanna.

Vonandi lá þar að baki nákvæm skoðun á samsetningu hluthafahópsins og málefnalegt mat á því sem þeir höfðu fram að færa.

Íslenskur hlutabréfamarkaður þarf á slíkum vinnubrögðum að halda.



Fólk getur haft skoðanir á því hvort þetta mannvall réttlæti afsláttarkjör af Símahlutnum. Eitt er víst að stjórn Símans samþykkti þennan ráðahag, þar á meðal fulltrúar, sem þar sitja í skjóli lifeyrissjóðanna.

Gunnar



Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir Með öxi í höfðinu



Það hrikir í stoðum vinasambands Íslands og Bandaríkjanna. Í síðustu viku sendi Barack Obama okkur Íslendingum diplómatiskan löðrung yfir Atlantshafið. Nei, ég er ekki að tala um hótanir um refsiaðgerðir vegna hvalveiða Íslendinga. Ég er að tala um Leif Eiríksson. Barack Obama eignaði Leif heppna – okkar Leif – Norðmönnum! (Er einhver búinn að láta Sigmund Davíð vita?) Orð sín um Leif lét Obama falla á degi Leifs Eiríkssonar sem fagnað er 9. október í Bandaríkjunum ár hvert. Fréttum af deginum fylgdu þær skýringar að dagurinn væri hálfgerð hátíðarlúfa, dagur sem fær vissu af og flestum stæði á sama um. Aðeins fjórum dögum síðar, þann 12. október, héldu Bandaríkjamenn upp á annan hátíðisdag, alvöru tyllidag með skrudgöngum, blöðrum og fríi í vinnunni: Dag Kristófers Kólumbusar. Á Kólumbusardegi er fundi Ameríku árið 1492 fagnað. Dagurinn var gerður að opinberum frídegil árið 1937. Á þeim tíma voru siglingar norrænna manna til Ameríku að fornu einungis sögusagnir sem engar haldbærar sannanir fundust fyrir. Það má því fyrirgefa Bandaríkjamönnum að hafa veitt Kólumbusi titilinn „gaurinn sem fann Ameríku“. En nú vitum við betur.

Hvað var þetta Vinland?

Árið 1926 ákvað ungur Norðmaður, Helge Ingstad, að nafni, að selja lögfræðiskrifstofuna sína, leggjast í ferðalög og skrifa bækur um það sem bar fyrir augu. Einn daginn fékk Helge aðdáendabréf frá lesanda. Fyrsta skrefið var stigið. Senn yrði ein mesta ráðgáta þjóðveldisaldar leyst. Lesandinn hét Anne Stine Moe og þau Helge tóku að skiptast á bréfum. Þótt Anne Stine væri tuttugu árum yngri en Helge urðu þau skotin hvort í öðru. Anne Stine var fornleiffræðingur og þegar þau giftu sig árið 1941 urðu þau ekki aðeins hjón heldur líka samstarfsfélagar.

Helge hafði lengi haft áhuga á Íslendingasögnum. Eiríks saga rauða var í sérstöku uppáhaldi, einkum frásögnin af Leifi, syni Eiríks, sem fann land vestan við Grænland sem hann kallaði Vinland. Helge Ingstad fékk Vinland á heilann. Gat verið að Vinland væri Norður-

Ameríka? Margir létu sig dreyma um að sú væri raunin; að það sem stóð í Eiríks sögu rauða væri satt. En enginn gat sýnt fram á það.

Dularfulla kortið

Árið 1957 vöknudu vonir um að sönnunin væri fundin. Heimsbyggðin stóð á öndinni. Ástæðan var landakort. Kortið var dularfullt. Það var teiknað á skinn og var sagt vera frá árinu 1440. Kortið fannst í Sviss en enginn vissi hvar það hafði verið niðrkommið öll árhrundruðin áður en það fannst. Kortið var kallað Vinlandskortið. Í nafngiftinni fólst ástæða þess að kortið var merkilegt: Á því mátti sjá Ameríku – en á kortinu var hún kölluð Vinland. Ef kortið var í alvörunni frá árinu 1440 þýddi það aðeins eitt: Evrópubúar vissu af Ameríku mörgum áratugum áður en Kólumbus átti að hafa fundið hana. En kortið hafði ekki fyrr verið afhjúpað en fræðimenn fóru að rifast um hvort það væri ósvikið. Rannsóknir voru gerðar á blekinu sem kortið var teiknað með og þóttu þær benda til þess að það væri ekki frá 1440 heldur miklu yngri. Draumurinn um að hægt væri að sanna að Leifur heppni hefði fundið Ameríku var við það að verða að engu.

En þá komu Helge og Anne Stine til bjargar.

Helge var sannfærður um að Eiríks saga rauða væri sönn. Hann ferðaðist um strendur Nýfundnlands, Nova Scotia og Quebec fötgangandi, á bátum og með þyrpum í leit að sönnunargögnum. Árið 1960 benti hópur sjómanna þeim Anne Stine á grasi vaxnar rústir á stað sem kallaðist L'Anse aux Meadows á norðurodda Nýfundnlands. Anne Stine hafði umsjón með að grafa upp fornminjarnar. Tóftirnar voru íslenskar í útliti. Kólumbus var ekki fyrstur Evrópumanna til að finna Ameríku.

Afturganga eða Sigmundur Davíð

Á degi Kólumbusar síðastliðinn mánudag brá íbúum Detroit í Bandaríkjunum í brún er þeir gengu fram hjá ráðhúsi borgarinnar. Í höfði stytta af Kólumbusi var öxi. Ósagt skal látið hvort þar hafi verið að ferð afturganga Leifs Eiríkssonar að krefjast vegtyllu sinnar – já, eða Sigmundur Davíð.

Orlofsnefnd húsmæðra í Reykjavík

AÐVENTUFERÐ TIL KOBLENZ 10. TIL 13. DESEMBER 2015

Í desember eru flestar þýskar borgir baðaðar jólaljósum og einstök jólastemming svífur yfir vötnum. Í aðventuferðum Orlofsnefndar húsmæðra í Reykjavík er hægt að upplifa jólamarkaðsstemningu í Koblenz og Rudesheim. Vegna fjölda umsókna, í aðventuferðir Orlofsnefndar húsmæðra í Reykjavík, í ár var ákveðið að bæta við þriðju aðventuferðinni. Ferðin verður farin þann 10. til 13. desember 2015 til Koblenz eins og kemur fram hér að ofan.

AÐVENTUFERÐ TIL KOBLENZ 10. - 13. DESEMBER 2015

Bókun er hjá Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónassonar í síma 511-1515

Einnig er hægt að bóka hjá formanni orlofsnefndarinnar Huldu Ólafsdóttur sími: 896-0677 eða gjaldkera Hönnu Dóru Þórisdóttur sími: 867-8697

Innifalið: Flug, gisting í tvíbýli, morgun-og kvöldverður, allur akstur og íslensk fararstjórn.

30% afsl. af öllum vörum!

Aðeins þessa helgi. Ópið laugardag 11 -16 og sunnudag 13 -16.

-30%



Stóll PB home, kr. 78.000,-
nú kr. 54.600,-



Púði PB home, kr. 7.400,-
nú kr. 5.180,-



Lukt Hübsch, frá kr. 26.800,-
nú frá kr. 18.760,-



Glerbox Hübsch, frá kr. 6.200,-
nú frá kr. 4.340,-




Lukt Hübsch, kr. 8.900,-
nú kr. 6.230,-



Leðursófasett Asiana 3+1+1, verð frá kr. 498.000,-, nú frá kr. 348.600,-



Spegill 77x118 cm Riverdale, kr. 46.500,-



Kerti Riverdale, frá kr. 1.300,-
nú frá kr. 910,-



Blómavasi LSA, kr. 3.900,-
nú kr. 2.730,-



Motta 80x220 PB home, kr. 22.000,-
nú kr. 15.400,-

HEIMAHÚSIÐ

Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Ópið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16.

ADHD er eiginleiki



Vilhjálmur Hjálmarsson einstaklingur með eiginleika ... og ADHD



Ég skildi loks hvernig ég gat áorkað öllu sem ég kom í verk, en nagaði samtímis af mér bæði handarbökin fyrir ótalin aulamistöð og endalausa frestunaráttu.

Allir fá eitthvað í vöggugjöf og annað bætist við á lífsins leið. Ég fæddist með ADHD. Sú staðreynd skilgreinir mig ekki. Þetta er bara eiginleiki sem ég erfði frá mínum foreldrum og er órjúfanlegur hluti af mér. Mitt verkefni er hins vegar að fækka þeim stundum sem ADHD er mér flækjufótur og skapa aðstæður þar sem athyglisbresturinn nýtist mér sem jákvæður eiginleiki.

Fram undir þrítugt vissi ég ekkert af þessum eiginleika. Þjó við gott atlæti, gekk vel í skóla, blómstraði í félagslífinu en skildi ómögulega hvað olli þessu þunglyndi sem ég faldi alla tíð svo afskaplega vel. Slysast loks til geðlæknis sem mér til undrunar stakk upp á ADHD greiningu.

Audvitað gera allir mistök og klúðra hlutunum. Stundum. En fyrir einstakling með ADHD er þetta hluti daglegs lífs. Alltaf.

Þar með heyrði þunglyndið sögunni til. Ég skildi loks hvernig ég gat áorkað öllu sem ég kom í verk, en nagaði samtímis af mér bæði handarbökin fyrir ótalin aulamistöð og endalausa frestunaráttu.

Um leið áttaði ég mig á hvernig ákveðin „trikk“ höfðu gert mér kleift að fúnkera jafn vel og raunbar vitni. Þetta var minn lykkill að því að snúa minni vöggugjöf upp í jákvæðan eiginleika.

Október er alþjóðlegur ADHD vitundarmánuður. Í ár völdu ADHD samtökin að varpa kastljósi á okkar yngstu þegna, m.a. með útgáfu á bókinni „Leikskólar og ADHD, 25 ráð og verkfæri“ ásamt málþingi þann 30. október um leikskóla og ADHD. Segir sig enda sjálf að því fyrir sem rétt greining liggur fyrir, því auðveldari verður eftirleikurinn.

Þú getur lagt þitt af mörkum með því að berjast gegn staðalímyndum og fordómum. Mundu bara næst þegar einhver kverúlantinn slengir fram að „allir séu nú með ADHD stundum“ – þá getur þú sagt pollrólega: Nei, ég veit betur!



Hlutverk forseta?



Stefán Jón Hafstein í áhugahópi um samfélagsmál og sjálfbæra þróun

Álitsgjafar og umræðustjórar hnyta í forseta Íslands fyrir að vilja hugsa sinn gang um framboð á ný. Það er ósanngjarnt. Ef forseti þarf að hugsa um framboð 2016 hefur hann til þess fullt leyfi, eins og allir kjörgengir Íslendingar sem hafa sama rétt. Eins má forseti skipta oft um skoðun á þessu sama máli, fyrir nýársávarp og eftir, rétt eins og allir aðrir. Það er nefnilega grundvallarmisskilningur að umræða um hlutverk, tilgang og eðli embættisins í framtíðinni, sem og hugsanleg framboð, byggi á einum manni. Um næsta forseta fer fram þjóðaratkvæðagreiðsla og tímabært að huga að hlutverki og tilgangi embættisins á breyttum tímum.

Ábyrgðin er okkar

Þar sem áhrif embættisins og hlutverk er á ábyrgð þjóðarinnar er það skylda okkar að hefja þessa umræðu. Það er ekki bara forsetaembættið sem hefur þróast á liðnum árum heldur samfélagið allt. Nýtt samfélagsmismengi myndaðist með eftirminnilegum hætti í Hruninu fyrir sjö árum og við höfum ekki unnið úr því enn. Þegar horft er til forsetaembættisins og mikilvægrar kosningar á næsta ári er fráleitt að einblína á stöðuna eins og hún er núna, heldur verður að vega og meta þá framtíð sem við viljum skapa og hvert hlutverk forseta er í því efni.

Stjórnarskráin er brotalöm

Dr. Svanur Kristjánsson hefur skrifað merkilegar greinar um forsetaembættið á liðnum árum. Í einni þeirra segir: „Stjórnarskráin var samin til bráðabirgða fyrir 70 árum. Alþingi gaf þjóðinni þá fyrirheit um endurskoðun hennar... Ekki hefur enn verið staðið við þau loforð. Íslendingar hafa ekki enn valið sér leið til lýðræðis. Á meðan halda áfram endalausar deilur um meginatriði í stjórnarskrá og stjórnskipun landsins. Hvað eftir annað blossa t.d. upp hatrömm átök um stöðu forseta Íslands í stjórnskipun, enda ákvæðin um völd hans og ábyrgð mjög óljós – svo ekki sé fastar að orði kveðið. Íslendingar hafa ekki enn náð samkomulagi um leiðina til lýðræðis. Á meðan verður draumurinn um lýðræði í íslensku lýðveldi sífellt fjarlægari. Skipverjar sem sigla án áttavita ná sjaldnast til hafnar. Hættulegar hafvillur verða yfirleitt þeirra hlutskipti.“

Í ljósi þessara orða er beinlínis ábyrgðarlaust að fjalla ekki um hvers er að vænta við næstu forseta kosningar og hvers þjóðin væntir af forseta.

Umræðuvettvangur um hlutverk forseta

Í vikunni sendi ég út bréf til nokkur hundruð Íslendinga og kynnti opinn umræðuvettvang um þetta efni, auk þess sem þar er að finna könnun á afstöðu fólks til embættisins. Í bréfinu sagði: „Forseti Íslands er áhrifavaldur, afstaða hans til samfélagsmála er mikilvæg eins og ráða má af framgöngu allra þeirra sem gegnt hafa embættinu á lýðveldistímanum. Því miður er staðan sú að stjórnarskráin gefur talsvert svigrúm til frjálsegrar túlkunar á hlutverki og framgöngu forseta. Næsti forseti Íslands þarf því að hafa skýrt umboð til að tala máli almanna-



Um næsta forseta fer fram þjóðaratkvæðagreiðsla og tímabært að huga að hlutverki og tilgangi embættisins á breyttum tímum.

hagsmuna og beita áhrifum embættisins til góðs. Forseti er þjóðkjörinn, áhrifavald embættisins er þjóðareign. Að mínu mati verðum við að ihuga vandlega hvernig við viljum að forsetaembættinu verði beitt á næstu árum og það gert að jákvæðu afli í þágu almannahagsmuna.

Hvaða hagsmunir eru það? Í fyrsta lagi eru það skýrir almanna-hagsmunir að gerðar verði lýðræðisumbætur sem feli í sér auknið áhrifavald almennings á framvindu mála með beinum hætti. Í öðru lagi verður forseti að hafa langtímasýn um réttláta samfélagsgerð og brýna fólk í því efni. Forseti á að vera óbilandi vörður réttlætis og lýðræðis-legra aðferða með synjunarvaldi sínu til að taka í taumana þegar tilefni gefst til og leggja í dóm þjóðarinnar. Almennt séð á forseti að hlusta á, skilja og leiða saman ólík sjónarmið og túlka í þágu menningar, lýðræðis, jafnréttis og fram-sækni í umhverfismálum.“

Hvað vill fólk?

Þess vegna er ekki eftir neinu að biða. Virkt lýðræði kallar á ábyrgð, athafnir og umræðu, ekki umkomulausa bið eftir boðskap að ofan. Á Fésbók má finna síðuna „Hlutverk forseta“ og þar er hlekkur á spurningalista sem gaman og áhugavert er að spreyta sig á – og er öllum opin.

VANDAÐ, HAGKVÆMT, HRATT


Verkefni ríkisstjórnarinnar um hagkvæmar húsnæðislausnir

Upphafsfundur „Vandað, hagkvæmt, hratt“ verkefnisins verður haldinn á Hilton Reykjavík Nordica miðvikudaginn 21. október nk. á milli kl. 8:30 og 11:00.

Til fundarins boða félags- og húsnæðismálaráðherra, iðnaðar- og viðskiptaráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra í samstarfi við viðeigandi undirstofnanir ráðuneytanna og Samtök iðnaðarins.

Tilgangur fundarins er að fá fram góðar hugmyndir að leiðum til að lækka byggingarkostnað og hleypa aðgerðum ríkisstjórnarinnar úr vör. Áhugafólk um húsnæðismál, sem og þeir hagsmunaaðilar sem málefnið snertir, er hvatt til að mæta.

Skráning og nánari upplýsingar á velferdarraduneyti.is.



VERKFERA SALAN

Milwaukee

Nothing but **HEAVY DUTY.**

Verð Kr. 84.900,-



Hefill M18 BP-402C
Geta: 82mm x 0-2mm.
Fals: 10,7mm. 2x4,0Ah rafhlöður.
MW 4933 4511 14

Verð Kr. 29.900,-

M18



Vifta M18 AF-0
Spenna: 18V og 230Volta
Loftmagn: 1290m³ klst. Án rafhlöðu.
MW 4933 4510 22

Verð Kr. 117.900,-

135Nm. ÁTAK

Hleðsluhöggborvél M18 FPD-502C
16mm með höggi og skrufvél
2x5,0Ah rafhlöður
MW 4933 4512 53



Verð Kr. 134.900,-

1626Nm. LOSUN

Herslulykill 3/4" M18 CHIWF34-502C
Átak: 508/1016Nm.
2x5,0Ah rafhlöður
MW 4933 4481 05



Verð Kr. 399.900,-

M18 FUEL



Segulstandsborvél M18 FMDP-502C
Geta: 38mm.
Hleðsla: 40 göt 18mm. í 6mm. stál.
2x5,0Ah rafhlöður.
MW 4933 4510 12

Verð Kr. 140.900,-

M18 FUEL



125mm Slípirokkur með bremsu M18 CAG125XPDB-502C
2x5,0Ah rafhlöður.
MW 4933 4510 11

M18



Pressfittings tång M18 BLHPT-202C
Geta: 110mm. 2x2,0Ah rafhlöður.
MW 4933 4511 32

Síðumúla 11 - 108 Reykjavík Sími 568-6899
Póstfang: vfs@vfs.is Netsíða: www.vfs.is

Est þú...

...fagmaðurinn sem við leitum að?

Hóptímaþjálfarar, einkaþjálfarar, jógakennarar,
Zumbakennarar, danskennarar, sjúkraþjálfarar, pilateskennarar.
Við viljum fá ykkur til liðs við okkur í ýmis spennandi verkefni.

Nánari upplýsingar á www.hreyfing.is/fagmennoskast fyrir 1. nóv.



HREYFING

Tenórar deila



Kristján Jóhannsson
Gunnar Guðbjörnsson
tenórar og kennarar við Söngskóla Sigurðar Demetz

jafnvel langlundargeði tenóra eru takmörk sett.

Verður ekki til af sjálfu sér

Í vor birti yfir um hríð. Þá leit út fyrir að samkomulag næðist milli Reykjavíkurborgar, Sambands íslenskra sveitarfélaga og ríkis um að fjármagna í sameiningu björgunarpakka til að bjarga tónlistarskólunum í Reykjavík sem eru í alvarlegum fjárhagsvanda frá gjaldþroti. Forystufólk skólanna, stjórnmalámennt og embættismenn töldu allir að eftir samþykki Alþingis á veigamiklu atriði tengdu samkomulaginu væri skólustarf að hausti tryggt. Bjartsýni ríkti í okkar röðum. En það dimmdi snemma þetta haustið.

Þegar skólarnir hófu undirbúning að skólustarfinu í ágúst kom í ljós að ríkið gerði ekki ráð fyrir fjárveitingu til björgunarpakkans. Menntamálaráðherra lýsti yfir að hann vildi engan veginn taka á sig skuldbindingu sem væri á ábyrgð Reykjavíkurborgar þó að samkomulagið gerði ráð fyrir að hlutur ríkisins yrði nýttur til að fjármagna nám nemenda á háskólastigi. Ekki sjáum við félagar ástæðu til að skipta okkur af því hver borgar hvað en okkur finnst full ástæða til að fullorðið og skynsamlegt fólk leiti nú lausna á máli sem fulltrúar allra flokka höfðu sameinast um í vor en að því er virðist gleymt í sumarlok. Stendur málið upp á stjórnmalámennt sem hafa ekki sist notið eldanna sem söngvarar hafa tendrað gegnum tíðina. Sama á að sjálfsgöðu við um annað listafólk en því má ekki gleyma að það verður ekki til af sjálfu sér. Oftast nær er listskópun þess afrakstur þrotlauss náms og æfinga.

Stefnir lóðbeint í þrot

Frá árinu 2011 hefur mið- og framhaldsstig í söngmenntun verið háð greiðslum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga en greiðslurnar duga ekki fyrir kennslukostnaði. Sá kostnaður var ákveðinn í kjarasamningum sem skólarnir höfðu enga aðild að aðra en að greiða hann. Á meðan tónlistarskólar



Okkur grunar að einhverjir Íslendingar séu fegnir að við fengum tækifæri til að slípa steinana okkar undir handleiðslu Sigurðar Demetz. Nú viljum við fá tækifæri til að slípa steina næstu kynslóðar án þess að þurfa að lifa í stöðugum ótta um framhaldið.

með áherslu á hljóðfæranám glíma aðeins við vanfjármögnun á kennslu þriðjungs nemenda sinna líða heilir 2/3 hlutar söngkennslu fyrir þetta ástand. Og það munar miklu því að bilið milli raunkostnaðar kennslu og þess sem skólarnir fá úr Jöfnunarsjóði eru um 40 prósent. Þá fjármuni klípa skólarnir af skólagjöldum nemenda sem nota á til að greiða rekstrarkostnað. Söngskólarnir eru orðnir svo aðþrengdir að rekstur þeirra stefnir lóðbeint í þrot.

En aftur að okkur tveimur. Okkur grunar að einhverjir Íslendingar séu fegnir að við fengum tækifæri til að slípa steinana okkar undir handleiðslu Sigurðar Demetz. Nú viljum við fá tækifæri til að slípa steina næstu kynslóðar án þess að þurfa að lifa í stöðugum ótta um framhaldið. Við skorum á menntamálaráðherra og borgarstjóra að ganga strax til verka og bjarga þessum málum. Ákvörðun um lokun skólans okkar nálgast óðfluga og verður að liggja fyrir áður en nóvembermánuði lýkur. Það er því mikilvægt að bjarga okkur ekki aðeins fyrir horn með einhverjum bráðabirgðalausnum heldur verða stjórnvöld að efna til samtals um framtíð söngmenntunar á Íslandi samstundis eigi henni ekki að vera stefnt í glötun. Við viljum gjarnan, eins og fleiri sem vinna að söngmennt á Íslandi, eiga það samtál.



Túnin á Almenninum. Rjúpnafell og Mýrdalsjökull í baksýn. Mjög misjafnt er hve túnin eru mikið beitt, sum mikið en önnur lítið eins og hér sést.

MYND/GUÐMUNDUR KR. JÓHANNESSON

Túnrækt á Almenninum norðan Þórsmerkur



Ólafur Arnalds
prófessor við
Landbúnaðar-
háskóla Íslands




Skilti við Þröngá norðan Þórsmerkur. Innfellda myndin sýnir hve skiltið er áberandi mannvirki í landslaginu.

Beit á Almenninum norðan Þórsmerkur hefur verið nokkuð í umræðunni enda afar umdeild. Bændur beita í samræmi við vafasama úrskurði ítölunefnda, en sérfræðingar um ástand lands og Landgræðsla ríkisins eru mótfallin þessari beit, sem setur náttúrulega endurheimt landgæða á svæðinu í uppnám. Nýlega birtist frétt á RÚV um smölun svæðisins, þar sem rætt var við bændur og aðra sem voru að smala afréttinn, en ekki þótti ástæða til að ræða við þá aðila sem eru mótfallnir beitinni. Á haustdögum gekk ég um afréttinn og kannaði þróun gróðurs á svæðinu eftir að bændur höfu beitina fyrir fjórum árum.

Það fyrsta sem mætir augum eru glögg skil í gróðurfari sem eru á milli Þórsmerkur og Almenninga. Þórsmerkur er eitt merkilegasta vistheimtarsvæði Evrópu og þótt víðar væri leitað, þar sem skógurinn vex upp á tugum ferkílómetra þar sem áður voru moldir og rofsvæði. Almenningar eru berangur í sambandi. Þar höfðu þó 20 ára friðun og landgræðsluáðgerðir skilað umtalsverðum árangri, áður en beit var hafin á ný. Ferð um svæðið leiddi í ljós að nýliðun birkis hefur hrúnið á svæðinu, eins og Skógrækt ríkisins hefur bent á (skogur.is). Segja má að Almenningar hafi verið á viðkvæmasta tímabili náttúrulegrar framvindu þegar beit var hafin á ný. Miklu kann að verða fórn að fyrir beit sem er að öðru leyti fullkomlega óarðbær og ónaúðsynleg.

Mikið skilti mætir ferðamanninum sem veður Þröngá á leiðinni inn á Almenninga eins og meðfylgjandi mynd sýnir, en sú leið liggur áfram allt norður í Landmannalaugar. Almenningar eru þjóðlenda, landsvæði í eigu þjóðarinnar, en bændur hafa beitarétt á svæðinu. Með öðrum orðum: einhverjir hafa tekið sér það fyrir hendur að setja upp skilti á svæðinu fyrir hönd eigenda svæðisins, þ.e. þjóðarinnar. Skiltið er raunar töluvert áberandi mannvirki á þessum stað og ekki er ljóst að það hafi neinn tilgang, því umgengni ferðamanna (göngufólks) er til mikillar fyrirmyndar. Það er áleitinn spurning hvort ekki hafi þurft leyfi eigenda svæðisins (sveitarfélagið og/eda stjórnarráðsins fyrir hönd þjóðarinnar) fyrir mannvirki sem þessu, eins og skýrt er tekið fram í lögum um þjóðlendu, „Enginn má... þar með talið að reisa þar mannvirki... nema að fengnu leyfi...“. En kannski var slikt leyfi einfaldlega veitt, hver veit?



Þá er orðið fyllilega tímabært að velta fyrir sér rétti þessara aðila til slíkra stórfelldra áðgerða og hvort þær brjóti einfaldlega í bága við lög um þjóðlendu.

Gríðarlegt inngríp í náttúrufar

Annað sem vekur athygli þegar komið er á Almenninga eru gríðarlegar uppgræðslur, einkum á svæðinu á milli Þröngár og Ljósár. Raunar væri allt eins rétt að tala um túnrækt til fódurframleiðslu og uppgræðslu. Eitt er að stunda endurheimt landgæða þar sem framkvæmdir fylgja faglegrri forskrift til þess að stuðla að náttúrulegri framvindu (oftast á friðuðu landi við þessar aðstæður). Annað er að viðhalda túngrósum á einu fallegasta og fjölsóttasta ferðamannasvæði landsins. Vissulega minnkar áburðargjöfin álag á annað land, en í raun er verið að rækta fódur fyrir sauðfé á svæðinu. Þetta er gríðarlega mikið inngríp í náttúrufar Almenninga. Þá er orðið fyllilega tímabært að velta fyrir sér rétti þessara aðila til slíkra stórfelldra áðgerða og hvort þær brjóti einfaldlega í bága við lög um þjóðlendu.

Sem fyrr sagði töldu sérfræðingar brýnt að Almenningar nyttu beitarfriðunar enn um sinn þar til vistkerfi svæðisins væru orðin beitarhæf. Þessi sjónarmið lutu í lægra haldi fyrir nýtingarsjónarmiðum og á afréttinn eru settar um 60 ær með um 120 lömbum, samtals um 180 fjár. Uppgræðslukostnaður (túnrækt) nemur milljónum (á fjórðu milljón í ár samkvæmt viðtölum í fjölmiðlum við bændur) að ótöldum kostnaði við að koma fénu á fjall og smala því aftur saman og koma því til byggða. Afurðirnar gefa því af sér að hámarki 810 þúsund krónur (15 kg fallþungi, 450 kr./kg). Ljóst er að beinn halli á þessari beitarnýtingu getur numið milljónum króna hvert ár og er þá umhverfiskostnaður ekki reiknaður með. Út frá hagrænu sjónarmiði er nýtingin því gersamlega galin. Og algerlega að nauðsynjalausu. Til hvers?

DÚNMJÚKT LÍN FYRIR HÓTEL OG FERÐA-ÞJÓNUSTUR



FASTUS

Veit á vandaða lausn

Verið velkomin í verslun okkar að Síðumúla 16
Opið mán - fös 8.30 - 17.00

Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is

KRAKKADAGAR Í ELLINGSEN

Lýkur í dag, laugardag

Full búð af vönduðum fötum, hlýir heilgallar, regngallar, ullarnærföt og skór fyrir kröftuga krakka á 20% afslætti.



Kivat húfur og vettlingar í miklu úrvali

ELDRI VÖRUR
50%
afsláttur

DIDRIKSONS
ONIDA
TILBOÐSVERÐ
2.392 KR.
VERÐ: 2.990 KR.

20%
afsláttur af
öllum barna-
vörum



DIDRIKSONS IZUSA
Stærðir 80-140 | Ýmsir litir
TILBOÐSVERÐ
11.120 KR.
VERÐ: 13.900 KR.



DIDRIKSONS ALANA
Stærðir 130-170 | Ýmsir litir
TILBOÐSVERÐ
15.192 KR.
VERÐ: 18.990 KR.



DIDRIKSONS BOARDMAN
REGNGALLI
Stærðir 80-130 | Ýmsir litir
TILBOÐSVERÐ
11.192 KR.
VERÐ: 13.990 KR.



MUCK BOOT HALE
Stærðir 27-37 | Ýmsir litir
TILBOÐSVERÐ
6.923 KR.
VERÐ: 9.890 KR.



DIDRIKSONS MONTE
Stærðir 80-130 | Ýmsir litir
TILBOÐSVERÐ
4.792 KR.
VERÐ: 5.990 KR.



DIDRIKSONS AMITOLA
Stærðir 80-140 | Ýmsir litir
TILBOÐSVERÐ
8.720 KR.
VERÐ: 10.900 KR.



COLUMBIA SNUG GALLI
Stærðir 68-86 | Ýmsir litir
TILBOÐSVERÐ
9.032 KR.
VERÐ: 12.890 KR.



VIKING FROST FIGHTER
Stærðir 21-35 | Ýmsir litir
TILBOÐSVERÐ
7.112 KR.
VERÐ: 8.890 KR.



DIDRIKSONS IMALA
SNJÓGALLI
Stærðir 80-140 | Ýmsir litir
TILBOÐSVERÐ
14.392 KR.
VERÐ: 17.990 KR.



DIDRIKSONS MONTE
Stærðir 80-130 | Ýmsir litir
TILBOÐSVERÐ
2.872 KR.
VERÐ: 3.590 KR.

LEITAÐU RÁÐA HJÁ OKKUR

Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK

Fiskislóð 1
Sími 580 8500

AKUREYRI

Tryggvabraut 1-3
Sími 460 3630

OPNUNARTÍMI

Mán.-fös. 10-18
Lau. 10-16

Meistararnir töpuðu í fyrstu umferð í Garðabæ

Al'onso Coleman, leikmaður Stjörnunnar, í baráttu við landsliðsmanninn Ægi Þór Steinarsson í Ásgarði kvöld. Stjarnan sendi skýr skilaboð með sigrinum á meisturunum og meistaraefnunum úr Vesturbænum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þungarokk á fóninn á Anfield

Liverpool spilar í dag sinn fyrsta leik undir stjórn Þjóðverjans Jürgens Klopp, „venjulega mannsins“ sem á að bjarga Liverpool frá meðalmennskunni og koma liðinu aftur á topp ensku úrvalsdeildarinnar.

FÓTBOLTI Enska úrvalsdeildin fer af stað að nýju í dag og fáir alvöru fót-boltaáhugamenn munu missa af fyrsta leik helgarinnar sem boðar nýja tíma hjá einum sigursælasta klúbbi enska boltans.

Tiunda sæti og aðeins einn sigur í sex leikjum þýddi endalok Brendans Rodgers í stjórstólnum á Anfield og það er óhætt að segja að sumir hafi horft ófundaraugum á þegar Jürgen Klopp samþykkti að taka við Liverpool-liðinu.

Klopp hefur verið einn eftirsóttasti og mest spennandi þjálfarinn á markaðnum eftir að hann náði ótrúlega flottum árangri með Borussia Dortmund í þýska boltanum þrátt fyrir að missa ítrekað sína bestu menn og vera að glíma við risana í Bayern München.

Hinn litríki Jürgen Klopp heillar alla upp úr skónum hvert sem hann fer enda eru menn enn að tala um fyrsta blaðamannafund hans sem knattspyrnustjóra Liverpool þar „Hinn venjulegi“ birtist fótboltaheiminum sem maður sem gæti búið til skemmtilegt lið í Bitlaborginni og sumum stuðningsmönnum Liverpool sem frelsarinn fæddur.

Klopp heldur mikið upp á þungarokk og hann vill að lið sín spili leikina á fullu gasi. Hann hefur verið að reyna að losa liðið úr viðjum slæma vanans frá tíma Rodgers og hefur kallað eftir meira hugrekki og meiri leikgleði hjá nýju lærisveinunum sínum í viðtölum við fjölmiðla.

„Við eigum að hlaupa, berjast, skjóta, verjast og sækja saman eins og fótoltinn litur út í okkar bestu draumum. Við þurfum að hafa hugrekkið til að láta vaða og gera mistök,“ sagði Jürgen Klopp.

Ellefu skref Jürgens Klopp á leiðinni á Anfield

Jürgen Klopp stýrir Liverpool-liðinu í fyrsta sinn í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

1990-2001 Jürgen Klopp spilar ellefu tímabil með Mainz 05 í þýsku b-deildinni, fyrst sem framherji í þrjú tímabil, þá sem miðjumaður í þrjú tímabil og loks sem varnarmaður. Klopp spilar alls 325 deildarleiki fyrir Mainz 05.

1998-2000 Jürgen Klopp spilar með Helga Kolviðssyni hjá Mainz 05 í þýsku b-deildinni en seinna tímabilið eru þeir saman í vörn liðsins. Klopp spilar aðeins eitt tímabil til viðbótar eftir að Helgi fór frá liðinu.

Febrúar 2001 Jürgen Klopp tekur við lið Mainz 05 og þjálfar það næstu sjö tímabil.

Vorið 2004 Jürgen Klopp kemur Mainz 05 upp í Bundesliguna í fyrsta sinn þar sem liðið spilar þrjú tímabil undir hans stjórn.

2005-2006 Mainz 05 tekur þátt í Evrópukeppni í fyrsta sinn og slær armenska liðið MIKA Ashtararak út úr fyrstu umferð forkeppni UEFA-bikarsins

25. ágúst 2005 Jürgen Klopp stýrir Mainz 05 til 2-0 sigurs á Keflavík á Laugardalsvöllinum og félagið vinnur þar með sinn fyrsta útisigur í Evrópukeppni.

Júlí 2008 Jürgen Klopp tekur við Borussia Dortmund sem hafði endað í 13. sæti tímabilið á undan. Dortmund hækkar sig um sjö sæti á hans fyrsta tímabili með liðið.

Vorið 2011 Jürgen Klopp gerir Borussia Dortmund að þýskum meisturum í fyrsta sinn í níu ár. Dortmund komst á toppinn í 10. umferð og leit ekki til baka eftir það.

12. maí 2012 Borussia Dortmund vinnur 5-2 sigur á Bayern München í bikarúrslitaleiknum og er þar með tvöfaldur meistari. Dortmund hafði tryggt sér þýska meistaratitilinn annað árið í röð þegar tvær umferðir voru eftir af deildinni.

25. maí 2013 Borussia Dortmund tapar 2-1 á móti Bayern München í úrslitaleik Meistaradeildarinnar á Wembley. Arjen Robben skoraði sigurmark Bæjara rétt fyrir leikslok.

2013-2015 Borussia Dortmund vinnur fimm silfurverðlaun á þremur síðustu tímabilum Jürgens Klopp með liðið og endar í 7. sæti á síðasta tímabili hans eftir skelfilega byrjun þar sem liðið var lengi í fallsæti. Sama vor tapar Dortmund bikarúrslitaleiknum annað árið í röð og nú fyrir VfL Wolfsburg.

Það hefur gripið um sig Klopp-æði meðal stuðningsmanna félagsins sem geta flestir ekki beðið eftir leiknum í dag en hver áhrifin verða á leikmennina á eftir að koma í ljós. Fyrstu vísbendingarnar koma fram á White Hart Lane í dag.

Það hjálpaði ekki í undirbúningnum að tveir sterkir leikmenn, Danny Ings og Joe Gomez, slitu krossband með dags millibili í vikunni. Í viðbót við það eru Benteke, Jordan Henderson og Firmino allir meiddir.

Fyrsti leikurinn er á útivelli og líka á móti sterku Spurs-liði sem hefur verið að gera góða hluti að undanförunu. Leikur Tottenham og Liverpool hefst klukkan 11.45 og verður í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport 2. ooj@frettabladid.is

Domino's-deild karla**Stjarnan - KR 80-76**

Stigahæstir: Justin Shouse 23, Al'onso Coleman 23 - Michael Craion 16, Pavel Ermolinskij 15/13 fráköst.

Magnús Bjarki Guðmundsson var hetja Stjörnunnar undir lokin þegar hann tók eigið frákast eftir vítaskot. Meistararnir tapa í fyrsta leik og Stjarnan sendir skýr skilaboð.

Þór Þ. - Keflavík 101-104

Stigahæstir: Vance Hall 31, Ragnar Nathanaelsson 18/13 fráköst - Earl Brown Jr. 23/16 fráköst, Magnús Þór Gunnarsson 25.

Valur Orri Valsson var iskaldur á vítalínunni undir lokin og tryggði Keflavík góðan sigur. Þórsarar voru klaufar að missa leikinn úr höndum sér á lokamínútunum.

Njarðvík - Höttur 76-74

Stigahæstir: Logi Gunnarsson 17, Marquise Simmons 14/13 fráköst - Tobin Carberry 30, Mirko Stefan Virijevic 15/10 fráköst.

Nýliðarnir stóðu sig vel í Ljónagryfjunni og komust í framlengingu en þar voru Njarðvíkingar aðeins of sterkir á lokasprettinum.

🐦 **Hendurnar á Craion minna á wisegrip tangir #styrkur @krkarfa #dominos365**

Páll Sævar Guðjónsson
[@PallSaevar](https://twitter.com/PallSaevar)

Evrópuleikir í handbolta**Grude A. - Fram 22-38**

Markahæstir: Ragnheiður Júlíusdóttir 8, Hildur Þorgeirsdóttir 7.

Framstúlkur voru einfaldlega betri og þarf eitthvað mikið að gerast ef Fram á ekki að komast í næstu umferð áskorendabikarsins.

Haukar - Zomimak 34-20

Markahæstir: Janus Daði Smáráson 10/2, Adam Haukur Baumruk 7.

Haukarnir eru í vægast sagt góðum málum fyrir seinni leikinn sem fer einnig fram í Schenker-höllinni.

Haopel - ÍBV 21-25

Markahæstir: Theodor Sigurbjörnsson 6, Magnús Stefánsson 3.

Eyjarnir unnu fyrri leikinn með fjórum mörkum en liðin mætast aftur um helgina.

Um helgina**Olis-deild kvenna**

L13.30 Valur - Fylkir Vodaf.-höllin
L13.30 ÍBV - KA/Þór Eyjar
L13.30 Haukar - Stjarnan Schenker
L14.00 Selfoss - Gróttá Hertz-höll.
L16.30 Fjölnir - ÍR Dalhús

Evrópuleikir í handbolta,

L16.00 Zomimak - HaukarSchenker
L18.00 Fram - Grude (kvk) Framhús

Dominos-deild kvenna

L15.00 Snæfell - Stjarnan Stykkish.
L16.30 Grindavík - Valur Röstin
L13.30 Haukar - Stjarnan Schenker
S19.15 Keflavík - Hamar Sláturhús

Dominos-deild karla

S19.15 Tindastóll - Stjarnan Síkið
S19.15 FSU - ÍR Iða
S19.15 Grindavík - Höttur Röstin

Það helsta á sportrásum

L11.35 Tottenham. - Liverpool. Sport2 HD
L13.50 Chelsea - A. Villa Sport3 HD
L14.50 Everton - Man U. Sport2 HD
L15.55 Kleice - Barca Sport HD
L16.20 Watford - Arse. Sport2 HD
S01.00 Golovk. vs Lemieux Sport HD
S12.55 Verona - UdineseSport 3 HD
S14.50 Newc. - Norwich Sport2 HD
S20.20 Packers - Chargers Sport HD
S21.00 Frys.com open Golfstöðin



Barcelona 80cm. verð áður 59.785 verð nú **38.860**



Iris 60cm. með efriskáp verð áður 81.960 verð nú **65.568**



Speglaskápar með ljósi
verð frá **20.400**



Handklæðaofnar
verð frá **11.671**



Salerni frá
Ceramics gala
30 ár á Íslandi

WC í vegg/gólf með mjúkloku
verð frá **31.519**



Upphengt WC með mjúkloku
verð frá **45.430 settið**



Glæsilegar handlaugar í mörgum stærðum og gerðum



Sturtuhorn verð frá **20.649**

Gæði, úrval og gótt verð!

Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 til 15
Ármúla 31 - Sími 588 7332

i-t.is



- fyrir þitt heimili



Hjalta Jón Sverrisson, Pétur Ármannsson og Brogan Davison leika í Petru. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Leikandi guðfræðingur í Petru

Verkið Petra fjallar um ævi steinasafnara og alþýðukonu frá Stöðvarfirði. Frumraun Hjalta Jóns á leiksviði.

Verkið Petra er innblásið af ævi frú Petru Sveinsdóttur, steinasafnara og alþýðukonu frá Stöðvarfirði sem safnaði svo mörgum steinum að úr varð stærsta steinasafn í veröldinni í einkaeign,“ segir Hjalta Jón Sverrisson, einn leikaranna í verkinu.

Verkið tekur til umfjöllunar minningar, fjölskyldusögur, listina og steina. „Petra var langamma Péturs Ármannssonar, æskuvinar míns, en Pétur er leikstjóri verksins og

eiginkona hans, Brogan Davison, er einnig í verkinu.“

Hjalta segir verkið hlýtt, frumlegt og hlægilegt. „Verkið segir sögu af sambandi ungs manns við langömmu sína, sögu sem gefur áhorfandanum tækifæri til að spegla og staðsetja sig í sinni eigin fjölskyldusögu og eins tengingu sinni við náttúruna.“

Hjalta vinnur á daginn í Laugarneskirkju með börnun og unglíngum sem umsjónarmaður æskulýðsstarfsins þar og sem tónlistarmaður, meðal annars með hljómsveitunum



ANNARS VAR ÞAÐ EINMITT PARTUR AF ÁSKORUNINNI AÐ GERA STEINA OG STEINASAFNIÐ ÁHUGAVERT Á SVIÐI.

MIRI og Krika. „Þá er ég að klára mastersnám í guðfræði við Háskóla Íslands og því var þetta mjög óvænt og krefjandi áskorun að vera beðinn um að leika í þessu verki og hefur teygt vel á þægindarammanum. Það er nefnilega merkilega krefjandi að leika sjálfan sig, en ég virðist þokkalega góður í því.“

Aðspurður segir Hjalta fátt eins áhugavert og steina. „Annars var það einmitt partur af áskoruninni að gera steina og steinasafnið áhugavert á sviði og eins líka reyndist það

áskorun að finna hvernig við gætum fjallað um Petru, því hún var í eðli sínu hógvær og safnaði alls ekki öllum þessum steinum frægðarinnar vegna heldur því það veitti henni lífsfyllingu. En einmitt þar, í lífsfyllingunni, er að finna það sem er svo áhugavert og spennandi að takast á við og reyna að galdra fram á sviðið. Er ekki þessi lífsfylling einmitt það sem við erum öll að leita að?“ segir Hjalta að lokum.

Petra er sýnd í Tjarnarbiói 17. og 30. október.

Um helgina, af hverju ekki að...

LESTU

Skuggasaga – Arftakinn eftir Ragnheiði Eyjólfsdóttur. Bókin hlaut Barnabókaverðlaunin í vikunni en þetta er bók fyrir fólk á öllum aldri sem kann að meta furðusögur.



Marta María Jónasdóttir, blaðamaður og dómari í Ísland Got Talent

SPARIGUGGAN TEKUR YFIR

Ég er að hugsa um að taka nýjan vinkel á lífið að einhverju leyti og slaka á. Þá þarf spariguggan að taka yfir sjálfið en hún þarf að baka fyrir afmæli eins af uppáhaldsmönnum í lífinu, sonarins.

FARÐU

í fuglaskoðun í Friðlandinu í Vatnsmýri sem hefst klukkan 15 að loknu málþinginu Fuglar í borg í Norræna húsinu.



Þorsteinn Bachmann leikari **TVÆR SÝNINGAR OG BAD-MINTON**

Ég er að leika tvær leiksýningar um helgina, föstudags- og sunnudagskvöld. Á laugardaginn er svo planið að skreppa í badminton, lesa handrit og hafa það náðugt með fjölskyldunni minni.

HLUSTAÐU

á Agent Fresco sem halda tónleika á Húrra í kvöld. Uppsett var á útgáfutónleikar sveitarinnar í Hörpu um mánaðamótin.



Álfrún Pálsdóttir, ritstjóri Glamour **ÆST Á HLIÐARLÍNUNNI**

Frumburðurinn er að fara að keppa æfingaleik með KR á móti Stjörnunni og ég verð að vanda æst á hliðarlínunni. Á sunnudaginn ætlar þessi sami frumburður að stiga sín fyrstu skref með barnakór Neskirkju svo þar verður mamman einnig – ekki jafn æst vonandi – á fremsta bekk samt.

HORFÐU

á fyrsta þáttinn af Rétti á sunnudaginn á Stöð 2 klukkan 21.35.



Hagspá Greiningardeildar Arion banka

Arion banki býður til morgunfundar þar sem
ný hagspá greiningardeildar verður kynnt.

Fundurinn verður haldinn miðvikudaginn 21. október
í höfuðstöðvum Arion banka, Borgartúni 19.

Dagskrá

8.15 Léttur morgunverður

8.30 Fundur settur

Efnahagshorfur 2015-2018: Á fullu stími – vörumst skerín
Anna Hrefna Ingimundardóttir, sérfræðingur í greiningardeild

Aftur til framtíðar í hagsveiflunni?
Hrafn Steinarsson, sérfræðingur í greiningardeild

9.30 Fundarlok

Skráning og upplýsingar um fleiri viðburði má finna á arionbanki.is ▶

Allir velkomnir.

 **Arion banki**
– Fyrir framtíðina



IDdesign

DEVON

Tungusvefnsófi.
Geymsla undir tungu.
Stærð: 241 x 160 x 86 cm

159.990 kr. ~~199.990 kr.~~



ASTRO

Olúborin eik á viðarlöppum. Fæst í fimm litum. Grár, appelsínugulur, rauður, dökkgrár og kakí-gulur.
Stærð: 77 x 73 x 82 cm

39.990 kr. ~~59.990 kr.~~



1.

TWIST

Nýr af nálinni, en er þó gamall í anda. Fáanlegur ljósblár, appelsínugulur, grár og dökkgrár. Gegnheil eikargrind og lappir.
Stærð: 84 x 90 x 94 cm



Stóll

69.990 kr.

Skemill

29.990 kr.

2.



3.



1. littala Maribowl 155 skálar í litunum forest green, light blue og rain **4.490 kr. ~~6.390 kr.~~**

2. EvaSolo kaffikanna 1,4 l. **14.990 kr. ~~17.990 kr.~~**

3. Poul Pava flaska, 1,5 l. **1.990 kr.**
fáanlegar í fleiri stærðum og gerðum.

LEVANTO

Danskir hægindastólar sem hafa slegið í gegn. Til í leðri og áklæði. Hallanlegir með snúningi. Litir í leðri eru svartur, grár, rauður og hvítur.
Stærð: 77 x 75 x 109 cm

IDdesign

Stóll í leðri með skammeli

149.980 kr.



MANCHESTER

Tungusófi XL. Hægri eða vinstri tunga. Dökk- eða ljósgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 300 x 160 x 70 cm



179.990 kr. ~~269.990 kr.~~

Reykjavík
Bíldshöfði 20

10 – 18 virka daga
11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri
Dalsbraut 1

10 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.

ELLY

Priggja sæta sófi.

Litir: Ljós- og dökkgrár, bleikur, blár og grænn.

Stærð: 183 x 82 x 85 cm

99.990 kr.**ELLY**

Hægindastóll.

Litir: Ljós- og dökkgrár, bleikur, blár og grænn.

69.990 kr.

Vertu eins og heima hjá þér

Húsgögn og smávara fyrir lifandi heimili

**IBIZA**

Eldhúsbörð, hvítt.

Stærð: Þ: 110 cm H: 74 cm hvítt

39.990 kr. -49.990 kr.**TWIST**

2,5 sæta sófi.

Orange, ljósblár og grár.

Viðarfætur.

Stærð: 157 x 92 x 95 cm

109.990 kr.**PEOPLE**

Hornsófi með tungu.

Hægri eða vinstri tunga.

Dúnfylling í sessu.

Grábrúnt slitsterkt áklæði.

Stærð: 402 x 222/166 x 87 cm.

369.990 kr. -459.990 kr.



Núpur í Dýrafirði frá árinu 1979, stuttu áður en Jón hóf skólagöngu sína þar. Á myndinni má sjá skólahúsið og fleiri byggingar. LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR/ÓLI TYNES

Þessir krakkar áttu ekki séns

Jón Gnarr lýsir grófu ofbeldi af hendi nemenda og kennara sem viðgekkst í heimavistar skólanum Núpi í Dýrafirði árin 1981-83. Jón lýsir í Útlaganum kynferðislegri misnotkun kennara í skólanum, hópnaðgun og grófum barsmíðum. Bragi Guðbrandsson segir meðvitund um ofbeldi og misnotkun ekki hafa verið til á þessum árum.

Ólöf
Skaftadóttir
olof@frettabladid.is



Það var eitthvað með Núp. Núpur var alræmdur. Fólki stóð stuggur af Núpurum. Og það var eitthvað meira en að vera í heimavistar skóla annars staðar, Núpari var eitthvað ferlegt,“ segir Jón Gnarr, sem gefur út síðustu bókina, Útlagan, í heildstæðu verki þriggja bóka. Bókin er líkt og fyrri bækurnar, Indjáninn og Sjóræninginn, byggð á ævi Jóns fram að fullorðinsárum. Í Útlaganum segir meðal annars frá miklu ofbeldi sem viðgekkst á Núpi í Dýrafirði þá tvo vetur, 1981-83, sem Jón var þar við nám. Þar lýsir hann algjöru afskiptaleysi af börnunum sem þar dvöldu, vöntun á umhyggju af hendi fullorðinna sem unnu við skólann og undarlegum og grimmmum veruleika sem varð til í þessum skóla vestur á fjörðum – þar sem gjaldmiðillinn var áfengi, hass og barsmíðar.

„Ég var þarna í tvo vetur. Fyrri veturinn minn var hræðilegur. Ég held einhverra hluta vegna að Núpur hafi verið sérstaklega hræðilegur staður á því ári. Ég heyrði ekkert í foreldrum mínum eiginlega á meðan ég var þarna. Krakkarnir sem áttu heima í nágrenninu fengu að fara heim til sín aðra hverja helgi eða eitthvað svoleiðis. Við hin fórum heim á jólum, páskum og í sumarfrí. Ég man að það var sími á vistinni, en það var aldrei neinn sem hringdi. Ég veit ekkert um hvort einhverjir hafi átt í uppbyggilegum og reglulegum samskiptum við foreldra sína, en ég man allavega ekki eftir slíku. Þú varst bara þarna og engar bréfaskrifir eða neitt. Mamma sendi mér sígarettur.“

Eftir að hafa átt erfitt uppdráttar í skóla í borginni var Jónsi Pönk, eins og hann var kallaður, sendur til útleigðar í heimavistar skólann Núp í Dýrafirði. Þar var honum komið fyrir í herbergi með rimlum fyrir glugganum, með herbergisfélaga

sem hann hafði aldrei hitt fyrr. Fjór-tán ára ásamt hópi annarra barna og unglunga. Á Núp voru sendir vand-ræðaunglingar úr Reykjavík, krakkarnir af bæjum í kring, börn sem áttu erfitt með nám og hefðu sennilega fengið einhverjar greiningar í dag, ADHD og einhverfu, eins og Lena, eða komu af heimilum þar sem var erfitt.

Börnin voru samsek

Í kaflabrotinu sem hér er birt lýsir Jón hópnaðgun sem á sér stað á vistinni, þegar drengirnir taka sig saman og „riða Lenu til hamingju með afmælið“.

„Það varð til einhver heimur, sem var utan við aðra heima. Þarna gengust allir undir viðurnefnum og ég var lengi að finna út hvað allt þetta fólk heitir í alvörunni. Þarna voru Sprelli, Purrkur og Korpa – svo einhverjir séu nefndir. Ég veit ekkert hvaðan þessi nöfn komu, eða hver úthlutaði þeim, en þetta var hluti af því að vilja fjarlægja sig frá því sem var að gerast. Svona eins og þegar fólk leikur í klámmyndum eða er í vændi, og er með svona viðurnefni.“

Jón segir ofbeldið og eineltið hafa verið alls staðar, en segir þó að á köflum hafi verið gaman. „En það var allt notað, afskiptaleysi, einangrun, niðurlægjandi athugasemdir og framkoma og svoleiðis. Svo var rosalega mikill munur á stráka- og stelpnavistinni. Þetta voru gjörólikir heimar. Við vorum öll í sameiginlegu rými á daginn, en síðan fóru allir inn á sína vist og við vorum læst inni. Þá var nýr heimur og nýjar leikreglur. Þetta var samt ekki alltaf vont – það var líka gaman. Og þarna varð til vinátta. Það var eins og við værum samsek á einhvern hátt – einhver órjúfanleg tengsl urðu til.“

Hann segir hierarkíu á vistinni hafa mótast eftir félagslegum og líkamlegum styrk. „Og það var á kostnað þeirra sem voru hvorki líkamlega né félagslega sterkir – þeir enduðu neðst. Ég var félagslega sterkur á einhvern einkennilegan hátt, og lenti á milli. Ég hef aldrei fyrr eða síðar orðið vitni að svona



Á Núpi gengu allir undir viðurnefnum, svona eins og til að fjarlægja sig frá því sem þar gekk á. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



ÉG ER BÚINN AÐ GRÁTA SVO MIKIÐ ÚT AF ÞESSU. ALLIR ÞESSIR KRAKKAR SEM HAFU EKKI ÁTT NEINN SÉNS, EINHVERRA HLUTA VEGNA.

miklu líkamlegu ofbeldi eins og var á Núpi og þetta voru bara unglingar að berja hver annan.“

Meira en Jón réð við

Jón hóf að sækja tíma hjá sálfræðingi þegar hann byrjaði að skrifa Útlagan.

„Ég gerði það þegar ég áttaði mig á því að þetta var meira en ég réð við. Mínar bækur eru skrifaðar í ákveðnum stíl, sem er einfaldur, einlægur og opinskár – svona persónuleg upplifun eða túlkun á aðstæðum. Án þess að dæma, en frekar sem áhorfandi og ég gat ekkert vikið frá því. Bækurnar mínar hafa gengið út á að gera grín að mér og mínum sársauka og þannig yfirstiga hann. En þarna varð það of mikið. Ég stóð frammi fyrir einhverju sem var svo miklu stærra en ég hafði gert mér grein fyrir, bæði svona atburðir sem gerðust og svo líka mínar eigin hugsanir. Ég er til dæmis að tala um kynþroskann og upplifun mína af því að taka hann út – og ég hugsaði, er þetta bara í lagi? Að einhver miðaldrar karl sé að skrifa um unglíngakynlíf? Er ég kominn yfir einhverja grensu?“

Jón sótti í dómgreind annarra til að spyrja þessara spurninga. „Oft kvenna sem standa mér nærri. Síðan var þetta erfitt á mörgum stigum þessa ferlis. Ég hataði þessa bók. Þegar ég var tæplega hálfnaður þá dauðsá ég eftir að hafa byrjað að skrifa hana og langaði til þess að bakka út. En ég gat það ekki. Samt hugsaði ég, af hverju ertu svona mikill fáviti? Af hverju ertu að búa til svona mikið vesen? Verða borgarstjóri, til hvers? Og nú þessi bók? Það les enginn bækur – það eru engir peningar í þessu. Þú ert að niðurlægja þig, þú átt eftir að þurfa að þola sleggjudóma og að fara að vekja upp drauga.“

En áfram hélt Jón að skrifa. „Ég fór í gegnum svo margt – eins og með Lenu. Ég er búinn að gráta svo mikið út af þessu. Allir þessir krakkar sem hafa ekki átt neinn séns, einhverra hluta vegna. Þegar ég var borgarstjóri þá hitti ég konu sem er úti-gangskona og ég man eftir henni ➔

#DontCrackUnderPressure



TAG Heuer

SWISS AVANT-GARDE SINCE 1860

AQUARACER LADIES

Maria Sharapova never stops challenging herself. Like TAG Heuer, she keeps pushing her limits and never cracks under pressure.



MICHELSEN

ÚRSMÍÐIR


Laugavegi 15 & Kringlunni - 511 1900 - www.michelsen.is

Þegar hún var bara stelpa á Núpi. Við fórum að tala saman og vorum að tala um Konukot og gistiskýlið, og hún sagði að ég yrði að halda áfram og vera borgarstjóri og ég sagði, nei ég ætla ekki að gera það. Þetta var í kringum þann tíma sem ég var að hætta. En ég sagði henni að ég ætlaði að skrifa bók um Núp. Ég sagði henni að mér þætti það miklu merkilegra en að vera borgarstjóri og hún sagði, vá ætlarðu að gera það? Ætlarðu að segja frá öllu? Og hún var í rauninni að spyrja, ætlarðu að segja frá öllu sem enginn má tala um? Ég sagði já, og hún sagði, gott, þessi staður eyðilagði líf mitt.“

Kynferðisleg misnotkun

Jón rauð trúnaðinn um veruna á Núpi. „Ég er búinn að gráta svo mikið. Og þæla, af hverju gerði ég ekki eitthvað? Ég ásaka mig en um leið átta ég mig á því að ég var bara 14 ára. En ég er að brjóta trúnað – eins skelfilega ógeðslegt og það er, að einhver sem gerir eitthvað ljótt við þig þegar þú ert ósjálfþjarga og barn og þér finnst þú vera bundinn trúnaði um það. Þetta er hlutur sem fokkar manni upp – þetta er ástæðan fyrir því að fólk sér ekkert annað í stöðunni en að drepa sig.“

Jón verður klökkur þegar hann talar um félagana sína af Núpi. „Við vissum ekkert alltaf hvaða fólk var að koma og fara þarna, en við vorum hópur af saudum og þangað leita úlfarnir. Það er allavega eitt dæmi sem mig grunar sterklega að hafa verið kynferðisleg misnotkun. Sprelli var einn vinur okkar og hann var seinþroska, ekki einu sinni byrjaður að drekka – sem var mælikvarði alls á þessum tíma. Svo kom nýr kennari og hann var töffari, hlustaði á pönk og vissi um tónlist og svona. Og hann bauð Sprella inn í kennaraíbúðina til sín til að drekka og hlusta á tónlist og spjalla. En svo vildi Sprelli aldrei tala um þetta og ég hugsaði eftir á, af hverju býður kennarinn mér ekki? Ég veit miklu meira en Sprelli. Ég var afbrýðis-samur út í Sprella, og mér fannst þessi kennari vera í svo miklu rugli að hafa ekki boðið mér – ég drakk og vissi svo mikið um pönk. Það var ekki fyrr en ég skrifaði niður söguna



STUNDUM GERAST ÓVÆNTIR hlutir sem breyta lífi manns. Atvik sem marka mann fyrir lífstíð. Afmæli Lenu var eitt þeirra. Það er sagt að heilinn hafi þann hæfileika að geta látið mann gleyma öllu hræðilegu. En sumt er svo hræðilegt að maður getur ekki gleymt því.

Það var sunnudagur og ég var inni í herberginu mínu. Ég lá uppi í rúmi og var að lesa. Þannig var það yfirleitt þegar ekki var skóli. Þá hékk ég aðallega inni í herberginu mínu og las en skrápp þó annað slagid inn í Smók til að fá mér að reykja og kjafta við einhverja. Þar bullaði ég eitthvað, hló aðeins og fór svo aftur inn í herbergi að hangsa og lesa.

Ég lærði fljótt að ganga aldrei með sigarettupakka á mér. Þá fóru allir sjálfkrafa að sníkja af manni sigarettarnar. Eins og það var nú gaman að vera með heilan sigarettupakka og að vera þar af leiðandi dálítill kall, var það einfaldlega of dýrt. Allir vildu fá „lánaðar“ sigarettur.

– Geturðu lánað mér sigarettu, Jónsi?

– Uhh ...

Mér fannst ég ekki geta sagt nei og þegar ég rétti fólki pakkann þá tók það jafnvel tvær.

– Eina núna og eina í nesti.

Ég gleymdi svo alltaf jafnóðum hverjum ég hafði lánað sigarettur. Og þó að ég væri viljugur að lána, voru ekki allir alltaf jafn viljugir að lána mér. Ég þóttist því alltaf vera sigarettulaus jafnvel þótt ég ætti fullt af sigarettum. Ég losaði gólfista á sökklinum undir fataskápnunum í herberginu mínu og faldi sigarettupakkana mína þar. Ég sagði ekki einu sinni Purrki frá því. Hann var svo samviskulaus að hann hefði stolið þökkunum frá mér, selt þá og þrætt svo fyrir að

116

hans Sprella, og ég er að verða fimmtugur, sem ég fáttaði – auðvitað var verið að misnota hann inni í þessari kennaraíbúð.“

Fór illa fyrir mörgum

Jón tók viðtöl og talaði við skólafélagana í undirbúningi fyrir bókina. „Ég talaði við konu sem var þarna

með mér, henni hefur gengið ágætlega að vinna sig frá þessu. Bróðir hennar sem er tveimur árum yngri, hún segir að hann muni aldrei jafna sig. Purrkur, herbergisfélaginn sem ég segi frá í bókinni, fyrirfór sér. Hann gekk í sjóinn við JL húsið – synti bara út. Það veit enginn af hverju. Það eru margir sem eru dánir. Maður þyrfti að tala við aðstandendur til að vita hvornig dauða þeirra bar að. En

hafa gert það. Ég laumaðist svo reglulega á felustaðinn, náði mér í eina og fór niður í Smók. Allar sigarettur voru síðasta sigarettan mín. Fólk gat ekki einu sinni fengið smók hjá mér.

Þessi sunnudagur var ekkert öðruvísi. Ég losaði gólfjölinu, náði mér í eina sigarettu, opnaði dyrnar og ætlaði niður í Smók. Um leið og ég kom fram á gang fann ég að andrúmsloftið var rafmagnað. Það var eitthvað í gangi. Óvenjumargir strákar voru á ganginum. Þeir hvísluðust á flissandi og laumulegir. Ég leit framan í einn og úr andliti hans skein einhver áður óþekkt gleði og spennu. Það var engu líkara en kominn væri sirkus á Núp. Það var allavega eitthvað ofboðslega skemmtilegt og óvænt í gangi. Eitthvað sem allir hefðu áhuga á. Ég hikaði.

– Hvað? Hvað er í gangi?

Strákarnir litu hver á annan og flissuðu. Villi, sem var í þarnaesta herbergi við mig, labbaði til mín og hvíslaði lágt: – Varstu ekki búinn að heyra það?

Villi brosti spenntur og klemmdi saman varirnar.

– Hvað?

Ég horfði á hina strákana í kringum mig Hvað var eiginlega í gangi á Núpi þar sem aldrei gerðist neitt? Hvað var svona stórkostlegt? Var kannski komin hljómsveit á svæðið? Voru Utangarðsmenn mættir? Sat Bubbi Morthens kannski niðri í matsal að drekka kaffi?

– Hvað?

Ég krafðist svara.

– Varstu í alvöru ekki búinn að fréttu það?!

– Nei, hvað? Hvað er í gangi?

Ég var að springa úr forvitni og spennu.

– Lena á afmæli, hvíslaði Villi lágt í eyrað á mér á milli herþra varanna. Ég horfði í augun á honum.

– Og?

Hann hallaði sér aftur upp að eyranu á mér.

– Það eru allir að riða henni til hamingju með afmælið.

– Í alvörunni?

Ég hvíslaði ósjálfrátt.

117

ég veit um nokkra sem hafa fyrirfarið sér eða hafa komið sér upp sjálfseyðandi lífsstíl – þá í fíkn og í umhyggjuleysi fyrir sjálfum sér. Ég veit ekki um Sprella, en mér skilst að hann sé útigangsmáður einhvers staðar í Evrópu. Það er enginn sem veit hvar hann er. Nokkrir eru í fangelsi. En síðan eru nokkrir sem hafa plummað sig ágætlega, eins og ég. Enda lenti ég ekkert í því versta sem viðgekkst. Ég naut einhvers konar friðhelgi, því ég var skemmtilegur, útskýrir Jón og heldur áfram.

„Eins og persóna í bókinni, Gaddi, sem öllum stóð stuggur af, hann gat alltaf vaðið í þig – og það skipti hann ekkert máli hver þú varst. En

mér stóð aldrei stuggur af honum, honum líkaði vel við mig eða eitthvað. Svo skrytið, því ég var svo óvenjulegur. En ég held að allir sem voru þarna, að minnsta kosti á meðan ég var þarna, beri einhver sár hversu greinileg sem þau eru.“

Núna, þegar bókinn er að koma út, vonast Jón til þess að verða frjáls. „Svo er þetta eins og ákveðin leið fyrir mig að yfirvinna þetta, að Jón Gunnar er ekki til lengur, hann er dáinn. Og ég er ekki hann. Ég er Jón Gnarr. Þannig að ég hef getað fjarlægð mig frá honum, en ég lofaði honum að ég myndi segja frá þessu. Ég vonast til þess að þegar bókinn kemur út og svona, þá verði ég frjáls. Off the hook. Þá geti ég snúið mér að öðru.“

Börnum í vanda var hrúgað inn í heimavistaraskóla

„Í dag vitum við hvað gerist þegar börn á ólíkum aldri og úr ólíkum aðstæðum eru í mikilli nánd – eftirlit er takmarkað og umhyggja í garð þeirra kannski líka. Það er nánast regla að þau eldri beiti þau yngri einhvers konar ofbeldi eða kúgun. Þetta þekkjum við og þetta hefur verið marggrannað um allan heim. Íslensku heimavistaraskólarnir eru ekkert frábrugðnir þeim bresku til dæmis og það liggur fyrir mikið efni um það ofbeldi sem þar viðgekkst,“ segir Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu. „Menn vissu bara ekki betur á þessum tíma. Í dag vitum við um þessi smitáhrif sem eiga sér stað inni á meðferðarstofnunum, þessi neikvæðu áhrif, samskiptin, jafnvel þótt það sé fullorðin fólk sem reynir að hafa eftirlit, þá ná menn aldrei utan um það. Börnin geta orðið fyrir ofbeldi, illri meðferð af sínum jafningahópi og jafnöldrum. Trú manna á stofnanamefnd er í dag er mjög lítill almennt, og því úrræði er ekki beitt nema í algjörru neyð. En á þeim tíma sem Jón Gnarr er að alast upp hafa menn mikla trú á þessu, að senda börnin í sveit þar sem þau fá frið og ró til að stunda sitt nám og komast frá sollinum í borginni.“

Á tímabilinu sem um ræðir sinnti Bragi starfi félagsmálastjóra í Kópavogi. „Þar komu mörg mál inn á mitt



ÍSLENSKU HEIMAVISTARSKÓLARNIR ERU EKKERT

FRÁBRUGÐNIR ÞEIM

BRESKU TIL DÆMIS OG ÞAD

LIGGUR FYRIR MIKIÐ EFNI

UM ÞAD OFBELDI SEM

ÞAR VIÐGEKKST.

Bragi Guðbrandsson

borð þar sem var verið að fjalla um börn með vanda, hegðunarvanda og annað slíkt. Svo börn sem bjuggu við mikla erfiðleika heima fyrir og þurftu einhver úrræði. Ég man alveg að þetta var rætt við foreldra á þessum tíma, sem leituðu ráðgjafar hjá félagsþjónustunni og hjá barnaverndinni, um það hvornig ætti að takast á við hegðunarvanda þessara barna. Ég man eftir því að það var farið yfir þessi mál með foreldrunum, og ákveðnir valkostir teiknaðir upp – hvaða leiðir var hægt að fara. Þá voru heimavistaraskólarnir ákveðinn valkostur.“

EKKI BARNVERNDARÚRRÆÐI

Bragi segir heimavistaraskólana ekki beinlínis hafa verið barnaverndarúrræði. „Þó kann vel að vera að í einhverjum tilvikum hafi barnaverndin mælt með því við foreldra eða forráðamenn, en barnaverndin hafði engin formleg yfirráð yfir því hverjir færu í þessa heimavistaraskóla úti á landi. Þess vegna höfum við ekkert yfirlit yfir það hvornig samsetningin var eða hversu margir voru í þessum skólum. En við þekktum mál barna sem höfðu verið í svona skólum, ég man eftir að hafa fengið inn á mitt borð mál þar sem barn hafði orðið fyrir mjög illri meðferð og ofbeldi í slíkum skóla.“

Bragi segir að annað sem hafi spilað inn í var að margir þessara skóla sem um ræðir hafi átt í vök að verjast. „Þeir voru reknir af ríkinu, á tímum þar sem miklir fólksflutningar voru úr dreifbýli í þéttbýli. Til þess að halda þessum skólum gangandi þurftu þessir heimavistaraskólar úti á landi hreinlega á börnunum úr Reykjavík að halda. Þess vegna var oft mjög auðvelt að koma börnunum fyrir og það þurfti mikið til að þeim væri vikið úr skóla. Þetta voru oft börn sem fúnkeruðu illa í borgarsamfélaginu, voru að mati foreldra komin á glapstígu, áttu erfitt með að aðlagast sínum hverfisskóla og þar fram eftir götunum. Þá var þetta álitin lausn fyrir þessi börn, að senda þau á heimavistaraskóla eins og Núp í Dýrafirði.“


Engin meðvitund um ofbeldi

„Í þessum skólum söfnuðust oft saman krakkar sem áttu við gríðarleg vandamál að stríða. Þessi börn voru að koma af erfiðum heimilum og annað þess háttar. Stundum var þetta líka neysluvandi og vandi unglinganna sjálfa. Þetta er fyrir tíð meðferðar í eiginlegum skilningi, meðferðarstofnanirnar sem þá voru til voru í raun og veru eins konar enduruppeldisstofnanir.“

Á þessu tímabili, upp úr 1980, var

félagslegt umhverfi allt annað en er í dag. „Meðvitund manna um ofbeldi og einelti barna hvers gegn öðru og ég tala nú ekki um hluti eins og kynferðislegt ofbeldi, það var algjör afneitun á því og það var aldrei rætt. Eineltishugtakið var ekki til einu sinni. Við þurfum að átta okkur á þegar við fjöllum um þetta að það var miklu takmarkaðri skilningur á kjörum og líðan barna og hugmyndir um rétt barnsins voru allt aðrar og minni en í dag.“

Hann segir að svona nokkuð myndi sem betur fer ekki koma upp með sama hætti í dag. „Núna er ekkert hægt að vista börn utan heimilis nema það fari í gegnum Barnaverndarstofu og -nefndir. Þessir sveitaskólar eru alveg búnir, að vísu eru börn í fóstri um landið og þau ganga í sína hverfisskóla en þau búa þá hjá fjölskyldu sem heldur utan um þau og fylgist með þeim. Það gerir barnavernd líka og í einhverjum tilvikum kynforeldrararnir að einhverju leyti líka. Það er allt annar og betri skilningur á réttindum barna, þekking á meðal kennara, starfslíði skólanna vitt og breitt um landið. Þetta fyrirkomulag sem þarna ríkti, að hrúga börnunum í vanda inn í heimavistaraskóla – það er gjörsamlega liðin tíð. Sem betur fer.“



7.995 kr.



Isabella-ábreiða

Ljósblá/hvít ábreiða. 130x170 cm. 7.995 kr.
Einnig til ljósgrá/hvít.

2.995 kr./stk.



Jars-geymslukurús

Þrjár mismunandi geymslukurúsir með loki.
10 x 13 cm. 2.995 kr./stk.

NÝTT Í VERSLUN



Skyline-sófi

2,5 sæti með legubekk. L270 x D 162 cm. 319.900 kr.
Einnig hægt að fá sófann speglaðann.




frá 1.995 kr.



Lantern-lugt

Lugt fyrir spríttkerti. 24 cm. 2.495 kr.
17 cm. 1.995 kr.

995 kr.



Hex-hitaplatti

16 cm. Hitaplatti úr siliconi. Ýmsir litir. 995 kr.

12.995 kr.



Four lacy-púði

Svartur leðurpúði. 45 x 45 cm. 12.995 kr.

14.995 kr.



Cohen-loftljós

Loftljós í ýmsum litum. 16 cm. 14.995 kr. 25 cm.
19.995 kr.

Erum að taka upp vörur frá BROSTE



Nordique-matarstell. Fat 30 x 17 cm. 3.995 kr. Diskur 26 cm. 1.995 kr. Hliðardiskur 15 cm. 1.295 kr.
Tvis-hnífaparasett. Svört hnífapar. 16 stk. í kassa. 24.995 kr. Einnig til gyllt.



frá 5.995 kr.



Wela-lugt

Koparlítuð lugt. 16 cm. 5.995 kr. 21 cm. 7.995 kr.

frá 7.495 kr.



Vega-geymslukurús

Geymslukurús með viðarlöki.
17 cm. 7.495 kr. 29 cm. 9.995 kr.

3.495 kr.



Stone

Kökudiskur á þremur hæðum. Steinn. 3.495 kr.



ILVA

NÝTT



Bröns um helgar.
Amerísk þönnukaka, bakaðar baunir, sýróp, beikon,
nýbakað brauð og spælt egg.

1.395 kr.

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

1953

1979

1979-1981

1985

1988

2002

2005-2013

2006-2012

Íran og Bandaríkin



Mohammed Mossadeq forsætisráðherra steypt af stóli í byltingu sem bandaríska leyniþjónustan CIA hefur viðurkennt að hafa átt hlutdeild að.



Mohammed Reza Pahlevi keisara, sem naut stuðnings Bandaríkjanna, steypt af stóli í byltingu. Nokkrum vikum síðar sneri Ajatollah Khomeini erkiklerkur heim úr útleð.



Tugum Bandaríkjanna haldið í gislingu í bandaríska sendiráðinu í Teheran. Þeim síðustu var sleppt eftir 444 daga í gislingu.

Ronald Reagan Bandaríkjaforseti selur Írönum vopn með leynd og notar andvirðið til að styrkja Contra-skæruliða í Nikaragva.



Bandaríska herskipið USS Vincennes skýtur niður íranska farþegaþotu með 290 manns innanborðs. Allir fórust.

George Bush Bandaríkjaforseti segir Íran eitt af „öxulveldum hins illa“. Sama ár uppfest djúpstæður ágreiningur um kjarnorkuáætlun Írans þegar ljóstrað er upp um hana.



Mahmúd Ahmadínedjad er forseti Írans. Hann þykir kjaftfor og óhræddur við að gagnrýna Bandaríkin.



Sameinuðu þjóðirnar, Bandaríkin og Evrópusambandið samþykkja hverjar refsiaðgerðirnar á fætur öðrum gegn Íran. Fleiri lönd gegn slíkt hið sama.



Íranska þingið samþykkti á þriðjudaginn kjarnorkusamninginn sem gerður var í sumar við Bandaríkin og fimm önnur lönd. NORDICPHOTOS/AFP

Umdeildur samningur tekur gildi

Kjarnorkusamningur Írans tekur gildi á morgun. Á næstu mánuðum munu því Bandaríkin, Evrópusambandið og fleiri ríki að mestu aflétta refsiaðgerðum gegn Íran, svo fremi sem talið sé að Íranar standi við sinn hluta.

Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is



Hvorki ráðamönnum né almennungi í Íran er beinlínis tamt að líta á Bandaríkin sem nána bandamenn sína.

Þeir hafa ekki gleymt því að árið 1953 stóð bandaríska leyniþjónustan CIA að baki byltingu gegn forseta Írans. CIA hefur fyrir löngu viðurkennt aðild sína að þessari byltingu.

Íranar hafa heldur ekki gleymt því að bandaríska herinn skaut

niður íranska farþegaþotu árið 1988.

Þá hafa Íranar áratugum saman búið við efnahagslegar refsiaðgerðir af ýmsu tagi, og líta svo á að þær séu flestar runnar undan rifjum Bandaríkjanna, þótt vissulega hafi bæði Evrópusambandið og Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna verið með refsiaðgerðir í gildi gegn Íran nú í bráðum áratug.

Íranar hafa þó óneitanlega gert sitt hvað sjálfir til þess að kalla yfir sig þessar refsiaðgerðir. Þannig voru fyrstu refsiaðgerðirnar á Íran settar á árið 1979 eftir að byltingarmenn þar í landi höfðu tekið starfsmenn bandaríska sendiráðsins í Teheran í gislingu.

Undanfarnir tíu ár eða svo hafa fjölmargar nýjar refsiaðgerðir verið samþykktar gegn Íran vegna kjarn-

orkuáætlunar landsins. Mahmúd Ahmadínedjad, sem var forseti á undan Hassan Rúhani, sýndi lítinn áhuga á að semja við Sameinuðu þjóðirnar og Vesturlönd um eftirlit með kjarnorkuáætluninni.

Þetta breyttist eftir að nýr forseti komst til valda í Íran, Hassan Rúhani, sem hefur lagt áherslu á að bæta samskiptin við Vesturlönd og ekki síst við Bandaríkin, þrátt fyrir djúpstæða tortryggni á báða bóga.

Í sumar var undirritaður samningur við Bandaríkin, Rússland, Kína, Bretland, Frakkland og Þýskaland. Samningurinn felur það í sér að refsiaðgerðum Bandaríkjanna, Evrópusambandsins og Sameinuðu þjóðanna verður að mestu létt af Írönum, standi þeir við loford sín

um að takmarka kjarnorkustarfsemi sína og heimila alþjóðlegt eftirlit með framkvæmdinni.

Síðastliðinn þriðjudag samþykkti íranska þjóðþingið svo með yfirgnæfandi meirihluta samninginn. Íranska stjórnlagaráðið, sem fer með neitunarvald, gaf svo sitt samþykki strax daginn eftir.

Evrópusambandið samþykkti þennan samning fyrir sitt leyti strax þann 20. júlí og Bandaríkjaþing afgreiddi hann um miðjan september. Þar með stendur ekkert í vegi fyrir því að samningurinn taki gildi, og það verður á morgun, 18. október.

Bandaríkin telja að það geti tekið allt að níu mánuði að ganga úr skugga um að Íranar standi í raun við sinn hluta samningsins.

Refsiaðgerðirnar hafa haft veruleg áhrif á íranskt efnahagslíf. Almennur þar í landi hefur fundið fyrir afleiðingunum. Íranar gera sér því vonir um að aflétting refsiaðgerðanna opni margvíslega möguleika á auknum viðskiptum víða um heim.

Samningurinn hefur mætt mikilli tortryggni í Bandaríkjunum af hálfu andstæðinga Baracks Obama forseta. Hann segist þó sannfærður um að andstaðan muni minnka.

„Þegar framkvæmd samningsins er orðin að veruleika og við verðum með eftirlitsfólk í Íran og það verður ljóst að Íran er í raun að standa við þetta samkomulag, þá mun þessi afstaða breytast,“ sagði Obama í sjónvarpsviðtali fyrr á árinu.

2013

2014



Hassan Rúhani tekur við forsetaembætti Írans. Hann einsetur sér að ná samningum við Bandaríkin og bæta samskiptin við Vesturlönd.

Bandaríkin og Íran ná samningi um kjarnorku-áætlun Írans, þrátt fyrir mikla tortryggni á báða bóga.

Refsiaðgerðir gegn Íran hafa verið í gildi áratugum saman

Bandaríkin

Refsiaðgerðir Bandaríkjanna gegn Íran hafa verið í gildi allt frá árinu 1979. Þær fyrstu voru settar vegna gíslátökunnar í Teheran það ár, en þeim aðgerðum var svo aflétt að mestu eftir að gíslarnir voru látnir lausir.



Bandaríkin beittu svo nýjum refsiaðgerðir gegn Íran árið 1987 vegna „stuðnings við hryðjuverkamenn“. Aftur voru þær hertar árið 1995 og verulega var svo var bætt í á árunum eftir 2005. Loks voru þær hertar mjög árið 2011. Þessar víðtæku refsiaðgerðir lúta að kjarnorkumálum, vopnaviðskiptum, öðrum viðskiptum, bankastarfsemi, tryggingum og fleiri atriðum í samskiptum ríkjanna.

Sameinuðu þjóðirnar

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti alls níu ályktanir um refsiaðgerðir gegn Íran á árunum 2006 til 2013, allar vegna kjarnorku-áætlunar Írans. Þessar refsiaðgerðir eru þær ströngustu sem Sameinuðu þjóðirnar hafa samþykkt gegn nokkru ríki. Þær snúast meðal annars um vopnasölbann, eignafrystingu og eftirlit af ýmsu tagi.



Evrópusambandið

Evrópusambandið hefur verið með víðtækari refsiaðgerðir í gildi gagnvart Íran frá árinu 2007. Þær lúta að kjarnorkumálum, vopnaviðskiptum, bankaviðskiptum og fleiri atriðum.



Madsjid Nili, sendiherra Írans, var í stuttri heimsókn hér á landi í vikunni.

Hóflæg bjartsýni

„Við ætlum að standa við okkar hlut í samningnum. En við erum hvorki bjartsýn né svartsýn á framganginn. Við ætlum að biða og sjá til. Ef Bandaríkin koma heiðarlega fram, þá er engu að kvíða,“ segir Madsjid Nili, sendiherra Írans gagnvart Íslandi, en hann hefur aðsetur í Ósló.

Hann segir engan ágreining uppi meðal íranskra ráðamanna, þótt ólíkar áherslur hafi mátt greina í orðum forsetans Hassan Rúhani og æðsta leiðtogans Ali Khameini.

Rúhani hefur ítrekað lýst ánægju sinni með samninginn, sem hann átti stóran hlut í að varð að veruleika: „Kjarnorkusamningurinn, sem er frábært dæmi um það að „sigrast á stríði“, ætti að boða nýja tíma og leiða af sér jákvæða þróun með því að koma á varanlegum friði og stöðugleika í heimshlutanum,“ sagði Rúhani til dæmis í ávarpi sínu á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í lok september.

Ali Khameini erkiklerkur, æðsti leiðtogi Írans, hefur hins vegar varað við því að Bandaríkin geti notfært sér þennan samning til að grafa undan Íran.

„Ég held að hér sé enginn ágreiningur,“ segir Nili. „Það sem Rúhani forseti segir gengur í sömu átt og það sem æðsti leiðtoginn segir. Við höfum satt að segja ekki mjög góða reynslu af framkomu Bandaríkjanna gagnvart Íran. Þeir lögðu refsiaðgerðir á Íran að óþörfu. Þeir vissu frá byrjun að við værum ekkert að þróa kjarnorkuvopn, og samt settu þeir refsiaðgerðir á okkur.“

Nú hins vegar er kominn samningur við Bandaríkin og staðan breytt. Eðlilegt sé að Íranar eigi erfitt með að treysta Bandaríkjunum, en samningur hafi verið gerður og nú verði að láta á hann reyna.

„Við erum komin á byrjunarreit. Við eigum að láta reyna á það hvort samningurinn stendur. En það er of snemmt að segja til um það núna hver reynslan verður.“

Nili segir að refsiaðgerðirnar, sem staðið hafa yfir árum og áratugum saman, hafi vissulega haft áhrif á Íran: „En við skulum samt ekki halda að þetta sé ástæða þess að við settumst að samningaborðinu. Við höfum gengið í gegnum þetta áður. Þegar Saddam réðst á Íran settu flest ríki refsiaðgerðir gegn Íran. Við höfum lifað með refsiaðgerðum í meira en 30 ár. Og við vitum að hægt er að aflétta refsiaðgerðum og þá opnast nýir möguleikar á viðræðum, efnahagssamstarfi og samstarfi um lausnir á vandamálum í okkar heimshluta.“

Engin lántökugjöld við fyrstu kaup

Við komum til móts við þá sem eru að kaupa sína fyrstu fasteign og veitum þeim 100% afslátt af lántökugjöldum. Við höfum líka hækkað hámarksfjármögnun við fyrstu kaup upp í allt að 85% af verði fasteignar.

Bókaðu viðtal við fjármálaráðgjafa á arionbanki.is

Minna drasl og meiri gleði

Minimalískur lífsstíll nýtur æ meiri vinsælda en hann felur í sér að einfalda líf sitt með því að eiga bara hluti sem gefa lífi manns gildi.

Viktoria
Hermannsdóttir
viktoriam@frettabladid.is



Fyrir mér snýst þetta um að einfalda líf mitt. Ég vildi ekki eyða svona miklum tíma í að þrifa og þurrka af. Ég vil bara geta slappað af heima, núna eru ekki endalaus verkefni sem biða heima. Það var það sem mér fannst heillandi við þetta," segir Þórhildur Magnúsdóttir. Hún stofnaði Facebook-hópinn Áhugafólk um minimalískan lífstíl ásamt vinkonu sinni, Magneu Arnardóttur.

Grunnhugmyndin er að hafa aðeins í lífi sínu það sem maður þarf og nýtur þess að hafa. „Þetta byrjaði þannig að við vorum að tala um hvað við værum með alltof mikið af dóti í lífi okkar og fórum að spá í þessum hlutum. Við ákváðum svo að stofna þennan hóp," segir Þórhildur. Hópurinn varð fljótt vinsæll og nú eru um 3.500 í hópnum. „Fólk er að skiptast á ráðum og segja frá hvernig það fór að eða leita ráða til þess að byrja.“

Um hvað snýst þetta?

Minimalískur lífsstíll er að vera laus við óþarfa og hafa aðeins í lífi þínu það sem maður þarf á að halda og nýtur þess að eiga. Hins vegar eru engar reglur um hvað hver og einn eigi að eiga mikið af hverju heldur er það ólíkt eftir einstaklingum. Lífsstíllinn snýst ekki um að eiga eins lítið og maður getur eða bara nauðsynjar.

Hvernig á að koma sér af stað?

- Byrjaðu hægt. Taktu eina skúffu eða skáp í einu. Hentu því sem er ónýtt og mun ekki nýtast öðrum og seldu eða gefðu hitt.

- Hugsðu með þér: „Nota ég þetta? Mun ég nota þetta?“ Ef svarið er nei, láttu þá hlutinn hverfa.

- Farðu í gegnum fataskápinn. Flokkaðu eftir því hvað þú notar og hvað þú getur gefið.

- Hugsðu innkaupin öðruvísi. Stundum kemur yfir mann skyndilöngun til þess að kaupa eitthvað. Farðu heim og hugsðu í nokkra daga um hvort þú þurfir hlutinn eða langar í hann. Oft hverfur þá löngunin.

Fleiri góð ráð er að finna inni á Facebook- hópnum Áhugafólk um minimalískan lífstíl.

Þórhildur segir líf sitt vera töluvert einfaldara í dag eftir því sem hlutumum hefur fækkað.

Hún segir misjafnt hversu hratt fólk fari af stað. „Sumir byrja smátt. Taka einn skáp í einu. Konmariaðferðin er mjög vinsæl núna en hún er byggð á bók sem japönsk kona skrifaði. Hennar aðferð snýst um að taka einn flokk af hlutum í

einu og setja í eina hrúgu. Til dæmis fót, flokka þau, henda þeim sem þú notar ekki og fara svo kannski og taka allar bækurnar. Mörgum finnst það virka mjög vel.“

Það er þó ekki svo að fólk hendi bara hlutumum. Yfirleitt er fólk að gefa hlutina, stundum til hjálparstofnana, og sumir selja þá. Þannig nýtast þeir öðrum.“

Dró úr neyslu eftir púðakaup

„Ég var ekki kaupfíkill þannig lagað en lét telja mér trú um að ég þyrfti alls konar drasl sem ég þyrfti alls ekki. Lífði svona aðeins umfram efni eins og margir gera," segir Bryndís Eva Ásmundsdóttir. Hún skrifaði pistil á Kjarnann sem bar heitið Í neyslu þar sem hún lýsti því hvernig hún hefði einn daginn ákveðið að hætta að kaupa hluti sem hún þyrfti alls ekki á að halda. Botninum náði hún þegar hún kom heim með tvo rándýra hönnunarpúða sem hún hafði alls ekki efni á. Þá fannst henni eins og rynni skyndilega af henni og firringin varð allt í einu augljós.

Bryndís segist hafa farið að hugsa um þessa hluti þegar hún var að nema menningarfræði þar sem fjallað var um neysluvenjur og sóun. „Ég prófaði að kaupa mér ekki fót í hverjum mánuði, fara ekki alltaf í litun og klippingu. Ég prófaði að sleppa þessu og hinu sem ég hélt ég þyrfti á að halda og uppgötvaði að líf mitt varð betra en ekki verra.“

Í kjölfarið breyttist margt í heimilishaldinu. Fjölskyldan kaupir inn minna magn af mat og veltir meira fyrir sér hverju þau þurfa á að halda. „Áður opnuðu börnin oft isskápinn og kveinuðu yfir að ekkert væri til og maður rauk til og keypti alls kyns óþarfa. Þegar nánar var að gáð var fullt til í skápunum. Það er gaman að prófa sig áfram í sambandi við mat, prófa að elda úr þessu „engu“ og útkoman verður

oft stórskemmtileg.“ Í dag kaupir hún sér sjaldan fót. „Þá aðallega í Kolaportinu eða á mörkuðum. Við fjölskyldan erum líka farin að samnýta fataskápana okkar. Kærastinn minn gengur oft í fötum af mér og ég af dóttur minni eða öfugt. Ef það hellist yfir mig löngun í ný fót, eins og gerist auðvitað, þá getur líka verið gott að fara í heimsókn til systur minnar og fá eitthvað lánað hjá henni. Ég fer til útlanda og kaupi mér ekki neitt. Og það er bara ljómandi. Mér tekst alltaf að vera í fötum á daginn og lifa ágætis lífi," segir hún hlæjandi.

Snyrtivörukaup hafa líka breyst. „Ég var að ræða þetta við kærastann minn og uppgötvaði að hann var að borga helmingi minna fyrir húðvörur en ég. Ég ákvað að prófa að nota hans rakakrem og það er bara ljómandi fint. Leikmaðurinn ég finn lítinn mun þó að það sé örugglega hægt að færa gríðarleg snyrtifræðileg rök fyrir því. Snyrtivörubrannsiinn gerir út á það að herja á konur, sannfæra þær um alls konar galla og misbrestir en að sem betur fer sé til lausn á þessum tilbúnu göllum.“

Nú hugsar hún sig um í nokkra daga ef hana langar að kaupa sér eitthvað. „Við kaupum ekki allt strax. Hugsum um það í nokkra daga, oft langar mann ekkert í hlutinn eftir nokkra daga. Þetta er oft svona skyndilöngun. Maður sannfærir sig um að maður þurfi þetta og hitt.“



Ég nýt lífsins til fulls jafnt í leik og starfi

Margrét Linda Erlingsdóttir,
leiðtogi í skautsmiðju



Bryndís fyrir framan púðana góðu sem urðu til þess að hún fór að skoða neysluegðun sína á allt annan hátt.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



ÁÐUR OPNUÐU BÖRNIN OFT ÍSSKÁPINN OG KVEINUÐU YFIR AÐ EKKERT VÆRI TIL OG

MAÐUR RAUK TIL OG KEYPTI ALLS KYNS ÓPARFA. ÞEGAR NÁNAR VAR AÐ GÁÐ VAR FULLT TIL Í SKÁPUNUM.

Bryndís Eva Ásmundsdóttir

Keypti ekki föt í heilt ár

„Ég fann strax mikinn létti, ég var ekki lengur með pressuna á mér að þurfa að kaupa ný föt,“ segir Auður Alfífa Ketilsdóttir sem ákvað í desember 2013 að fara í árs fatabindindi. Þá starfaði hún sem neytendablaðamaður og hafði mikið verið að velta fyrir sér minimalískum lífsstíl, hverju við þurfum raunverulega á að halda.

„Ég var komin á kaf í þetta en á sama tíma var í mér ákveðið stjórnleysi hvað varðaði það að kaupa föt, græjur og svona ýmislegt. Ég var síðan á þessum sama tíma að skoða jólaþjóf sem kostaði 30 þúsund og ég hafði ekki efni á. Samstarfsfélagi minn hafði farið í gegnum þetta ferli að einfalda lífsitt og spurði mig hvort ég þyrfti þennan kjól. Ég þyrfti hann auðvitað ekki því ég átti nóg af fötum og ákvað þess vegna að prófa að fara í fatabindindi,“ segir hún.

Skilyrðið var að kaupa engin föt í ár nema sokka, sokkabuxur og göngubuxur. Sokkana keypti hún, sokkabuxur að ári liðnu og buxurnar fékk hún í jólagjöf frá for-eldrum sínum. Auður segir það hafa verið lítið mál að halda út bindindið. Hún fór að nota fötin sem hún átti fyrir meira. Hún fékk líka gefins föt frá vinum og hélt stóran skiptifatamarkað þar sem hún fékk nýjar flikur. „Það komu yfir 100 manns með föt sem voru sett bara í hrúgu og fólk gat valið sér. Þar fékk ég sex kjóla, kápu og alls konar. Ég held ég hafi aldrei eignast jafn marga kjóla og á þessu ári.“

Auður segir það hafa haft lítil áhrif á sig að mega ekki kaupa ný föt. „Ég man ekki eftir að hafa langað í neitt nýtt allt árið. Ég fór



Auður fór í árs fatabindindi og segir það hafa verið lítið mál. Hún eignaðist nýjar flikur á skiptifatamarkaðum og tvær þeirra má sjá á bak við hana. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

til útlanda um sumarið og var bara að lesa blað meðan hinir fóru í HM. Það er líka svo galin hugmynd að þegar maður fer til útlanda þá þurfi maður alltaf að vera í HM. Eina sem ég fann fyrir er að undir lokin var mig farið að vanta ullarsokka. Ég var búin að stoppa í sum pörin tvisvar, þriðja skiptið hefði verið of mikið.“

Eftir að árið var liðið vissi Auður líka hvað hana raunverulega vantaði í fataskápinn, ekki bara í hvað hana langaði. Í dag hugsar hún innkaupin öðruvísi. „Núna kaupir ég það sem mig vantar. Ég kaupir mér alveg enn þá föt en það er öðruvísi

núna. Svo er líka gott ráð að taka til í fataskápnum áður en maður kaupir sér eitthvað því maður finnur oft eitthvað þar.“

Í kjölfar fatabindindisins fór hún líka að taka til á heimilinu og losa sig við hluti sem hún hafði sankað að sér. „Ég er svona safnari í mér, átti rosalega mikið af hlutum. Ég seldi fullt af dóti og gaf rest. Ég finn það núna að með þessu báðu þá er ég líka hætt að tengjast hlutum svona mikið tilfinningalega. Það verður oft þannig að þegar maður tengist hlutum tilfinningalega þá fer hluturinn að eiga mann en ekki öflugt.“

8 tíma vaktir – breyting til batnaðar

Í kjölfar nýrra kjarasamninga hjá Fjarðaáli skapast tækifæri til að taka upp nýtt vaktakerfi. Frá 1. mars 2016 verður unnið á 8 tíma vöktum í álveri Alcoa Fjarðaáls í stað 12 tíma vakta áður. Þannig minnkum við vinnuálag og auðveldum starfsmönnum að ná jafnvægi milli vinnu og einkalífs.

Við breytinguna fjölga starfsfólki í framleiðslu og viðhaldi og vaktahópur bætist við. Því viljum við ráða öflugt fólk til starfa á skemmtilegum og fjölskylduvænum vinnustað.

Alcoa Fjarðaál hefur stöðugar umbætur að leiðarljósi. Umhverfi, heilsa og öryggi eru forgangsmál. Mikið er lagt upp úr góðum aðbúnaði, teymisvinnu, öflugu félagsstarfi og stuðningi við samfélagið.

Þannig tryggjum við að framúrskarandi rekstrarárangur og eftirsóknarvert starfsumhverfi fari ávallt saman.

Fyrir samfélagið og komandi kynslóðir.



FJARÐAÁL
alcoa.is



Gyða Lóa Ólafsdóttir
gydaloa@frettabladid.is



Ég er hætt að leika, þannig að því sé haldið til haga," segir Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir og skellir upp úr þegar samtalið hefst. „Þó að ég hafi tekið þátt í þessum tveimur verkefnum í sumar þá þýðir það ekkert að ég ætli í leiklistina aftur. Það þarf eitthvað svona sérstakt að koma til. Ég er hætt, nema þegar mér býðst æðislegt hlutverk. Er það ekki ágætis plan?“

Hana kannast margir við af fjöllum leikhúsanna en hún sagði skilið við leiklistina fyrir rúmum tíu árum. Hún fer þó með aðalhlutverkið í þriðju seríu af þáttaröðinni Réttur en fyrsti þátturinn verður frumsýndur á sunnudaginn. En líkt og kemur fram þá er hún ekki snúin aftur í leiklistina – sum tilboð eru bara of góð til að hafna.

Ókúl löggudúó

„Það var bara ein ástæða fyrir því að ég tók þetta að mér og hún var sú að Baldvin Z var að leikstýra. Ég lék lítið hlutverk í Ófærð í sumar og vann þar með fullt af ungum frábærum leikstjórum. Baldvin var einn af þeim og þegar hann bað mig um að leika í Rétti þá þurfti ég ekki að hugsa mig tvisvar um,“ segir Steinunn Ólína. „Baldvin er skarpur leikstjóri og hefur þann eiginleika að maður ber fullt traust til hans, það er því lúxus að vinna með honum. Handritið var líka mjög freistandi. Það er mjög nærgöngult og fjallar um hluta íslensks samfélags sem er kannski frekar hulinn að öllu jöfnu,“ segir hún og bætir við að handritið sé á margan hátt óvenjulegt og ekki sé um hefðbundna glæpaþáttaröð að ræða þar sem einblint er á að leita brotamanninn uppi.

„Það er vissulega framinn glæpur en raunverulega ber allt samfélagið ábyrgð. Þræðirnir liggja í gegnum allar stéttir samfélagsins.“ Þáttaröðin fjallar um lögreglurannsókn sem teygir anga sína víða þar sem samfélagsmeini á borð við hefndarklám, einelti á internetinu, eiturlyfjaneyslu og týndar unglingsstúlkur koma við sögu. Handritið er skrifað af þeim Andra Óttarssyni og Þorleifi Erni Arnarssyni.

Steinunn Ólína leikur rannsóknarlögreglukonuna Gabrielu og samstarfsfélaga hennar, Högna, leikur Þorsteinn Bachman. „Teymið sem við leikum er sérstakt fyrir þær sakir að þau eru alveg klárlega mest ókúl löggudúó sem sést hefur,“ segir hún og hlær. „Við, ásamt Baldvini, leitumst við að hafa þau sem venjulegust. Þetta eru bara Reykjavíkurlöggur. Fólki af holdi og blóði. Gabriela og Högni eru ekkert með sérstaklega góða félagshæfni og bæði nórðar í sínu fagi.“

Við gerð þáttaraðanna var lagst í mikla heimildavinnu og lögd var áhersla á að leita ráðgjafar fagfólks úr ýmsum starfsstéttum til þess að þættirnir endurspegluðu íslenskan veruleika á sem raunsæjastan máta og þar voru leikararnir í engu undanskildir. „Við hittum rannsóknarlögreglur í upphafi ferlisins og þetta er auðvitað bara venjulegt fólk.“

Í glæpaseríum er oft og tíðum lögd áhersla á að breyta rannsóknarlögreglunum í töffara og hetjur sem ekkert fær á. „Við unnum á móti því og það var mjög skemmtilegt. Þau eru eiginlega bara alveg rosaleggir lúðar.“

Annað aðalhlutverk í seríunni leikur Magnús Jónsson auk fjölda ungra leikara sem Steinunn Ólína segir hafa verið skemmtilegt að vinna með.

Eins og að læra að hjóla

Helstu ástæður þess að Steinunn Ólína hætti að leika segir hún hafa verið þær að hana langaði til þess að sjá hvort lífið hefði ekki upp á eitthvað annað að bjóða, enda hafði hún verið viðloðandi leikhúsin frá barnæsku og hafði starfað í leikhúsinu í rúm tuttugu ár þegar hún hætti.

„Lífið er of stutt. Við eigum að freista þess að lifa mörgum lífum á þessum fáu árum sem við fáum,“ segir hún og bætir við að hún telji áhersluna á að velja einn feril í upphafi starfsævinnar ákaflega takmarkandi. Hún telur að þær kynslóðir sem eru að vaxa úr grasi núna



Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir leikkona segir tímamót sem hafi liðið á milli hlutverka hafa hjálpað henni að komast yfir komplexa og gert það að verkum að hún gat einbeitt sér hundrað prósent að hlutverkinu og sögunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Heimurinn er á hreyfingu og ég neita að sitja kyll

Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir leikur rannsóknarlögreglukonu í þriðju þáttaröð Réttar. Hún er enn hætt að leika og segir lykिलinn að hamingjunni meðal annars fölginn í því að hæfileikar hvers og eins fái að njóta sín.

muni hugsa og vinna á annan hátt því í dag sé enn auðveldara en áður að leita þekkingar og mennta sig á mörgum sviðum og því ekki nauðsynlegt að festa sig við einn starfsferil.

En var þá ekkert erfitt að leika aftur eftir svona langt hlé?

„Leikari verður alltaf leikari. Það var enginn kvíði í mér fyrir því að fara að leika aftur en engin sérstök eftirvænting heldur. Mér fannst þessi tími sem hafði liðið hafa hjálpað mér mjög mikið og losað mig við alls konar komplexa sem ég hafði þegar ég var yngri. Það var léttir og ég var laus við það að vera upptekin af einhverjum smáatriðum sem engu skipta og gat einbeitt mér alveg hundrað prósent að hlutverkinu og sögunni.“

Steinunn Ólína fagnar þeirri þróun að leikkonum á miðjum aldri bjóðist í auknum mæli aðalhlutverk í þáttaröðum á borð við Rétt. „Ég hugsa að fyrir nokkrum árum hefði öllum þótt óhugsandi að vera með miðaldra konu í aðalhlutverki sem löggú. Það hefur verið normið að hún væri í kringum tuttugu og fimm ára aldurinn, ótrúlega sæt og rosalett hönk að leika á móti henni,“ segir hún og bætir við að hún fagni þessari þróun, sem er ekki séríslensk, því þetta sé oft erfður aldur fyrir leikkonur.

Gott að vinna ein

Í dag er hún ritstjóri Kvinnablaðsins

og nýtur þess að vinna heima við þegar hún á þess kost.

„Ég stjórna vinnutímanum mikið sjálf. Suma daga er ég mikið á fundum og svo eru aðrir dagar þar sem ég get leyft mér að vera heima á náttfötunum og vinna,“ segir hún og brosir út í annað.

Ritstjórnarstörfín voru þó ekki eitthvað sem hafði blundaði í henni, heldur áhugi sem kviknaði eftir að hún gaf út skáldsöguna Í fylgd með fullorðnum árið 2005. „Ég hafði ekkert gengið með það í maganum að skrifa. Ég bara settist niður og skrifaði bók. Þessi bók var ákveðin hreinsun fyrir mig og mjög góður skóli.“ Þegar hún flutti til Bandaríkjanna ásamt fjölskyldu sinni árið 2005 hóf hún að skrifa pistla fyrir Morgunblaðið og fann fljótlega að þar var eitthvað sem kítlaði. Einnig fannst henni gott að vinna ein eftir að hafa starfað í leikhúsunum um árabil.

„Eftir að hafa unnið á mjög mannmörgum vinnustað þar sem allir eru ofan í öllum og allt gengur út á samvinnu þá fannst mér einhver hvíld í því að vinna aðeins ein.“

Kvinnablaðið var stofnað í nóvember fyrir tveimur árum og verður tíma- mótunum fagnað með útgáfu glæsilegs tímarits sem verður dreift frítt. „Þessi vegferð okkar Soffíu Steingrimsdóttur framkvæmdarstjóra er buin að vera alveg frábær. Þetta er buið að ganga alveg ótrúlega vel,“ segir hún og bætir við: „Þó að reksturinn sé stundum erfður af því að við njótum ekki stuðnings bakhjarla eða styrkja þá hef ég fulla ástæðu til þess að vera bjartsýn,“ segir hún og hlær dátt þegar hún er spurð að því hvort hún stefni þá ekki á að skipta um starfsvettvang á næstunni: „Nei. Frekar færa út kvíarnar ef eitthvað er, við erum alveg óbangnar.“

Neitar að sitja kyrr

Fjölskyldan skiptir tíma sínum á milli Íslands og Bandaríkjanna þar sem Stefán Karl Stefánsson, eiginmaður Steinunnar Ólínu, vinnur hluta ársins. Hann heldur utan innan skamms til þess að leika sjálfan Trölla og fjölskyldan fylgir honum eftir þegar nær dregur jólum.

Framtíðina segir hún óráðna og þannig vill hún hafa hana. Henni líður alls staðar vel svo lengi sem hún er með fólkið sitt í kringum sig. „Heimurinn er á hreyfingu og ég neita að sitja kyrr. Ég



ÉG HUGSA AÐ FYRIR

NOKKRUM ÁRUM HEFÐI

ÖLLUM ÞÓTT ÓHUGSANDI

AÐ VERA MEÐ MIÐALDRA

KONU Í AÐALHLUTVERKI SEM

LÖGGU. ÞAÐ HEFUR VERIÐ

NORMIÐ AÐ HÚN VÆRI Í

KRINGUM TUTTUGU OG FIMM

ÁRA ALDURINN, ÓTRÚLEGA

SÆT OG ROSALEGT HÖNK AÐ

LEIKA Á MÓTI HENNI.

veit ekkert hvað ég geri á næsta ári og ég vil ekki ákveða það. Mér finnst stöðugleiki alveg rosalett lítið eftirsóknarverður,“ segir hún og bætir við að svona hafi hún verið frá barnæsku.

„Þetta ristir miklu dýpra en að vera eitthvert rötleysi. Mér finnst að maður eigi að njóta þeirra tækifæra sem koma upp í hendurnar á manni. Maður skuldar sjálfum sér það. Taka sénsa, taka stundum rangar ákvarðanir, læra af því, vera alltaf að læra og prófa eitthvað nýtt. Það er ekkert verra en að staðna í hugsun.“

Steinunn Ólína segist í gegnum tíðina hafa verið heppin að fá að vinna við sin hugðarefni. „Ég hef notið þeirra forréttinda að vinna við það sem mér finnst skemmtilegt og það er dálítið þannig að ef það er til staðar þá er lífið auðveldara. Ég finn til með fólki sem er óhamingjusamt í starfi og ég held að það séu mjög margir sem nýti hæfileika sína ekki nógu vel. Ég held að við þær aðstæður verði fólk mjög óhamingjusamt,“ segir hún hugsi og heldur áfram: „Lykillinn að hamingjunni er auðvitað að eiga góða fjölskyldu, góða vini og maður vonar að allir séu heilbrigðir og kátir í kringum mann en stærsti hluti af hamingju hvers og eins er fölginn í því að hæfileikar hans fái að njóta sín.“

FYRIRTÆKJAGJAFIR

LAUGARDAGUR 17. OKTÓBER 2015

Kynningarblað Trít, Nói Sírius, tilgangur, heilræði og hugmyndir.

Gómsætar og glæsilegar

Trít ehf. býður upp á rammíslenskar jólamatarkörfur, þar sem íslensk jólahefð blandast matarhandverki. Körfurnar frá Trít eru ríkulegar og innihalda allt það sem flestir vilja gæða sér á í aðdraganda jólanna eða á hátíðinni sjálfri.

Guðný Pálsdóttir ber hitann og þungann af þeim verkefnum sem koma inn á borð hjá Trít og er allt komið á fullt að undirbúa jólin. „Það er í mörg horn að líta þessa dagana. Okkar stærsti birgir er Kjötbankinn í Hafnarfirði, sem er frábær kjötvinnsla. Þaðan fáum við hangikjötið, hamborgarhryggina, patéin, grafna kjötið og fyrir þá sem vilja minna af reyktu og söltu þá erum við með lambafille, læri, hryggi og hvað sem er,“ segir Guðný.

Hangikjöt, gæs, bleikja og hamborgarhryggur

Guðný segir úrvalið mjög fjölbreytt og körfurnar settar saman með þarfir viðskiptavina í huga. Sjá má ýmsar ólíkar samsetningar á heimasíðu Trít, www.trit.is, og einnig er Trít á Facebook. „Það eru tvær meginstefnur í gangi þegar kemur að körfum. Sum fyrirtæki horfa á þessar gjafir sem eins konar jólabónus fyrir sína starfsmenn. Þá viljum við gjarnan að karfan innihaldi annað tveggja eða bæði, hamborgarhrygg og hangilæri. Með þessu fylgir svo ýmislegt góðgæti sem gaman er að smakka.“

Guðný segir aðra viðskiptavini horfa meira til þess að setja saman eitthvað spennandi sem fólk borðar ekki dagsdaglega. „Þar má nefna körfu með gæsaliðarmús, tvíreyktu hangikjöti, ljúffengum pylsum frá pylsugerðarmeistararum Klaus í Skaftafelli og bragðgóða bleikju frá Jónasi og Rögnu í Fagradal við Vík. Þessar körfur eru oft mjög fjölbreyttar og innihalda smakk úr öllum áttum. Þetta eru uppáhaldskörfurnar mínar.“ Síðarnefndu körfurnar eru afar skemmtilegar gjafir til viðskiptavina og vöktu mikla lukku í fyrra. Blandaðar körfur með til að mynda rauðvíni og eða hvítvíni eru frábærar jólagjafir. „Við keyrum út fyrir þá sem þess óska og það er skemmtileg vinna,“ segir Guðný.

Persónuleg þjónusta – falleg vara

Trít leggur mikið upp úr persónulegri þjónustu. Mörg fyrirtæki hafa ákveðið fyrir fram þá fjárhæð sem verja á fyrir hvern starfsmann. Þá gerir Trít tilboð í skemmtilega samsetningu, þegar fyrir liggur hvert markmiðið með gjöfinni er og hvað hún má kosta. Allar matarkörfur frá Trít koma í fallegum, sterkum kössum og eru þeir hárauðir að lit, svona jólarauðir.

Matarhandverk, sannkallað trít

Trít er sjálft að setja á markað vörur úr gæsaafurðum á



Matarkörfurnar frá Trít eru gómsætar og glæsilegar. Hér er Hátíðartrít, vegleg gjöf sem býður upp á allt það helsta sem tengist íslenskri jólahefð.



Körfurnar eru ólíkar að uppbyggingu og verðbilið breitt. Ýmsar samsetningar má sjá á www.trit.is.

næstu vikum. Þar er um ræða gæsaliðarmús, eða foie gras, og gæsaconfit, sem eru gæsaleri steikt í andafitu og tætt niður í krukku. Þetta er einkar ljúffengt til dæmis með rauðlaukssultu. Pylsurnar sem Trít býður upp á koma úr Skaftafelli og eru í tak-

mörkuðu upplagi. „Fyrir jólin í fyrra fengu færri en vildu ýmislegt af því sem smærri birgjar framleiða fyrir Trít. Það er því skynsamlegt að panta snemma. Trít framleiðir sína eigin sósu sem kallast Trít-sósa og er algjört konfekt með reyktri gæs,

reyktri bleikju eða grafinni og er sósan trít í sjálfu sér,“ lýsir Guðný.

Að sögn hennar eru gæsaafurðirnar og pylsurnar hreinlega matarhandverk. Á sama tíma leggur Trít mikla áherslu á að skipta einungis við framleiðend-



Guðný Pálsdóttir með Jónasi, fiskeldibónda, í Fagradal. Hér er skoðuð bleikja sem verður reykt fyrir jólin. Matarhandverk frá litlum byrgjum spilar stórt hlutverk hjá Trít.

ur sem er vottaðir og bjóða eins lífræna vöru og unnt er. Þannig er bleikjan frá Fagradal alin í lindarvatni og hefur Fagradalsbleikjan alla tíð verið alin á heilbrigðasta hátt sem mögulegur er.

„Október er ríflega hálfnaður. Jólin eru skammt undan og skella yfirleitt á okkur. Hægt er að panta körfur á heimasíðu Trít og ganga frá greiðslu. Nú eða senda póst á trit@trit.is og gera fyrirspurn.“

Fengu jólakort frá formanni Framsóknarflokksins

Fríða Björnsdóttir starfaði um áratugaskeið sem blaðamaður, lengst á Tímanum. Hún er ekki óvön því að skrifa um allt milli himins og jarðar tengt jólum. Fríða hefur gaman af fallegum hlutum og því var ekki úr vegi að spyrja hana út í jólagjafir vinnuveitenda.

Fríða segist ekki muna eftir því að hafa fengið einhverja sérstaklega eftirminnilega gjöf frá vinnuveitanda sínum. Hún segir að á Tímanum hafi ekki tíðkast að gefa starfsmönnum jólagjafir. „Ég minnst þess ekki að við höfum fengið jólagjafir þegar ég var að byrja í blaðamennsku. Samstarfsmaður minn frá þeim tíma staðfestir það,“ segir Fríða og bætir við að starfsmenn hafi þó fengið jólakort undirritað af framkvæmdastjóra Tímans og formönnum flokksins hverju sinni. „Starfsfélagi minn kunnir vel að meta kortin því hann á þau enn,“ segir Fríða.

„Þegar frá leið man ég að mikið var talað um að fólk fengi vínlöskur í jólagjöf frá fyrirtækjum. Ég verð því miður að segja að í sumum tilfellum fylgdi líka sögunni að slíkar gjafir færðu fjölskyldum ekki endilega gleði, að minnsta kosti ekki þar sem áfengisneysla var vandamál.“

Þegar Fríða er spurð hvort henni finnst að fyrirtæki ættu að gefa fallegan hlut í jólagjöf, matarkyns gjöf, peninga eða eitthvað til að njóta, eins og bók eða tónleika, svarar hún: „Það er erfitt að meta hvers konar jólagjafir skapa mesta gleði, enda þiggjendurnir jafn ólíkir og þeir eru margir. Matarkörfur finnst mér alltaf skemmtilegar gjafir. Í þeim leynist eitthvað sem allir á heimilinu njóta og hafa gaman af að smakka. Það er hins vegar ótrúlega erfitt að velja hluti fyrir fólk, ekki síst núna þegar flestir eiga allt, eins og sagt er. Svo finnst fólk kannski gjöfin forljót. Nú síðustu ár hefur færst í vöxt, að því er mér virðist, að fyrirtæki gefi pening í formi gjafakorta. Í sumum tilfellum verður vissulega að nota kortin á ákveðnum stöðum, en í öðrum



Fríða er nú í fríi á Flórída þar sem hún hefur tvívegis haldið jól. Hún segist alltaf kaupa eitthvert jóladót þegar hún fer til útlanda. „Í Ameríku förum við á bílskúrssölur þar sem þessi sæti karl varð á vegi mínum, ekki kókakólasveinninn heldur bláklæddur, líklega að hætti rétttrúnaðarkirkjunnar.“
MYND/EINKASAFN

er hægt að taka út peningana og nýta þá eftir því sem best hentar hverjum og einum. Það er mjög góður kostur að mínu mati.“

Þegar Fríða er spurð um óvenjulega eða skemmtilega gjöf rifjar hún upp sögu.

„Það getur vissulega verið gaman að velja fyrir sér hvað hverjum og einum kann að

líka best eða verst. Ég minnst þess að einu sinni fengu starfsmenn þar sem ég vann skál úr málm, ekki eðalmálm, en nokkuð skemmtilegur hlutur samt. Ekki voru allir á einu máli um gripinn, samstarfskona mín fékk skál sem hún sagði að væri eins og næturgagn í laginu og gat ekki hugsað sér að hafa

hana nokkurs staðar uppi við á sínu heimili. Ég sá engan veginn þessa samlíkingu og endirinn varð sá að hún gaf mér skálina sem hefur veitt mér gleði æ síðan þar sem hún stendur á borðstofuborðinu mínu. Og það sem meira var, mér fannst mín eigin skál líka býsna falleg svo þarna fékk ég tvær gjafir sem

báðar glöddu mig mikið og gera enn 15 árum síðar,“ segir Fríða og bætir við að jólagjafir séu alltaf gefnar með góðu hugarfari. „Það skiptir máli og mér finnst því að við ættum að vera jafnpakklát fyrir gjöfina, hvort sem hún er stór eða smá,“ segir Fríða sem nýtur lífsins á Flórída þessa dagana.

Gefðu möguleika

Þú færð gjafakortið á þjónustuborði Smáralindar eða á smaralind.is





2015 Christmas Noël Jul



Fyrirtækjagjafir

Vefverslun www.kunigund.is



Aðstoðum fyrirtæki við að finna
gjafir til starfsfólks við hæfi.
Gott úrval og fallegar vörur.

Allar frekari upplýsingar í síma
5513469 eða kunigund@kunigund.is

K KÚNÍGÚND

SÉRVERSLUN MED VANDAÐAR GJAFAVÖRUR

Laugavegur – Kringlan – Vefverslun
www.kunigund.is

Falleg hefð sem sýnir hlýhug vinnuveitenda í garð starfsmanna

Sú hefð er algeng hér á landi að fyrirtæki gefi starfsmönnum sínum jólagjafir. **Vaka Ágústsdóttir** vinnusálfræðingur telur að slíkar gjafir ættu að vera hófstílltar. Þá geti frídagur í kringum jólin einnig verið hinar bestu jólagjafir.

Að gefa jólagjafir er val fyrirtækja en ekki eitt-hvað sem þau verða að gera. Hins vegar er þetta viss leið fyrir fyrirtækin að láta starfsmenn sína vita að þeir eru metnir að verðleikum. Þetta vinarbragð og hlýhugur í garð starfsfólksins getur styrkt sambandið milli þeirra og vinnuveitenda,“ segir Vaka, sem er formaður Vinnusálfræðingafélags Íslands og starfar sjálf á mannauðssviði LS Retail.

Hún segir að ýmsu að huga þegar velja á jólagjöf handa stórum hópi fólks. „Þannig þarf fyrst að skoða kúltúrin og hvernig starfsmannahópurinn er samsettur,“ segir Vaka en nokkur munur er á að velja gjafir fyrir fámennan starfsmannahóp eða fjölmennt fyrirtæki.

„Gott er að velja gjafir sem koma að notum,“ segir Vaka og bendir á að sum fyrirtæki velji jólagjafir sem tengjast stefnu fyrirtækisins. „Þannig gæti fyrirtæki í nýsköpun valið gjöf í þeim anda.“

Upplýsingaflæðið mikilvægt

Vaka er á þeirri skoðun að gjafir ættu að vera hófstílltar. „Fyrirtæki ættu ekki að gefa gjafir umfram getu en í takti við rekstur fyrirtækisins. Ef illa gengur þarf að draga úr umfangi gjafanna en síðan er hægt að gefa í ef vel árar. Umfram allt þarf að upplýsa starfsmenn um hvað sé í vændum til að væntingarnar séu ekki óraunhæfar,“ segir Vaka. Það sama eigi við ef fyrirtæki ákveði að gefa til góðgerðarmála í stað þess að gefa gjafir til starfsmanna. „Upplýsingaflæðið er mikilvægt.“

Tími með fjölskyldunni

Vaka segir sum fyrirtæki bregða á það ráð að gefa starfsmönnum frí milli jóla og nýárs í stað jólagjafa. „Það getur verið afar dýrmætt að gefa fólki meiri tíma með fjölskyldunni og oft mun betri jólagjöf en eitthvað í pakka,“ segir



„Gott er að velja gjafir sem koma að notum,“ segir Vaka.



„Það getur verið afar dýrmætt að gefa fólki meiri tíma með fjölskyldunni og oft mun betri jólagjöf en eitthvað í pakka.“

Vaka Ágústsdóttir
vinnusálfræðingur

Vaka. Hún segir önnur fyrirtæki gefa starfsmönnum frídag í aðdraganda jóla sem einnig sé vel metið.

Móralinn er ársverkefni

En hafa gjafirnar jákvæð áhrif á mórallinn í fyrirtækinu? „Ekki einar og sér. Ef það er slæmur mórall í fyrirtækinu kemur gjöf ekki til með að breyta því. Miklu meiri vinna liggur að baki því að byggja upp samstöðu, traust og virðingu á meðal starfsfólks

og nær yfir mun lengri tíma en jólin. Hins vegar geta gjafirnar haft áhrif á sýn fólks á fyrirtækið til skamms tíma.“

Margt annað hægt að gera

Alls ekki öll fyrirtæki hafa ráð á því að gefa starfsmönnum jólagjafir. Vaka segir þó að ýmislegt annað sé hægt að gera sem ekki kosti mikið. „Til dæmis má skipuleggja einhverjar góðar gæðastundir sem sýna starfsmönnum hlýhug í þeirra garð.“

GJÖF AF ÖLLU
HJARTA

Gjafakort Kringlunnar er gjöf af öllu hjarta. Þú færð kortið á þjónustuborði á 1. hæð við Hagkaup eða á kringlan.is

Kringlan

Gefðu gjöf frá frægustu hönnuðum heims



Við hjá Epal hjálpum þér að velja réttu
gjöfina fyrir þig og þitt starfsfólk.

- Mikið úrval
- Góð verð
- Fagleg ráðgjöf
- Frí innpökkun

Epal hefur boðið upp á faglega
þjónustu og gæða vörur í 40 ár

Harpa / Skeifan 6 / Kringlan / 5687733 / epal@epal.is / www.epal.is

Nánari upplýsingar veitir Arna í síma 568 7733 eða: arna@epal.is




GEORG JENSEN

by Lassen.
COPENHAGEN

LAKRIDS

Joseph
Joseph

ROSENDAHL



GJAFIR SEM HENTA FLESTUM

Það er sniðugt fyrir þjónustufyrirtæki sem eru í daglegum samskiptum við viðskiptavini sína að gefa þeim gjafir við hátíðleg tilefni. Bæði bætir það orðspor fyrirtækisins og fær viðskiptavinina til að halda tryggð við það.

Pó þarf að velja þessar gjafir af kostgæfni til að þær henti sem flestum. Best væri að gjöfin sé eitthvað sem allir þurfa að nota í sínu daglega lífi. Hér eru nokkur dæmi um gjafir sem væru tilvaldar í jólapakka viðskiptavina (það má þó taka það fram að gjafirnar eru ekki endilega valdar út frá kostnaði).



Hnífasett

Það þurfa allir hnífa í eldhúsið, hvort sem þeir eru stjörnukokkar eða bara alls ekki.



Skurðarbretti

Sama ástæða og með hnífana. Það væri gaman að láta osta og kex fylgja með brettinu.

Teppi

Það finnst öllum gott að hjúfra sig undir fallegu teppi uppi í sófa á köldu vetrarköldi. Ekki skemmir fyrir ef teppið er fallegt og hægt að nota það sem stofustáss.

Sælgætiskarfa

Flestum finnst gott að gæða sér á smá sætindum á góðri stund. Ípróttaálfarnir sem ekki borða sælgæti sjálfir geta gefið það áfram því allir þekkja að minnsta kosti einn nammigrís.

Öllu því besta tjaldað til fyrir jólin

Óslípaðir tónlistarsnillingar í bland við þá reynslumeiri láta ljós sitt skína í átakinu Geðveik jól sem haldið verður í fimmta sinn fyrir jólin. Keppt er um besta jólalagið og áheitum safnað um leið fyrir góðum málstað. Þættirnir um Geðveik jól hafa verið sýndir RÚV og notið mikilla vinsælda síðustu ár.

Átakið Geðveik jól hóf göngu sína árið 2011 og hefur frá upphafi sett skemmtilegan svip á jólaundirbúning landsmanna. Þar keppa fyrirtæki sín á milli um „geðveikasta jólalagið“ sem ýmist er samið af starfsmönnum sjálfum eða saminn er nýr texti við eldra útgefið lag. Um leið er markmið átaksins að næra geðheilsu starfsmanna, hressa upp á mórallinn og að leyfa starfsmönnum að láta ljós sitt skína um leið og þeir láta gott af sér leiða.

Upphafismaður Geðveikra jóla er Bjarney Lúðvíksdóttir sem jafnframt hefur stýrt verkefninu frá upphafi. Þá sat hún í stjórn Geðhjálpar og segist hafa viljað finna nýja og skemmtilega leið til þess að styðja við félagið. „Ég nýtti reynslu mína sem framleiðandi til þess að hanna verkefnið sem fékk nafnið Geðveik jól. Orðið „geðveik“ til að minna okkur á mikilvægi góðrar geðheilsu og „jól“ vegna þess að desember er sá mánuður sem fólk fer oft á yfirsúning og gleymir að hlúa að geðheilsunni.“

Keppnin sjálf gengur út á að safna áheitum en hvert fyrirtæki safnar til stuðnings góðu málefni. Fyrirtækið sem safnar hæstu upphæðinni vinnur sér inn þrjú stig en sérstök dómnefnd, skipuð tónlistarfólki með ólíkan bakgrunn, gefur einnig stig. „Lögin mega ekki vera lengri en þrjár mínútur og starfsmenn eiga að vera í aðalhlutverki þótt aðstoð fjölskyldumeðlima, vina og viðskiptavina sé leyfð.“

Hæfileikar eru víða

Sjónvarpsþættir um Geðveik jól hafa verið sýndir á RÚV undanfarin ár og er þátturinn einn sá vinsælasti á sjónvarpsstöðinni í desembermánuði. „Um þessar mundir hef ég í samstarfi við Sagafilm Nordic unnið að því að koma verkefninu á dagskrá hjá Norðurlandþjóðunum. Það verður spennandi að sjá hvort þær komi til með að halda Geðveik jól eins og við í náinni framtíð.“

Framleiðsla jólalaganna og myndbandanna hefst í nóvember og segir Bjarney magnað að fylgjast með metnaði þátttakenda undanfarin ár. „Það er öllu tjaldað til og keppnisandinn er mikill, ekkert ósvipað og í Eurovision. Það ætla allir að vinna! Það hefur sýnt sig að tónlistarhæfileikar leynast alls staðar, á færiböndum og í fundarherbergjum. Geðveik jól hefur verið frábær vettvangur fyrir óslípaða tónlistarsnillinga til að láta ljós sitt skína.“

Hún segir löngu ljóst að verkefnið hafi jákvæð áhrif á vinnustaði og fólkið sem vinnur þar. „Þessi keppni er líka frábær leið til þess að kynna fyrirtækið,



N1 lagði mikinn metnað í bæði lag, búninga og sviðsframkomu árið 2013.

MYND/ÚR EINKASAFNI



„Það er öllu til tjaldað og keppnisandinn er mikill, ekkert ósvipað og í Eurovision“ segir Bjarney Lúðvíksdóttir sem stýrir átakinu. Geðveik jól í fimmta sinn.

MYND/GVA

„Þessi keppni er líka frábær leið til að kynna fyrirtækið“

rekstur þess og ímynd í gegnum söng, gleði og mannaud.“

Áætlað er að fyrsti sjónvarpsþáttur um Geðveik jól 2015 fari í loftið 3. desember og verða þá öll lögin frumsýnd og fyrirtækinn kynnt til leiks. Þátttakendur í ár eru Virtus, Bestseller, Toy-

ota, Hamborgarabúllan, Löður, LS Retail, DoHop og Kjarnafæði. „Átta geðveik fyrirtæki sem eru nú þegar byrjuð að undirbúa, semja og útsetja lögin sín.“

Hægt er að fylgjast með framvindu átaksins inn á facebook.com/www.geðveikjól.is

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



Jóni í helgarspjalli

Jón Jósep Snæbjörnsson tónlistarmaður spilar sem trúbadur á Húsinu á Ísafirði um helgina. Hann segist annars heima-kær og fer snemma í háttinn. SÍÐA 2

NORÐURKRILL

- Astaxanthin
- Omega 3

Omega 3 í sinni hreinustu og öflugustu mynd

Fyrir andlegt heilbrigði



Neysla Omega-3 fitusýra getur hindrað geðrof og hægt á þróun geðklofa og annarra geðsjúkdóma samkvæmt niðurstöðum rannsókna vísindamanna við Háskólann í Melbourne. www.medicalexpress.com

Fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhúllum verslana.

NÝTT LÍF MEÐ HJÁLP CURCUMIN

BALSAM KYNNIR CURCUMIN frá Natural Health Labs. Allt að 50 sinnum áhrifameira en hefðbundið túrmerik! Tilvalið fyrir þá sem vilja styrkja liðamótin, auka liðleika, bæta andlega líðan, auka orku ásamt því að losna við langvarandi liðverki, bólgur, gigt og magavandamál. Steinunn Kristjánsdóttir segir Curcumin hafa gefið sér nýtt líf.

Steinunn Kristjánsdóttir er sjúkraliði að mennt og vinnur í dag við verslunarstörf. Hún hefur átt við mikla verki að stríða um allan líkama í yfir 25 ár eftir að hún lenti í slæmu bílslysi. „Mér var alltaf illt í öllum líkamanum og vildi helst alltaf fara heim snemma ef ég fór út. Ég gat ekki haldið á bók til lestrar og vaknaði iðulega á næturnar og gat ekki sofið vegna verkja.“ Steinunn var búin að reyna allt til að fá betri líðan án árangurs og taldi sig einfaldlega þurfa að sætta sig við verkina. „Nuddkonan mín sagði mér þá frá Curcumin sem hefur í sannleika sagt gefið mér nýtt líf. Ég er búin að taka inn Curcumin í einn og hálfan mánuð, ég missti út fjóra daga og það var þá sem ég uppgötvaði að Curcumin er það sem hjálpar mér að losna við alla verki.“

BARNABÖRNIN SEGJA „AMMA ER FARIN AÐ HLAUÐA“

Steinunn segir það besta við að vera laus við verkina vera betri stundir með fjölskyldunni. „Ég er svo þakklát fyrir að geta liðið vel í eigin líkama og notið þess að vera með barnabörnunum mínum. Mér fannst skemmtilegt að heyra barnabarnið mitt segja mömmu sinni að amma sé bara farin að hlaupa upp stigann,“ segir Steinunn og hlær. „Hún hafði ekki séð það áður. Það er svo mikill lífsvilji í mér að ég verð að fá að lifa lífinu lifandi. Mér þykir rosalega gaman að fara á skiði, synda, hjóla, ganga á fjöll og loksins sé ég fram á að geta farið að gera það sem ég elska aftur. Ég er hins vegar mest ánægð að vera orðin skemmtilega Steinunn aftur.“



MÆLIR MEÐ Steinunn Kristjánsdóttir sjúkraliði mælir eindregið með Curcumin.



SÖLUSTAÐIR Fánlegt í öllum apótekum landsins, Lifandi markaði, Hagkaup, Fjarðarkaupum, Heilsuhorninu Blómavali, Heilsuveri, Heilsulausn.is, Orkusetrinu og Heimkaupum.

CURCUMIN (GULLKRYDDIÐ) er virka innihaldsefnið í túrmerikrótinni og hefur verið notað til lækninga og til matargerðar í yfir 2.000 ár í Asíu. Hátt í 3.000 rannsóknir hafa verið gerðar á þessari undrarót undanfarna áratugi sem sýna að Curcumin getur unnið kraftaverk gegn hinum ýmsum kvillum líkamans og sé jafnvel áhrifameira en skráð lyf. Curcumin hefur jákvæða verkun á slæma liði, gigt, bólgur og magavandamál, styrkir hjarta- og æðakerfið ásamt því að bæta heilastarfsemi og andlega líðan.

VISSIR ÞÚ að yfir 3.000 rannsóknir hafa verið framkvæmdar á Curcumin?

100% NÁTTÚRULEGT Bætiefnið er unnið úr túrmerikrót frá Indlandi og er 100% náttúrulegt, inniheldur engin rotvarnarefni og er framleitt eftir ströngustu gæðakröfum (GMP vottað).

RÁÐLÖGÐ NOTKUN Taktu tvö grænmetishylki með vatnsglasi yfir daginn.

HREINT CURCUMIN MARGFALT ÁHRIFAMEIRA EN TÚRMERIK Curcumin inniheldur túrmerik er ekki mikið, aðeins um 2-5% miðað af þyngd, og því getur hreint Curcumin orðið allt að því 50 sinnum áhrifameira en túrmerik. Curcumin bætiefni eru því kjörin lausn fyrir þá sem vilja fá hámarksávinning af túrmerikrótinni á þægilegan máta.



AFSLÁTTARDAGAR

Söfnunar- stell – glös – hnífapör



iittala

ERUM EINGÖNGU Á LAUGAVEGI 178

Tekk www.tk.is
KRISTALL
Laugavegi 178 - Sími. 568 9955

Mikið úrval af fallegum vörum á tilboði

natures aid



Gengur þér illa að léttast!

Trim-It

Þyngdarstjórnun

FRÁBÆR BLANDA SEM STYÐUR STARFSEMI SKJALDKIRTILSINS!

Innheldur m.a. Kelp (brúnþörungur) sem styður starfsemi skjaldkirtilsins. Blandan getur örvað meltingu og aukið brennslu. Hægur skjaldkirtill er vel þekkt vandamál og getur það einnig verið orsök þess að fólk gengur illa að léttast.

Fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og stórmörkuðum.

Náttúrulegt
Melatónin MADE WITH NON-GMO INGREDIENTS

ZenBev Triptófan úr graskersfræjum

Friðsælar nætur Streitulausir dagar

Betri og dýpri svefn
Engin eftirköst eða ávanabinding

Upplýsingasími 896 6949 og www.vitex.is

Visindaleg sönnun á virkni
<http://www.ncbi.nlm.nih.gov/pubmed/16053244>
<http://www.ncbi.nlm.nih.gov/pubmed/18066139>

Fæst í apótekum og heilsubúðum

Betra blóðflæði

NO. - 1. dós superbeets jafngildir 30 flöskum af 500 ml rauðrófusafa

Betri heilsa

Íslensk vottun á virkni NO³

Sýni rannsóknarstofa Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Fæst í apótekum og heilsubúðum

Upplýsingar WWW.SUPERBEETS.IS vitex ehf - Upplýsingasími 896 6949

Ný glæsileg lína Black Crystal komin frá Basler!

Erum komin með úrval af fallegum kápum og yfirhöfnum.

Parísartízkán tekur breytingum og bíður nú upp á 6 merki frá Tískurisanum Max Mara.

Verið velkomnar.

Parísar
TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770

Sjáið myndirnar á facebook.com/Parisartizkan

STÖÐ 3
+ENDALAUST TAL
+1 GB Í GSM
1.990 kr.
til 1. nóvember*

3

FÁÐU STÖÐ 3 Á BETRA VERÐI Í HAUST

Fáðu þér áskrift í síma 1817 eða á 365.is

*Gildir fyrir eina áskrift. Viðskiptavinir sem taka þessu tilboði fyrir 1. nóvember halda þessum kjörum í eitt ár.



HELGIN Tónlistarmaðurinn, flugþjónninn og háskólaneminn Jón Jósep eða „Jónsi í í svörtum fötum“ vill helst eyða helgunum með fjölskyldunni. MYND/GVA

FORÐAST HÚSVERK UM HELGAR

SPILAR Á ÍSAFIRÐI Jón Jósep Snæbjörnsson, tónlistarmaður með meiru, vill helst sleppa við uppvaskið og þvottinn um helgar. Hann er heimakær og fer snemma í háttinn. Draumhelgin hefst á kaffi með fjölskyldunni.

Hvað á að gera um helgina? Um helgina verð ég að spila sem trúbadur á Húsinu, Ísafirði. Það verður því tjaldað til tveggja náttu í villta vestrinu.

Hvernig eru dæmigerðir laugardagar hjá þér? Ef ég er ekki að vinna kvöldið eða nóttina áður leggjum við fjölskyldan í góðan morgunverð með hleyptum eggjum, kaffibrauði og ilmandi kaffi. Ef vel á að vera gerum við þetta líka á sunnudögum.

Hvernig væri draumhelgin? Draumhelgin mín hefst á góðum kaffibolla með fjölskylduna kringum mig. Ég er svo heppinn að fá stundum að njóta slíks.

Sefurðu út eða ertu morgunhani? Vanalega er ég snemma á fótum en ég held hvíldardagana heilaga því ég næ ekki alltaf að sofa fullan nætursvefn.

Vakirðu frameftir eða ferðu snemma í bólið? Mér þykir alltaf betra og betra að fara fyrr að sofa. Með þessu áframhaldi verð ég kominn í rúmið klukkan 17.15 þegar ég verð 43 ára.

Uppáhaldslaugardagsnammið? Ef ég á að vera skynsamur er epli með hnetusmjöri frábært. Verst hvað ég er lítið skynsamur.

Hvað er það óhollasta sem þú leyfir þér? Að láta mér leiðast.

Hvernig viltu hafa kaffið? Helst frá Kaffitári. Þá er ég sáttur.

Djamm niðri bæ eða sjónvarpskvöld heima? Ég er ansi heimakær. Svarið mitt við þessari spurningu vekur líklega litla kátinu þeirra sem taka sér spretti um helgar. En svo eru börnin að komast á þann aldur að þau geta passað hvort annað og því er aldrei að vita hvað gerist.

Fá gesti eða fara í heimsókn? Ef ég slepp við uppvask er mér nokk sama.

Elda heima eða út að borða? Konan mín er slíkur meistarakokkur að hver veitingastaður myndi roðna við samanburðinn. En svo notumst við líka við Eldum rétt-heimsendinguna sem er alger snilld!

Bjór eða blávatn? Það fer eftir því hvernig bjór er í boði. Ef mér er boðinn Vestuleteren 12 myndi ég seint segja nei.

Hvað er í matinn hjá þér þegar þú vilt gera virkilega vel við þig? Eitthvað sem allir á heimilinu elska. Keisarasalatið hans Ragnars lækni er alger hjólhesta-spurna í samskeytin hjá mínu fólki.

Hvar er best að eyða laugardags- eftirmiðdegi? Með góðu fólki við leik og fjarri þvottaerberginu.

Með hverjum er best að hanga um helgar? Konunni minni.

Hvað er svo annars að fréttu? Ég er bara kátur, eiginmaður og faðir, störfum hlaðinn söngvari/gítarleikari og flugfreyja og háskólanemi. Lífið er ljúft og ég er þakklátur fyrir hverja mínútu.

ALGER SNILLD
„Konan mín er slíkur meistarakokkur að hver veitingastaður myndi roðna við samanburðinn. En svo notumst við líka við Eldum rétt-heimsendinguna sem er alger snilld!“

USN®

TODAY IS A GREAT DAY TO

#CHALLENGEYOURSELF

USN opnar verslun á Íslandi

Í tilefni dagsins verður 30-50% afsláttur af öllum vörum á opnunardegi verslunarinnar að Suðurlandsbraut 16, laugardaginn 17. október kl. 12-17.



CLA RASPBERRY KETONE

Aukin brennsla & minni sykurlöngun



Collagen CLA

Styður við húð og liði ásamt því að örva brennslu.




Lean 8

Próteinblanda með hrað-, medium og hægvirku próteini.



EPIC PRO

Úthaldsvara sem inniheldur allt sem þarf, notist á meðan eða effir æfinga



Protein Mousse

Fitusnauður og sykurlaus prótein búðingur í effirrétt eða sem snarl.



Hyperlean

Enginn sykur né kolvetni og engin vatnsbinding

Gríptu tækifærið og komdu þér í betra form með USN fæðubótarefnum.

USN



SUÐURLANDBRAUT 16
108 REYKJAVÍK



696 6992
USN@USN.IS



WWW
USN.IS

Allar USN vörur eru samþykktar á Íslandi og innihalda engin ólögleg efni, en eru ekki ætlaðar fyrir yngri en 18 ára.

365.is
Sími 1817

365

FÁRÁNLEGA FLOTTUR PAKKI

Með Skemmtipakkanum fylgja sex sjónvarpsstöðvar. Spennandi íslenskir og erlendir þættir, kvikmyndir og vandað talsett barnaefni. Að auki fá áskrifendur internet, heimasíma, Stöð 2 Marapón og aðild að Vild.*



Með því að greiða 1.990 kr. aukalega færðu endalaust tal og 1 GB í GSM.



FÁDU PÉR
ÁSKRIFT
á 365.is

SKEMMTIPAKKINN



9.290 kr.
Aðeins 310 kr. á dag



*20 GB í interneti og 100 mín. í heimasíma á 0 kr. Greitt er 9,7 kr. upphafsgjald þegar hringt er úr heimasíma. Nánari upplýsingar á 365.is



MEÐ GRÆNA FINGUR
Kiddi í Blómavali fagnar því um helgina að 45 ár eru frá því verslunin var opnuð í Sigtúni. Sjálfur er hann búinn að vinna í versluninni í 32 ár.
MYND/STEFÁN

ANDI GÖMLU DAGANNA

„Mér sýnist seventís-tískan og hippastillinn vera að snúa aftur því það er töluverð eftirspurn eftir jukkum og pálmum.“

MEÐ BLÓMUM Í 32 ÁR

AFMÆLI Kristinn Einarsson starfaði sem félagsfræðikennari í Menntaskólanum í Reykjavík þegar hann sótti um aukavinnu hjá Blómavali í Sigtúni árið 1983. Kennslan var fljótt sett til hliðar því blómin tóku völdin og í dag er Kristinn framkvæmdastjóri Blómavals, sem heldur upp á 45 ára afmæli.

Kristinn eða Kiddi í Blómavali eins og hann er alltaf kallaður, fagnar 45 ára afmæli verslunarinnar um helgina. Kiddi man tímana tvöna í blómasölu og rifjar upp hvernig tískan fer í hringi. „Þegar ég byrjaði í Blómavali voru flestir gluggar borgarinnar hlaðnir blómapottum. Svo kom tími minimalisma og blómin hurfu. Mér sýnist seventís-tískan og hippastillinn vera að snúa aftur því það er töluverð eftirspurn eftir jukkum og pálmum. Grænar plöntur hreinsa loftið og gefa frá sér súrefni svo það er gott að hafa þær í kringum sig,“ segir hann.

FÓLK SPYR UM APANA

Þegar Kiddi byrjaði í Blómavali var verslunin í gróðurhúsi í Sigtúni. Eigendurnir voru bræðurnir Bjarni og Kolbeinn Finnssynir. Þeir voru rétt rúmlega tvítugir þegar þeir keyptu reksturinn. „Blómaval varð fljótt viðkomustaður fjölskyldna um helgar, enda var margt að sjá. Aþarnir, sem margir muna eftir, drógu fólk að og sömuleiðis páfagaukarnir. Kobbí páfagaukur hefur átt heimili í Blómavali í 20 ár og gestir hafa alltaf gaman af því að heilsa upp á hann. Fólk kemur enn til okkar og spyr um apana,“ segir Kiddi. „Verslunin stækkaði hratt á þessum árum og gestagangur var alltaf mikill. Árið 1988 var jólaland Blómavals opnað í fyrsta sinn, það fyrsta sinnar tegundar á landinu, og enn í dag er mikil áhersla lögð á að endurskapa búðina fyrir jólin,“ segir Kiddi og bætir við að þegar Kringlan opnaði hafi umhverfið

breyst því helgarrúntur borgarbúa fór að beinast þangað. Bræðurnir Bjarni og Kolbeinn seldu Blómaval til Húsasmiðjunnar árið 1999.

Kiddi viðurkennir að margt hafi breyst þegar eigendaskipti urðu. „Þetta var fjölskyldufyrirtæki á einum stað. Núna tengist Blómaval Húsasmiðjum um allt land og er stærra í sniðum.“

SKREYTT MEÐ VIGDÍSI

Kiddi segist fyrst og fremst hafa haft áhuga á kaupmennsku þegar hann hóf störf hjá Blómavali á sínum tíma. „Ég hafði alltaf mikinn metnað að selja. Var ungur farinn að selja blöð og merki. Garðyrkjan var ekki endilega aðalmálið en maður gekk í öll störf, jafnt á skrifstofunni sem í búðinni. Ég var líka kynnir á blómaskreytinganámsskeiðum. Starfið er fjölbreytt og starfsfólkið skemmtilegt, þess vegna hefur maður í lengst í þessu. Árstíðirnar skipta öllu máli í þessu starfi. Eftir hrúnið 2008 varð gríðarlegum áhugi á mat- og kryddjurtum sem er enn til staðar,“ segir Kiddi sem lengi vann með Vigdísi Hauksdóttur alþingismanni en hún starfaði við blómaskreytingar í Blómavali. „Það var stormasamt og skemmtilegt að vinna með Vigdísi. Hún hefur verið með okkur á jólaskreytinganámsskeiðum og ég vona að hún verði aftur núna fyrir jólin. Þessi námskeið hafa verið mjög vinsæl. Það eru þó nær eingöngu konur sem mæta. Íslenskum karlmönnum finnst blóm vera kvenlæg fyrirbæri. Þeir eru eftirbátar frænda okkur í Skandinavíu

að þessu leyti. Þar þykir sjálfsgagt að karlmenn kaupir blóm fyrir heimilið á meðan þeir íslensku kaupna eingöngu blóm til gjafa. Á námskeiðinu setjum við línurnar í litum og tisku fyrir jólin. Hjá mér eru samt jólin alltaf rauð, græn og gyllt. Blómafólk er frekar íhaldssamt á jólalitunum. Allt bendir til þess að horft verði til gömlu daganna á komandi jólum. Þetta verða gamaldags jól.“

GRÆNIR FINGUR

Þegar Kiddi er spurður hvort hann hafi græna fingur, svarar hann því játandi. „Ég hef gaman af því að rækta landið í kringum sumarbústaðinn minn. Hann er staðsettur í Munaðarnesi í Borgarfirðinum en þar er gríðarlega fallegt landslag.“

Kiddi fæddist á Ísafirði og ólst þar upp. Hann flutti til Reykjavíkur til að stunda háskólanám og settist að í Laugarnesi þar sem hann býr enn. Kiddi á þrjú upp-komin börn og fimm barnabörn. Kona hans er Ragna Dóra Rúnarsdóttir hjúkrunarfræðingur. Hann var lengi formaður íþróttafélagsins Þróttar og hefur unnið mikið með félaginu. Núna situr hann í sóknarnefnd Laugarneskirkju. „Ég er áhugamaður um andleg málefni og mannrækt,“ segir hann. Kiddi er sömuleiðis mikill áhugamaður um útivist og hreyfingu.

Eftir afmælishelgina fer starfsfólkið í Blómavali síðan í jólskap en versluninni er umturnað á þessum árstíma þegar jólandið fer í gang með tilheyrandi jólaanda.

elin@365.is

Ábendingahnappinn má finna á
www.barnaheill.is



S A F T



ÞURRKUR Í NEFI OG BLÓÐNASIR - ER OLÍA LAUSNIN?

LYFIS KYNNIR Naso Fresh og Naso sesamolía eru nefúðar sem innihalda sesamolíu í úðaformi og eru áhrifaríkir við þurrki í nefi.

Nú þegar sumarið er að baki og kólna tekur fer lofttraki einnig minnkandi. Andrúmsloftið getur orðið töluvert þurr að vetri til og einnig inni allt árið. Við slíkar aðstæður getur slímhúð í öndunarfærum þornað óæskilega mikið. Áhrif þess geta verið þurrkur í nefslímhúð en það sem margir vita ekki er hverjar afleiðingar

hans geta verið. Nefstífla getur t.d. komið vegna þurrks í nefi sem svo getur haft áhrif á öndun um nefið. Að auki getur þurrkur í nefslímhúð rífið slímhúðina og valdið blóðnosum.

NASO-FRESH OG NASO SESAMOLÍA Í NEF

LYFIS markaðssetti nýverði tvær tegundir nefúða sem innihalda olíu; Naso Fresh og Naso sesamolía frá ratiopharm. „Nefúðarnir innihalda báðir sesamolíu en að auki inniheldur Naso Fresh eucalyptusolíu sem gefur ferskan ilm,“ segir Hákon Steinson lyfjafræðingur, hjá LYFIS. Rannsóknir hafa sýnt að olíur eru mun meira rakagefandi sem nefúði en saltvatn og eru því áhrifaríkar á nefstíflu og sár í nefi vegna þurrks. „Það má líkja því




HELSTU EINKENNI ÞURRKS Í NEFSLÍMHÚÐ

- Nefstífla
- Sár í nefi
- Blóðnasir

að úða olíu í nefið við að bera mjög feitt krem á húð. Rakagefandi áhrif þess eru mikil,“ segir Hákon. „Það er því nauðsynlegt að velta fyrir sér hvort nefstífla eða sárið í nefinu og blóðnasirnar séu vegna þurrks í nefi.“ Nokkrir dagar geta liðið áður en full áhrif koma fram og mælt er með að úða 1-3 úðum í hvora nös 3 sinnum á dag. Naso Fresh og Naso sesamolía fást í apótekum á góðu verði.



NASO FRESH Er nefstífla eða sárið í nefinu og blóðnasirnar vegna þurrks í nefslímhúð?



COLDFRI má nota á meðgöngu og með barn á brjósti.

COLDFRI VIÐ KVEFI OG HÁLSBÓLGU

LYFIS KYNNIR Coldfri munnúði styttr kveftímabil og meðhöndlar sérindi í hálsi. Coldfri munnúðinn er í 20 ml úðaglassi og fæst í apótekum á góðu verði.

Coldfri munnúði er ekki lyf og er seldur í almennri sölu í apótekum. Tilvalið er að prófa Coldfri munnúða þegar kvefpestin ber að dyrum. Munnúðinn er sykurlaus og ákjósanlegur í stað sykraðra hálsatfana við hálsbólgu. „Mikill kostur er að hafa góða og einfalda lausn sem flýtir fyrir bata, en kvefpestir eiga uppruna sinn í smiti í öndunarfærum. Mikilvægur þáttur í að hindra framgang kvefpesta er að koma í veg fyrir að sýklar nái fótfestu í kokinu,“ segir Hákon Steinson, lyfjafræðingur hjá LYFIS.

„Coldfri munnúða á að nota mjög reglulega fyrstu klukkustund meðferðar þar sem fjöldi sýkla er mestur í upphafi sýkinga,“ segir Hákon. „Beina á úðanum að kokinu og úða 4 skömmtum 4 sinnum fyrstu klukkustundina, síðan 4 skömmtum á 2 klukkustunda



HVAÐ GERA INNIHALDSEFNIN?

- Glýseról og sorbitól hvata munnvatnsmyndun sem veldur útskolun á sýklum.
- Zink asetat myndar varnarfilmu á slímhúðinni og hefur veiruhamlandi áhrif.
- Pantotenat (B5 vítamín) hvetur endurnýjun á bólginni slímhimnu í koki.

COLDFRI MUNNÚÐI er sykurlaus og fæst í apótekum

fresti þar til einkenni hverfa.“

Aðalinnihaldsefni Coldfri munnúða eru glýseról og sorbitól, sink asetat og pantotenat. Efnin vinna saman að því að fjarlægja sýkla og vernda slímhimnu í hálsi og hjálpa til við endurnýjun hennar.

NAGLASVEPPIR - NÝ LAUSN ÁN LYFSEÐILS

LYFIS KYNNIR Amorolfin ratiopharm lyfjalakk á neglur við naglsveppum fæst nú án lyfseðils í næsta apóteki.

Hingað til hefur ekkert lyf fengist við naglsveppum án lyfseðils í apótekum,“ segir Hákon Steinson, lyfjafræðingur hjá LYFIS. „Það er því mjög ánægjulegt að bæta lyfinu við úrval lausasölu-lyfja LYFIS, en við höfum markvisst unnið að því að auka framboð lyfja sem hægt er að kaupa án lyfseðils.“

Lyf sem innihalda amorolfin eru komin í lausasölu í nokkrum öðrum Evrópulöndum og hefur tilkoma lyfsins í lausasölu aukið aðgengi almennings að meðferðarkosti við naglsveppum. Amorolfin er breiðvirkt sveppalyf sem er mjög virkt gegn algengum tegundum af naglsveppum. Amorolfinið smýgur úr lyfjalakkinu inn í og í gegnum nöglina og getur þar af leiðandi útrýmt sveppnum sem er illa aðgengilegur í naglbeðnum. Þar sem meðferðin er staðbundin eru aukaverkanir mjög sjaldgæfar og þá aðallega svæðisbundnar, sem er mikill kostur fyrir notandann.

Algengustu einkenni naglsveppasýkingar eru þykkun naglarinnar og litabreyting. Nöglin getur t.d. orðið hvít, svört,



gul eða græn. Verkir og óþægindi geta einnig komið fram.

Bera skal lyfjalakkið á sýktar fingur- eða táneglur einu sinni í viku eða samkvæmt ráðleggingu lækis. Meðferð skal haldið áfram óslitið þar til nöglin hefur endurnýjað sig og viðkomandi svæði er læknað. Amorolfin ratiopharm má nota



AMOROLFIN RATIOPHARM er ætlað til notkunar á bæði tá- og fingurneglur.

AMOROLFIN RATIOPHARM er notað einu sinni í viku eða samkvæmt ráðleggingu lækis. Með í þakningu eru einnig hreinsigrisjur, naglþjalir og fjölnota spaðar til að dreifa úr lakkinu.

með öðrum lyfjum en ekki má nota naglallakk eða gervineglur á meðan verið er að nota lyfið.

Mikilvægt er að lesa fylgiseðil lyfsins fyrir notkun og kynna sér helstu varúðarreglur. Stutta samantekt um lyfið má sjá hér aftar.



Notkunarsvið: Amorolfin ratiopharm lyfjalakk inniheldur amorolfin og er notað til meðferðar við sveppasýkingum í nöglum sem áður hafa verið greindar af lækni eða til meðferðar á endurteknum sveppasýkingum. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir amorolfini eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins. **Varúð:** Forðast skal að lyfjalakkið komist í snertingu við augu, eyru og slímhúðir. Sjúklingar með undirliggjandi sjúkdóma sem eru móttækilegir fyrir sveppasýkingum í nöglum ættu að ræða viðeigandi meðferð við lækni. Slíkir sjúkdómar eru útlægir blóðrásarkvillar, sykursýki og ónæmisbæling. Sjúklingar með visnaðar neglur og ónýtar neglur ættu að ræða viðeigandi meðferð við lækni. Eldfimt. **Meðganga og brjóstgjöf:** Notkun lyfsins skal ákveðin af lækni. **Skömmtun:** Lyfjalakkið er borið á sýktar fingur- eða táneglur einu sinni í viku eða samkvæmt ráðleggingu lækis. Meðferð skal haldið áfram óslitið þar til nöglin hefur endurnýjað sig og viðkomandi svæði er læknað. Ekki ætlað börnum. **Aukaverkanir:** Aukaverkanir eru mjög sjaldgæfar, helst staðbundnar, s.s. neglur geta orðið mislitar eða losnað frá naglbeðnum. **Lesið vandlega fylgiseðilinn sem fylgir lyfinu.** SmPC: Mars 2014.

NÚ ER HÆGT AÐ SKIPTA STRAX

BÍLABÚÐ BENNA KYNNIR Algengara er orðið að fólk láti setja vetrardekkinn undir með góðum fyrirvara og eiga Toyo harðskeljadekkin þar stóran hlut að máli. Bílabúð Benna rekur fimm hjólbarðaverkstæði undir nafninu Nesdekk á höfuðborgarsvæðinu.

Bílabúð Benna er einn öflugasti sölu- og þjónustuaðili á sviði hjólbarða á Íslandi. Þar finna viðskiptavinir einhverja breiðustu línu af hjólborðum sem völ er á, allt frá þeim allra minnstu og upp í stærðir fyrir stærstu vörubíla og hjólaskóflur. Þetta eru dekk frá mörgum af þekktustu framleiðendum í heimi, s.s. Toyo, Pirelli, BFGoodrich, Maxxis og Interstate ásamt fjölmörgum öðrum.

VETURINN KEMUR MEÐ HVELLI Það hefur loðað við Íslendinga að taka allt með áhlaupi og helst að bíða fram á síðasta dag með að ganga í verkin. „Við þekkjum þetta vel í dekkjabransanum og þar hafa lög og reglugerðir líka átt hlut að máli. Þetta hefur undantekningarlaust leitt til þess að mikil örtröð hefur myndast á hjólbarðaverkstæðum þegar veturinn kemur með hveli, sem hann jú gerir alltaf á Íslandi, en virðist alltaf koma landanum jafn mikið á óvart,“ segir Sigurður Hallmann Ísleifsson, sölustjóri í Hjólbarðadeild Bílabúðar Benna.

GALDURINN LIGGUR Í GÚMMÍNU

„Toyo harðskeljadekkin eru einstök enda hafa þau slegið í gegn hjá Íslendingum. Dekkin eru eins og sniðin fyrir íslenska veturinn en gúmmíð í þeim er blandað

með grimmsterkum brotum úr valhnetuskel, sem er eitt sterkasta náttúrulega efni heims, og í það er blandað sílikonefni sem heldur gúmmíinu mjúku, jafnvel í hörkufrosti. Við viljum meina að með Toyo harðskeljadekkjum slái ökumenn þrjár flugur í einu höggi; fái meira öryggi við síbreytileg akstursskilyrði, spæni ekki upp úr malbikinu og losi sig við naglaglamrið.“

STRAX UNDIR BÍLINN

„Nú getum við með góðri samvisku hvatt fólk til að mæta með bílinn strax. Þegar nagladekkinn voru hvað vinsælust var lítið svigrúm til að hnika til álagstímnum á hjólbarðaverkstæðunum. Toyo harðskeljadekkin okkar hafa gjörbreytt þeirri stöðu og gefið okkur tækifæri til að stýra álaginu betur á hjólbarðaverkstæðum,“ segir Sigurður. Fólk, sem áður hélt sig við nagladekk, þarf ekki lengur að binda sig við lögbundnar dagsetningar til að koma með bílana í dekkjaskipti. „Viðskiptavinir okkar eru ekki lengur eins háðir nöglum, enda er vetrargrip Toyo harðskeljadekkjanna frábært. Þeir búa sig undir veturinn með lengri fyrirvara og mæta með bílinn strax í dekkjaskipti og sleppa við langar bíðraðir. Þetta er því til þægindaauka fyrir alla,“ segir Sigurður.



ENGAR BÍÐRAÐIR „Við hvetjum fólk til að láta okkur setja réttu vetrardekkinn undir bílana sína tímanlega og losna þannig við bíðraðir,“ segir Sigurður Hallmann Ísleifsson, sölustjóri í hjólbarðadeild Bílabúðar Benna.

MYND/GVA

Bílabúð Benna rekur fimm hjólbarðaverkstæði á suðvesturhorni landsins undir nafninu Nesdekk og er með söluaðila út um allt land. „Þar er kappkostað

að veita bestu þjónustu og ráðgjöf við dekkjaval sem völ er á. Lögð er áhersla á vönduð vinnubrögð og málin afgreidd fljótt og vel enda starfar hjá Bílabúð

Benna og Nesdekki starfsfólk með áratuga reynslu í hjólbarðþjónustu.“

Nánari upplýsingar má finna á benni.is og nesdekk.is.

SÝNINGAR-SALUR Á HEIMILINU

GALLERÍ KÆNUVOGUR Myndlistarmaðurinn Erlingur Valgarðsson lét gamlan draum rætast og útbjó sýningarsal á heimili sínu í Súðarvogi. Salurinn var vígður í gær með samsýningu Vogandi.

Íbúð Erlings og sambýliskonu hans, Dóru Jónu Jónatansdóttur, er gömul verksmíðja sem búið er að gera upp í íbúðir og vinnustofur. „Við höfum búið hér í fimm ár og það er æðislegt enda erum við með Elliðaárnar fyrir framan stofugluggann,“ segir Erlingur.

Það var lengi gamall draumur hans að vera með eigin sýningarsal og nýlega lét hann verða af því að breyta hluta íbúðarinnar í sal sem hann kallar Gallerí Kænuvog. Salurinn var vígður í gær með samsýningu 12 listamanna sem kalla sig Vogandi. „Flestir í hópnum eru vinir mínir en nafnið kom út frá því að við vorum að leika okkur með orð sem tengjast vöginum. Þá er þetta einnig líkingamál, okkur finnst vogandi að láta vaða,“ segir Erlingur en fjölbreytileikinn verður mikill á sýningunni, enda listformin ólík. „Þarna verða ljósmyndir, vefnaður, grafík, málverk og skúlptúrar.“

Sjálfur verður Erlingur með verk sem hann hefur unnið að síðastliðið ár og er úr nýrri seríu sem hann kallar Laut. „Ég hef unnið við náttúruna í gegnum

tíðina en í þessum nýju verkum hef ég færst aðeins nær henni. Laut hefur tvíþætta merkingu, annars vegar sem áningarstaður þar sem göngufólk hvílir lúin bein, og hins vegar að lúta náttúrunni,“ segir Erlingur sem hefur gerbreytt um stíl í sínum nýjustu verkum.

„Ég flutti til Gotlands í Svíþjóð í eitt ár í fyrra. Þar flutti ég í hlöðu á austurströnd eyjarinnar, settist niður og beið eftir að andinn kæmi yfir mig. Í stuttu máli hef ég kúvent í stíl og serían Laut er ekkert í líkingu við neitt sem ég hef gert áður.“

Samsýningin stendur aðeins þessa helgi en opið er í dag og á morgun frá 14 til 17.

Hvert er svo framhaldið? „Á milli sýninga mun ég að nýta salinn sem vinnustofu,“ segir Erlingur sem ætlar að vera með helgarsýningar í salnum reglulega. „Það er fyrirbæri sem ég var með á vinnustofu á Akureyri og hentar mjög vel. Þeir sem koma á svona sýningar mæta yfirleitt á opnun eða tvo til þrjá dagana á eftir,“ segir hann og býður alla velkomna á sýningu Vogandi um helgina.



LISTAMAÐUR Erlingur með eitt af verkum sínum. Samsýning Vogandi í Gallerí Kænuvogi í Súðarvogi 48 verður opin laugardag og sunnudag frá klukkan 14 til 17.

MYND/GVA



Fræðslunetið – símenntun á Suðurlandi er sjálfseignarstofnun sem hefur það meginmarkmið að treysta aðgengi fullorðins fólks á Suðurlandi að símenntun og framhaldsfræðslu sem felur í sér námskeiðahald, náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat. Starfssvæðið nær yfir Árnæssýslu, Rangárvallasýslu, Vestur- og Austur-Skaftafellssýslur. Starfstöðvar eru á Selfossi (höfuðstöðvar), Hvolsvelli, Vík, Kirkjubæjarklaustri og Höfn. Tólf starfsmenn starfa hjá Fræðslunetinu auk fjölda leiðbeinenda. Fræðslunetið hefur viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem fullorðinsfræðsluadili skv. lögum um framhaldsfræðslu og EQM-gæðavottun sem er staðfesting þess að Fræðslunetið standist evrópskar kröfur um gæði starfseminnar.

Nánari upplýsingar um Fræðslunetið er að finna á vefsíðunni fraedslunet.is

Framkvæmdastjóri

Fræðslunetið - símenntun á Suðurlandi óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri veitir Fræðslunetinu forstöðu, stjórnar daglegum rekstri þess og ber ábyrgð gagnvart stjórn félagsins.

Starfssvið:

- Dagleg stjórnun og rekstur
- Gerð rekstrar- og starfsáætlana auk reikningssskila
- Samstarf um símenntun og framhaldsfræðslu
- Almenn stefnumótun; skipulag á námsframboði Fræðslunetsins á Suðurlandi
- Umsýsla með Vísinda- og rannsóknarsjóði Suðurlands
- Gerð samninga um fræðslustarfið
- Umsóknir um styrki til fullorðins- og framhaldsfræðslu

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýttist í starfi
- Góð þekking á fullorðins- og framhaldsfræðslu og öðrum mennta- og skólamállum
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Mikil færni í mannlegum samskiptum
- Haldgóð þekking og reynsla af fjármálum og rekstri
- Reynsla af verkefnastjórn og stefnumótunavinnu
- Góð tungumálakunnátta og tölvufærni
- Þekking á opinberri stjórnsýslu
- Þekking á byggðamálum á Suðurlandi

Upplýsingar veita:

Ásmundur Sverrir Pálsson
framkvæmdastjóri Fræðslunetsins
Sími 560 2030
asmundur@fraedslunet.is

Inga S. Arnardóttir
inga@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á
www.hagvangur.is

Með umsókn skal fylgja ítarleg ferilsskrá og greinargott kynningarbréf sem færir rök fyrir hæfni umsækjanda.

Umsóknarfrestur er til og
með 31. október nk.

Búseta á svæðinu er æskileg og að
viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is



Landspítali er fjölmennasti vinnustaður landsins með rúmlega 5.000 starfsmenn. Spítalinn hefur víðtæku hlutverki að gegna sem þjóðarsjúkrahús, háskólasjúkrahús og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum.

Landspítali leggur áherslu á öryggi, góðan vinnustað, skilvirka verkferla, ábyrgan rekstur og endurnýjun húsnæðis.

Framkvæmdastjóri þróunar á Landspítala

Leitað er að jákvæðum, kraftmiklum og reyndum stjórnanda með brennandi áhuga á að byggja upp sterka liðsheild og framfylgja framtíðarsýn og markmiðasetningu spítalans. Starfið er veitt frá 1. desember 2015 til 5 ára.

Stöðug framþróun er hornsteinn nútíma spítalaumhverfis. Örar framfarir í þekkingu og verklagi krefjast þess að innviðir, nýbyggingar, tækjabúnaður, upplýsingatækni og verklag séu í sífelldri endurskoðun og þróun. Hlutverk framkvæmdastjóra þróunar er að leiða þessa framþróun.

Framkvæmdastjóri þróunar starfar á skrifstofu forstjóra, heyrir undir forstjóra og situr í framkvæmdastjórn spítalans.

Hæfnis- og menntunarkröfur:

- Framúrskarandi leiðtoga- og samskiptahæfileikar
- Farsæl stjórnunar- og rekstrarreynsla úr efstu þrepum fyrirtækja eða stofnana
- Frumkvæði, drifkraftur og stefnumótandi hugsun
- Reynsla af aðferðafræði stefnumiðaðrar stjórnunar
- Reynsla af yfirumsjón stórra verklegra framkvæmda
- Afburða hæfni í tjáningu í ræðu og riti, á íslensku og ensku
- Lífssýn og persónuleg gildi sem falla vel að stefnu Landspítala
- Reynsla af umbótastarfi, teymisvinnu og breytingastjórnun
- Háskólapróf sem nýttist í starfi. Framhaldsmenntun er æskileg

Starfssvið:

- Yfirumsjón með stefnumörkun spítalans
- Yfirumsjón með aðkomu Landspítala að endurnýjun húsnæðis við Hringbraut (NLSH)
- Yfirumsjón með þróun straumlínustjórnunar (lean management)
- Ábyrgð á verkefnastofu og samskiptadeild spítalans
- Önnur verkefni sem forstjóri felur framkvæmdastjóra

Upplýsingar veita:

Leifur Geir Hafsteinsson
leifurgeir@hagvangur.is

Sigrún Ósk Jakobsdóttir
sigrun@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á
www.hagvangur.is

Með umsókn skal fylgja ítarleg ferilsskrá og greinargott kynningarbréf sem færir rök fyrir hæfni umsækjanda.

Umsóknarfrestur er til og
með 2. nóvember nk.

Laun eru samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

Spennandi störf hjá Fjárvakri



FJÁRMÁLAPJÓNUSTA

Laus störf til umsóknar tilheyrja viðskiptabókhaldi og gagnavinnslu sem eru deildir innan fjármálaþjónustu Fjárvakurs. Fjármálaþjónusta sér um verkferla sem tilheyrja fjármálasviði viðskiptavina, allt frá móttöku reikninga frá birgjum og reikningagerðar, til uppgjörs og ársreikninga. Áhersla er lögð á að veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu með fagmennsku, áreiðanleika, öflugum lausnum og skilvirkum ferlum.

Starfssvið

- Færsla, afstemmingar og úrvinnsla bókhalds
- Lánardrottnaafstemmingar
- Reikningagerð
- Samskipti við viðskiptamenn
- Önnur tilfallandi verkefni innan fjármálaþjónustu

Hæfniskröfur

- Reynsla og þekking á bókhaldi
- Þjónustulund og færni í samskiptum
- Sjálfstæð, öguð og nákvæm vinnubrögð
- Talnaglöggur einstaklingur með góða Excel kunnáttu

LAUNADEILD

Starf launafulltrúa er laust til umsóknar hjá launadeild Fjárvakurs. Launadeild sér um launavinnslu og launatengda þjónustu fyrir viðskiptavinum, auk þess að bjóða upp á aðgang að mannauðskerfi og vakta- og viðverukerfi. Launamenn í þjónustu hjá Fjárvakri eru yfir 6.000 talsins og dreifast á um 30 stéttarfélög. Nákvæmir útreikningar, tímanleg afhending og örugg meðhöndlun trúnaðarupplýsinga eru lykilatriði sem höfð eru að leiðarljósi.

Starfssvið

- Undirbúningur og skráning launa
- Samlestur og leiðrétting í launaprufu
- Skil og frágangur launagagna
- Upplýsingagjöf til viðskiptavina
- Útgáfa á ýmsum vottorðum
- Móttaka og afhending skattkorta
- Aðstoð við kjarasamninga og túlkun þeirra
- Aðstoð við gerð ráðningar- og starfslokasamninga

Hæfniskröfur

- Reynsla af launavinnslu æskileg
- Reynsla af H3 Launum og H3 Mannauði kostur
- Þjónustulund og færni í samskiptum
- Sjálfstæð, öguð og nákvæm vinnubrögð
- Talnaglöggur einstaklingur með góða Excel kunnáttu



Fjárvakur er dótturfyrirtæki Icelandair Group og hefur sérhæft sig í umsjón fjármála fyrir meðalstór og stór fyrirtæki frá árinu 2002. Hjá fyrirtækinu starfa um 120 manns, á Íslandi og í Eistlandi, sem búa yfir áralangri reynslu á sviði fjármálaþjónustu. Fjárvakur leitast við að ráða til sín og hafa í sínum röðum framúrskarandi starfsfólk og efla það í störfum sínum.

Áhersla er lögð á gott starfsumhverfi, starfsánægju og starfsþróun.



Umsóknir

Umsóknir skal fylla út á heimasíðu Fjárvakurs fjarvakur.is undir **Laus störf**. Umsóknarfrestur er til **26. október n.k.** og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Öllum umsóknum er svarað og farið er með þær sem trúnaðarmál.

Nánari upplýsingar gefur starfsmannastjóri Fjárvakurs, Halldóra Katla Guðmundsdóttir, halldorag@fjarvakur.is.



FJÁRVAKUR

Icelandair Shared Services • Icelandairhúsinu
Reykjavíkflugvelli • 101 Reykjavík
Sími: 5050 250 • fjarvakur@fjarvakur.is

FJÁRVAKUR



Capacent Ráðningar

Ráðgjafar Capacent búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

Kynnið ykkur þjónustuna á www.capacent.is

capacent



Fjársýslustjóri

Laust er til umsóknar embætti fjársýslustjóra. Fjársýsla ríkisins er lykilaðili í fjárstjórn og rekstri ríkisins. Hlutverk hennar er að stuðla að hagkvæmri og árangursríkri starfsemi ríkisins með samhæfingu fjármálastjórnar og þjónustu við ríkisaðila. Stofnunin tryggir tímanlegar og áreiðanlegar upplýsingar um fjármál og starfsemi ríkisins og stuðlar að öruggri og skilvirkri greiðslumiðlun ríkissjóðs. Hún annast þróun og rekstur sameiginlegra upplýsingakerfa ríkisins á sviði fjár- og mannauðsmála.

Starfssvið fjársýslustjóra:

- Ábyrgð á daglegum rekstri og starfsemi stofnunarinnar.
- Stefnumótun á starfssviði stofnunarinnar og á sviði opinberra fjármála.
- Sérfræðileg ráðgjöf við fjármála- og efnahagsráðuneytið.
- Stjórnun mannauðs.
- Samskipti við ráðuneyti og stofnanir.
- Erlend samskipti.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Framhaldsnám á háskólastigi sem nýtist í starfi er skilyrði.
- Stjórnunar- og rekstrarreynsla.
- Fagleg þekking og reynsla á sviði fjármálastjórnar, áætlanagerðar og reikningsskila.
- Þekking á aðferðum til að tryggja markvissa nýtingu upplýsingatækni við fjármálastjórn og rekstur.
- Þekking og reynsla af opinberum fjármálum, rekstrarkerfum ríkisins og stjórnsýslu er æskileg.
- Reynsla af stefnumótunarvinnu og breytingastjórnun er nauðsynleg.
- Leiðtogahæfileikar og geta til að hvetja aðra til árangurs.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og uppbyggilegt viðmót.
- Frumkvæði og metnaður til að sýna árangur og kraftur til að hrinda verkum í framkvæmd.
- Hæfni til tjáningar í ræðu og riti á íslensku og ensku er nauðsynleg og vald á einu Norðurlandamáli er kostur.

Fjármála- og efnahagsráðherra skipar í embættið til fimm ára frá 1. janúar 2016. Laun eru samkvæmt ákvörðun kjararáðs. Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til og með 2. nóvember næstkomandi.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um embættið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.

Umsókn um embættið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í embættið. Nánari upplýsingar veita Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) og Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun í embættið hefur verið tekin.

capacent



Grafískur hönnuður

Markaðs- og þjónustumál Íslandsbanka

Grafískur hönnuður óskast til starfa við Markaðs- og þjónustumál bankans. Hlutverk deildarinnar er að styðja við öll vörumerki bankans, viðhalda ímynd bæði inn á við og út á við og skapa eftirspurn eftir vörum og þjónustu. Starfsfólk tekur virkan þátt í að móta og framfylgja stefnu bankans um að vera #1 í þjónustu.

Umsóknarfrestur er til og með 25. október

Umsóknir óskast fylltar út á www.islandsbanki.is og sendar ásamt ítarlegri ferilsskrá.

Helstu verkefni:

- Grafísk hönnun og hugmyndavinna á markaðsefni
- Innri markaðssetning
- Uppsetning á glærum og skýrslum
- Umsjón með útliti markaðsvara

Hæfniskröfur:

- Háskólapróf í grafískri hönnun eða sambærileg menntun
- Mjög góð kunnátta á helstu hönnunarforrit Adobe CS
- Gott vald á íslenski tungu
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar:

Hólmfríður Einarsdóttir, Markaðsstjóri, 440 4620
holmfridur.einarsdottir@islandsbanki.is

Sigrún Ólafsdóttir, Mannauðssviði, 440 4172
sigrun.olafs@islandsbanki.is

Við bjóðum góða þjónustu. Hjá Íslandsbanka starfa um 950 starfsmenn. Við sækjumst eftir starfsfólki sem er jákvætt, faglegt og framsýnt og leitar ávallt bestu lausna fyrir viðskiptavinum bankans. Framtíðarsýn Íslandsbanka er að vera númer eitt í þjónustu.

Hvað segir fólkíð okkar? Sjáðu hvað starfsfólk hefur að segja um vinnustaðinn: islandsbanki.is > Um Íslandsbanka > Vinnustaðurinn



Sviðsstjóri fjármálasviðs

Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga (LSS) óskar eftir að ráða sviðsstjóra fjármálasviðs.

LSS er einn af stærstu lífeyrissjóðum landsins og annast einnig rekstur á Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar og Lífeyrissjóði starfsmanna Kópavogsbæjar.

Hjá sjóðnum starfar metnaðarfullur hópur starfsmanna sem vinnur af heilum hug að hagsmunum sjóðfélaga.

Starfssvið:

- Dagleg fjármálastjórnun
- Ábyrgð á gerð og eftirfylgni fjárhags- og sjóðsflæðisáætla
- Ábyrgð á skýrslugjöf til stjórnar og framkvæmdastjórnar
- Ábyrgð á rekstri upplýsingatækni
- Yfirumsjón með bókhaldi og gerð reikningsskila
- Skýrslugjöf til opinberra aðila
- Samskipti við viðskiptavinum
- Önnur verkefni í samráði við framkvæmdastjóra

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun annað hvort á sviði fjármála eða endurskoðunar
- Reynsla og þekking á reikningsskilum, fjármálastjórnun og bókhaldi
- Reynsla af stjórnunarstörfum er nauðsynleg
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð samskiptahæfni, skipulögð vinnubrögð og metnaður
- Greiningarhæfni
- Þekking á Dynamic NAV
- Góð Excel kunnátta

TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

Linnetsstígur 1 | 220 Hafnarfjörður | talent@talent.is | Sími 552-1600

Umsjón með ráðningunni hefur Lind hjá Talent og er áhugasömum bent á að sækja um starfið á vefsíðunni www.talent.is

Allar nánari upplýsingar veitir Lind í síma 552-1600 eða lind@talent.is
Umsóknarfrestur er til og með 29.okt. nk.

Sérfræðingur/aðstoðarfjármálastjóri

Við leitum að öflugum einstaklingi í starf sérfræðings fyrir traust þjónustufyrirtæki í Hafnarfirði. Viðkomandi vinnur náið með fjármálastjóra. Um er að ræða nýtt starf sem mótast í samráði við þann sem verður ráðinn. Starfið gæti hentað þeim sem vilja öðlast reynslu og axla síðan frekari ábyrgð og þróast í starfi.

Starfssvið

- Dagleg umsjón tekna og gjalda
- Greiðsluuppgjör og kostnaðareftirlit
- Áætlana- og skýrslugerð
- Umsjón viðskiptakrafna
- Dagleg samskipti við birgja og fjármálastofnanir
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði fjármála eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af fjármálum fyrirtækja
- Drifkraftur, frumkvæði og lausnamiðuð hugsun
- Nákvæmni í vinnubrögðum
- Góð enskukunnátta í ræðu í riti

www.intellecta.is
Síðumúla 5 - 108 Reykjavík

Umsóknarfrestur er til og með 27. október 2015.

Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og henni skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf.

Nánari upplýsingar um starfið veita Helga Rún Runólfssdóttir (helga@intellecta.is) og Ari Eyberg (ari@intellecta.is) í síma 511 1225.

Allar fyrirspurnir og umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

intellecta

Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir



Öflugir sérfræðingar

Samorka leitar að öflugum einstaklingum í tvö ný störf. Starfsemi samtakanna mun á næstunni taka nokkrum breytingum í kjölfar stefnumótunarvinnu, meðal annars með ráðningu tveggja nýrra sérfræðinga og flutningi skrifstofunnar í Hús atvinnulífsins að Borgartúni 35.

Samorka eru samtök orku- og veitufyrirtækja á Íslandi.

Hlutverk samtakanna er að starfrækja trúverðugan, fræðandi og jákvæðan vettvang um starfsemi orku- og veitufyrirtækja og styrkja þannig stöðu þeirra og rekstur.

Nánari upplýsingar eru á www.samorka.is en framundan er gerð nýrrar vefsíðu.

Sérfræðingur í greiningu

Menntunar- og hæfniskröfur og verkefni:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi s.s. hagfræði, viðskiptafræði eða verkfræði
- Mótun stefnu um rannsóknir og greiningar
- Samskipti við fyrirtæki, opinbera aðila og almenning
- Gott vald á greiningarvinnu, úrvinnslu hagfræðigagna og annarra tölulegra upplýsinga er nauðsynlegt
- Frumkvæði, sjálfstæði og öguð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar
- Góð hæfni til að tjá sig í ræðu og riti, á íslensku og ensku

Upplýsingafulltrúi

Menntunar- og hæfniskröfur og verkefni:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af fjölmörgum störfum og/eða ábyrgð á samskiptamálum
- Þátttaka í stefnumótandi verkefnum tengdum upplýsinga- og samskiptamálum
- Samskipti við almenning, fyrirtæki og opinbera aðila
- Þekking á hagnýtingu samfélagsmiðla er kostur
- Reynsla af viðburðastjórnun er kostur
- Frumkvæði, sjálfstæði og öguð vinnubrögð
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Mjög góð hæfni til að tjá sig í ræðu og riti, á íslensku og ensku

Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 26. október. Farið verður með allar fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og henni þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf.

Intellecta Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.

intellecta

Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir



Verkfræðingar eða tæknifræðingar

Verkfræðingur/tæknifræðingur á sviði stjórnkerfa

Fjölbreytt verkefni við kerfisathuganir, hönnun stjórnkerfa, textagerð, eftirlit, prófanir og gangsetningar.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun á sviði stjórnkerfa
- Þekking á gerð stýrirsateikninga æskileg
- Reynsla í forritun stýrivéla og skjákerfa æskileg
- Þekking á hönnun fjarskipta og netkerfa kostur
- Gott vald á íslensku og ensku
- Gott vald á einu Norðurlandamáli er kostur

Verkfræðingur/tæknifræðingur á sviði raforkukerfa

Fjölbreytt verkefni við hönnun raforkukerfa, eftirlit, prófanir og gangsetningar.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Rafmagnsverkfræðingur eða -tæknifræðingur
- Þekking og reynsla á sviði raforkukerfa er æskileg
- Gott vald á íslensku og ensku
- Gott vald á einu Norðurlandamáli er kostur

Verkfræðingur/tæknifræðingur á sviði rafkerfa

Fjölbreytt verkefni fyrir allar gerðir mannvirkja. Hönnun lággspennu- og smáspennukerfa og stýring faglegra úrlausna.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Rafmagnsverkfræðingur eða -tæknifræðingur
- Þekking á lággspennu- og smáspennukerfum
- Góð kunnátta í AutoCAD eða Revit
- Framúrskarandi samskipta- og skipulagshæfni
- Þekking og reynsla af stjórnun verkefna er æskileg
- Gott vald á íslensku og ensku
- Gott vald á einu Norðurlandamáli er kostur

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um á ráðningarvef Verkís (umsokn.verkis.is) fyrir 2. nóv. n.k.

Nánari upplýsingar veitir Elín Greta Stefánsdóttir, mannauðsstjóri, egs@verkis.is

Verkís er öflugt og framsækið ráðgjafar-fyrirtæki sem býður fyrsta flokks þjónustu á öllum sviðum verkfræði.

Hjá Verkís starfa rúmlega 300 manns að fjölbreyttum og krefjandi verkefnum á Íslandi og erlendis.

Við ráðningu nýrra starfsmanna höfum við gildin okkar að leiðarljósi:

HEILINDI - METNAÐUR - FRUMKVÆÐI



Ofanleiti 2 | 103 Reykjavík | verkis@verkis.is | 422 8000



Ferðaskrifstofan Extreme Iceland sér um og skipuleggur langar ferðir og stuttar fyrir hópa og einstaklinga allan ársins hring. Fyrirtækið var stofnað árið 2009 og hefur vaxið hratt með auknum straumi ferðafólks til landsins. Fastir starfsmenn eru um 60 og á fyrirtækið yfir 30 ökutæki. Við erum vel staðsett í borginni með rúmgóðar skrifstofu og verkstæði. Nú þurfum við enn að fjölga í traustum hópi starfsmanna og leitum að góðu fólki í eftirtaldar deildir:

Bifreiðaverkstæði

Helstu verkefni

- > Allar almennar viðgerðir og viðhald á rútum og jeppum
- > Önnur tilfallandi verkefni sem tengjast ökutækjum í notkun

Hæfniskröfur

- > Full réttindi í bifvélavirkjun
- > Starfsreynsla á verkstæði
- > Sjálfstæði í vinnubrögðum
- > Færni í samskiptum og gott viðmót
- > Meirapróf er æskilegt

Söludeild

Helstu verkefni

- > Samskipti við viðskiptavini
- > Sala á ferðum fyrirtækisins og samstarfsaðila
- > Hönnun og skipulagning ferða
- > Tilfallandi störf sem tengjast þjónustu við viðskiptavini

Hæfniskröfur

- > Mjög gott vald á íslensku, ensku og gjarnan fleiri tungumálum
- > Víðtæk þekking á Íslandi og íslenskri menningu
- > Menntun í ferðamálafræði eða önnur háskólamenntun er kostur
- > Reynsla af störfum í ferðaþjónustu
- > Færni í samskiptum og gott viðmót
- > Metnaður til að ná árangri

Markaðsdeild

Helstu verkefni

- > Kynning (jafnt on-line sem off-line) á starfseminni
- > Öflun nýrra samstarfsaðila og viðskiptavina

Hæfniskröfur

- > Mjög góð þekking á internetinu
- > Gott vald á ensku ritmáli
- > Góð tungumálakunnátta
- > Frumkvæði og metnaður
- > Færni í samskiptum
- > Sjálfstæði í vinnubrögðum
- > Háskólamenntun sem nýtist í starfi er kostur

Bókhald

Helstu verkefni

- > Skráning reikninga og færsla bókhalds
- > Önnur störf tengd bókhaldi
- > Tilfallandi verkefni á skrifstofu

Hæfniskröfur

- > Viðurkenndur bókari og/eða mikil reynsla af bókhaldsstörfum
- > Reynsla af bókhaldsforritinu dk er æskileg
- > Nákvæmni í vinnubrögðum
- > Færni í samskiptum og gott viðmót

Óskað er eftir að umsækjendur geti hafið störf sem allra fyrst.

Umsóknarfrestur er til 27. október 2015. Umsóknum fylgi ítarleg ferilskrá og þær sendist í tölvupósti til work@extremeiceland.is

Öllum umsóknum verður svarað þegar ráðið hefur verið í störfin.

Extreme Iceland | www.extremeiceland.is | Sími: +354 588 1300 | Vatnagarðar 12 | 104 Reykjavík

Húsfélagið Hjallabraut 33, Hafnarfirði

Óskar eftir að ráða húsvörð til starfa. Starfinu fylgir 80 m² 3ja herbergja íbúð og er búseta þar skilyrði. Starfið hentar jafnt konum sem körlum. Starfið gæti hentað vel samhentum hjónum.

Hæfniskröfur:

- Handlaginn
- Lipur í samskiptum
- Reglusamur
- Samvirkusamur
- Þjónustulundaður

Helstu verkefni:

- Umsjón og eftirlit með húseigninni
- Reglubundin þrif og umsjón með aðkeyptum þrifum
- Umhirða lóðar
- Minniháttar viðhald
- Aðstoð við íbúa hússins
- Önnur tilfallandi störf
- Húsvörður hefur útkallsskyldu utan dagvinnutíma skv. nánara samkomulagi

Íbúar hússins eru 60 ára og eldri.

Húsvörður heyrir undir hússtjórn.

TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

Linnettsstigur 1 | 220 Hafnarfjörður | talent@talent.is | Sími 552-1600

Umsjón með ráðningunni hefur Bryndís hjá Talent og er áhugasömum bent á að sækja um starfið á vefsíðunni www.talent.is

Allar nánari upplýsingar veitir Bryndís í síma 552-1600 eða bryndis@talent.is. Umsóknarfrestur er til og með 28. okt. nk.

Leitum að frábærum starfsmanni til útkeyrslu og sölustarfa.

Þarf að vera þægilegur í samskiptum og samvirkusamur. Þarf að geta byrjað fljótlega.

Vinsamlega sendið umsóknir á: core@core.is

Húsvörður

Húsfélagið að Boðagrandu 7 í Reykjavík vill ráða húsvörð, í húsinu eru 60 íbúðir. Verkefni húsvörðar eru:

- Þrif á sameign
- Almenn umhirða húss, lóða og bílastæða.
- Auk almenns viðhalds og endurbóta.

Húsvörður þarf að vera laghentur og útsjónarsamur og skal hafa auga fyrir því sem betur má fara. Gert er ráð fyrir að kalla megi húsvörð til þegar nauðsyn krefur utan vinnutíma. Hluti af kjörum húsvörðar er afnot af húsvörðaríbúð. Lögð er áhersla að húsvörður sé jákvæður að eðlisfari og jákvæður í samskiptum. Starfshlutfall er 50%

Skriflegar umsóknir ásamt ferilskrá og meðmælum berist til: Blokkir.is, Álfabakka 12, 109 Reykjavík
Umsóknarfrestur er til og með 2. nóvember 2015

Vanur kranamaður óskast sem fyrst

Mótx óskar eftir því að ráða vanan kranamann til starfa sem fyrst. Góð laun í boði fyrir réttan aðila.

Hægt er að senda inn umsókn á tölvupóstfangið motx@motx.is eða hafa samband við Þröst í síma **696-4644**

Mótx
Við erum uppbyggjandi

Hlíðasmára 19 | 201 Kópavogur | sími 898 8872 | www.motx.is

Capacent Ráðningar

Umsækjendur og atvinnurekendur

- kynnið ykkur þjónustuna á www.capacent.is

capacent



Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Framkvæmdastjóri þróunar	Landspítali	Reykjavík	201510/1075
Doktorsnemi	Háskóli Íslands, Viðskiptafræðideild	Reykjavík	201510/1074
Afgreiðslustarf/simvarsla	Fjársýsla ríkisins	Reykjavík	201510/1073
Verkefnastjóri vef- og mark.mála	Háskólinn á Akureyri	Akureyri	201510/1072
Starfsmaður í mótuneyti	Alþingi	Reykjavík	201510/1071
Framhaldsskólakennarar	Verkmenntaskóli Austurlands	Fjarðabyggð	201510/1070
Námsstöður deildarlækna	Landspítali, lyflækningar	Reykjavík	201510/1069
Fjársýslustjóri	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Reykjavík	201510/1068
Fjármálastjóri	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Reykjanesbær	201510/1067
Vélamenn	Vegagerðin	Patreksfjörður	201510/1066
Yfirverkstjóri	Vegagerðin	Reykjavík	201510/1065
Hjúkrunarfræðingur	Landspítali, bráðþjónusta geðsviðs	Reykjavík	201510/1064
Læknakandidatar og alm. lækna	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Norðurland	201510/1063
Lögreglumaður	Lögrelustjórinn á Vesturlandi	Búðardalur	201510/1062
Vélamaður	Vegagerðin	Hvammstangi	201510/1061
Hjúkrunarfræðingar	LSH, hjúkrunardeild á Vífilsstöðum	Garðabær	201510/1060
Hjúkrunarfræðingur	LSH, bráðaöldrunarlækningadeild	Reykjavík	201510/1059
Sjúkraliðar	LSH, öldrunarlækningadeild	Reykjavík	201510/1058
Skrifstofustarf í innheimtu	LSH, fjármálasvið	Reykjavík	201510/1057
Framkv.stjóri mannauðssviðs	Landspítali	Reykjavík	201510/1056
Aðstoðardeildarstjóri hjúkrunar	LSH, bráðaöldrunarlækningadeild	Reykjavík	201510/1055
Verkfræðingar	Íslenskar orkurannsóknir, ÍSOR	Rvík/Akureyri	201510/1054
Sérfræðingur í landuppl.kerfum	Íslenskar orkurannsóknir, ÍSOR	Rvík/Akureyri	201510/1053
Jarðfræðingur	Íslenskar orkurannsóknir, ÍSOR	Rvík/Akureyri	201510/1052
Jarðeðlisfræðingur	Íslenskar orkurannsóknir, ÍSOR	Rvík/Akureyri	201510/1051
Eðlisfræðingur	Íslenskar orkurannsóknir, ÍSOR	Rvík/Akureyri	201510/1050
Starfsmaður í borholumælingar	Íslenskar orkurannsóknir, ÍSOR	Rvík/Akureyri	201510/1049
Embætti skrifstofustjóra	Velferðarráðuneytið	Reykjavík	201510/1048



Deildarstjóri fræðslu-frístunda og menningarmála.

Fjallabyggð óskar eftir að ráða drifandi og metnaðarfullan einstakling til starfa.

Megin viðfangsefnið er fræðslu- frístunda- og menningarmál, stefnumörkun í kynningar- og markaðsmálum, upplýsinga- og almannatengslum sem og á sviði ferða- og atvinnamála. Leitað er að einstaklingi með háskólamenntun á sviði menntamála og stjórnsýslu. Reynsla og góð kunnátta í stjórnsýslulegri meðferð mála er æskileg. Lögð er áhersla á að viðkomandi búi yfir þekkingu og hæfni í stefnumótun og þróun, fjármálum og áætlanagerð, stjórnun starfsmanna og umsjón með verkefnum. Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði, leiðtogaþæfileikar og hæfni í mannlegum samskiptum eru nauðsynlegir kostir. Næsti yfirmaður deildarstjóra er bæjarstjóri.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Um launakjör fer samkvæmt kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélagas.

Starfshlutfall er 100%.

Umsóknir skulu hafa borist bæjarskrifstofum Fjallabyggðar að Gránugötu 24, Siglufirði 580, eigi síðar en mánudaginn 2. nóvember 2015.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfi.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Ólafur Þór Ólafsson, deildarstjóri stjórnsýslu- og fjármála, netfang olafur@fjallabyggd.is sími 464-9100 eða Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri, netfang gunnarb@fjallabyggd.is

Erum við að leita að þér?

Alcoa hefur verið leiðandi í áliðnaði frá stofnun árið 1888 og álver Fjarðaáls við Reyðarfjörð er meðal þeirra fullkomnustu í heiminum. Hjá okkur eru umbætur hafðar að leiðarljósi, þar sem umhverfi, heilsa og öryggi eru forgangsmál. Við leggjum mikið upp úr góðum aðbúnaði, teymisvinnu, öfluglu félagsstarfi og stuðningi við samfélagið.

Við skiptum yfir í 8 tíma vaktir — frá og með 1. mars 2016

Í sumar var undirritaður nýr kjarasamningur milli Alcoa Fjarðaáls og verkalýðsfélaga sem meðal annars minnkar vinnuskyldu starfsfólks á vöktum. Því skiptum við alfarið úr 12 tíma vöktum í 8 tíma, frá og með 1. mars á næsta ári. Um leið fjölgum við vakthópum.

Breytingin er bæði fjölskyldu- og samfélagsvæn og býður starfsfólki upp á meiri tíma með sínum nánustu og aukna þátttöku í samfélaginu.

Við leitum að starfsfólki í framleiðslu, rafvirkjum og vélvirkjum

Alcoa Fjarðaál mun á næstu vikum ráða inn starfsfólk til að mæta breyttu vaktakerfi. Ef þú hefur áhuga á að koma í fjölbreyttan hóp starfsmanna hjá okkur þá hvetjum við þig til að kynna þér málið nánar og senda inn umsókn.

Skriflegum umsóknum skal skilað á www.alcoa.is. Umsóknarfrestur er til og með mánudeginum **2. nóvember**. Áhugasamir eru hvattir til að sækja um sem fyrst. Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum svarað.

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um störfín.

Frekari upplýsingar veitir Valgerður Vilhelmsdóttir:
valgerdur.vilhelmsdottir@alcoa.com og 470 7700.

FJARÐAÁL
alcoa.is



VILT ÞÚ VERA Í LYKILHLUTVERKI?



BÍLALEIGUR AVIS OG BUDGET LEITA AÐ LIÐSMÖNNUM

SÖLUSTJÓRI BÍLASÖLU

Helstu verkefni:

- Umsjón með bílasölu félagsins
- Skýrslu- og áætlanagerð

Almennar hæfniskröfur:

- Löggilding bifreiðasala er kostur
- Reynsla af bílasölu er skilyrði
- Lipurð í mannlegum samskiptum, samningatækni ásamt framúrskarandi þjónustulund og söludrifni
- Góð almenn enskukunnátta og tölvufærni
- Bílpróf og hreint sakavottorð

VAKTSTJÓRI Í REYKJAVÍK

Helstu verkefni:

- Eftirlit og ábyrgð með leigustöðvum félagsins í Reykjavík ásamt stöðvarstjóra
- Þjálfun sölufulltrúa
- Önnur störf í samráði við stöðvarstjóra í Reykjavík

Almennar hæfniskröfur:

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Áhersla er lögð á styrkleika í mannlegum samskiptum, framúrskarandi þjónustulund og söludrifni
- Sjálfstæð vinnubrögð, skipulagshæfni og reglusemi
- Tungumálakunnátta er skilyrði (að lágmarki 2 tungumál)
- Jákvæðni, snyrtimennska, frumkvæði og dugnaður

Unnið er á 2-2-3 vöktum frá kl. 08.00 – 18.00

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu AVIS, www.avis.is. Umsóknarfrestur er til 25. október 2015.

Bíla-leigur AVIS og Budget eru meðal stærstu bíla-leiga í heimi og starfa í 180 löndum með yfir 5.000 leigustöðvar. Á Íslandi er AVIS og Budget ört vaxandi fyrirtæki með leigustöðvar um allt land og geta viðskiptavinir AVIS og Budget leigt bíla við öll tækifæri. Hjá AVIS og Budget starfar öflugur og reyndur hópur fólks sem vinnur ávallt með þjónustu og áreiðanleika að leiðarljósi. Leitast er við að skapa starfsfólki gott starfsumhverfi og aðstöðu en ánægja starfsfólks og viðskiptavina er lykilatriði í velgengni AVIS og Budget.

AVIS  **Budget**®



Icewear leitar eftir jákvæðu, ábyrgðarfullu og kraftmiklu starfsfólki sem hefur gaman af mannlegum samskiptum, flottri hönnun og sölumennsku

Sölumaður

Icewear óskar eftir að ráða sölumann á fyrirtækjasvið.

Hæfniskröfur:

- Reynsla af sölumennsku skilyrði
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Góð framkoma og rík þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Tölvu og enskukunnátta
- Skipulögð og öguð vinnubrögð

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á atvinna@icewear.is merkt „Sölumaður“ fyrir 30 okt.

viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst

Umsóknum er ekki svarað í síma.

SOUS CHEF

Tapasbarinn sækist eftir öflugum Sous Chef
Við leitum að metnaðarfullum lærðum matreiðslumanni með ástríðu fyrir matargerð.

Viðkomandi þarf að vera jákvæður, vinna vel í hóp og undir álagi og það er kostur að hafa reynslu af stjórnunarstörfum.

Í boði er vinna í skemmtilegum hópi og líflegu umhverfi með miklum möguleika á að vaxa í starfi.

Nánari upplýsingar eru veittar í síma 895 7350

Ef þú vilt slást í hópinn sendu ferilskrá á bjarki@tapas.is fyrir 24. október 2015.



Vesturgötu 3B | 101 Reykjavík | Sími 551 2344 | www.tapas.is



Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) er heildarsamtök hagsmuna og mannréttinda fatlaðs fólks, öryrkja, einstaklinga með langvinna sjúkdóma og aðstandenda þeirra. Aðildarfélag bandalagsins eru 41 talsins. Hlutverk ÖBÍ er m.a. að koma fram fyrir hönd fatlaðs fólks gagnvart opinberum aðilum í hverskyns hagsmunamálum og snerta réttindi þeirra. Einnig er öflun og miðlun þekkingar mikilvægur þáttur í starfsemi. Þá tekur ÖBÍ þátt í erlendu samstarfi við félag- og heildarsamtök fatlaðs fólks.

Nánari upplýsingar um starfsemi eru á heimasíðu www.obi.is.

Þjónustufulltrúi

Öryrkjabandalag Íslands auglýsir eftir glaðlegum og hressum þjónustufulltrúa í afgreiðslu bandalagsins í 75% starf. Möguleiki er að ráða tvo einstaklinga í starfið og skiptist þá starfshlutfallið eftir nánara samkomulagi. Fatlað fólk og/eða fólk með skerta starfsgetu er sérstaklega hvatt til að sækja um.

Starfssvið:

- Símsvörun og móttaka viðskiptavina
- Undirbúningur funda
- Bréfaskrif
- Skjalavarsla
- Önnur almenn skrifstofustörf

Hæfnis- og menntunarkröfur:

- Reynsla af sambærilegum störfum
- Stúdentspróf eða annað nám sem nýtist í starfi er kostur
- Góð íslenskukunnátta
- Þekking á ensku og einu Norðurlandamáli er kostur
- Almenn tölvukunnátta er nauðsynleg
- Skipulagshæfni og nákvæm vinnubrögð
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum

Upplýsingar veitir:

Inga S. Arnardóttir
inga@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 28. október nk.



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is



Akraneskaupstaður

Forstöðumaður menningar- og safnamála á Akranesi

Við leitum að metnaðarfullum leiðtoga í nýtt starf forstöðumanns menningar- og safnamála á Akranesi. Við erum fyrst og fremst að leita eftir kraftmiklum einstaklingi sem hefur mikinn metnað og hefur sýnt árangur í starfi.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- Fagleg forysta í menningar- og safnamálum
- Yfirstjórn stofnana sem tilheyra málaflökknum
- Markaðs- og kynningarstarf menningar- og safnamála
- Yfirumsjón með gerð starfs- og fjárhagsáætlunar
- Yfirumsjón með viðburðum og hátíðarhöldum
- Undirbúningur funda menningar- og safnanefndar og eftirfylgni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun á sviði stjórnunar æskileg
- Stjórnunarreynsla, þ.m.t. reynsla af stefnumótun og breytingastjórnun
- Mikil samskipta- og samstarfshæfni
- Hæfni í framsetningu á efni í ræðu og riti
- Góð þekking og reynsla af fjárhagsáætlunargerð

Byggingarfulltrúi á Akranesi

Akraneskaupstaður óskar eftir að ráða byggingarfulltrúa til starfa. Um er að ræða fjölbreytt og áhugavert starf í vaxandi bæjarfélagi. Leitað er að öflugum einstaklingi sem sýnir metnað og frumkvæði í starfi.

Helstu verkefni:

- Byggingareftirlit og umsjón með byggingarmálum bæjarins
- Ráðgjöf er varðar byggingarmál ásamt móttöku og afgreiðslu á byggingarleyfisumsóknum
- Framkvæmd úttekta og útgáfa leyfa ásamt staðfestingu eignaskiptayfirlýsinga
- Samskipti við hagsmunaaðila
- Önnur verkefni sem viðkomandi er falið af sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs, þá helst verkefni er lúta að skipulagsmálum

TOYOTA Land cruiser 120 vx. Árgæð 2008, ekin 120 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.390.000. Rnr.230761 Hafid samband varðandi hugsanleg skipti. Bílabankinn S. 5880700

Bílabankinn
Eirhöfði 11, 110 Reykjavík
Sími: 588 0700
Opíð á laugardögum 12-16
www.bilabankinn.is



LEÐUR, LÚGA O.FL....

NISSAN X-TRAIL ELEGANCE. Árgæð 2005, ekin aðeins 111þ. km., sjálfskiptur. leður. lúga o.fl. Þvílíkt dekureintak! Verð 1.490.000. Rnr.352784. Til sýnis og sölu á Bílalíf, Kletthálsi 2, s:562-1717.



SJÁLFSKIPTUR - 1990P.!

HYUNDAI I20 classic. Árgæð 2012, ekin aðeins 39þ.km., sjálfskiptur. Einn eigandi. Flott eintak! Verð 1.990þ.!!! Rnr.127091. Til sýnis og sölu á Bílalíf, Kletthálsi 2, s:562-1717.



SJÁLFSKIPTUR!!!

HONDA Accord SPORT. Árgæð 2005, ekin aðeins 138þ.km., sjálfskiptur. Verð 1.490.000. Rnr.127264. Til sýnis og sölu á Bílalíf, Kletthálsi 2, s:562-1717.

Bílalíf
Klettháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opíð 10-18 virka daga
www.bilalif.is



SUZUKI Grand vitara. Árgæð 2006, ekin 192 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.390.000. Rnr.301949. Á staðnum.



RENAULT Kangoo. Árgæð 2011, ekin 163 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 1.290.000. Rnr.301938. Á staðnum.



NISSAN Micra visia. Árgæð 2014, ekin 63 P.KM, bensín, 5 girar. Verð 1.590.000. Rnr.262661. Á staðnum.



DACIA Duster 4x4. Árgæð 2013, ekin 77 P.KM, dísel, 6 girar. Verð 2.590.000. Rnr.106809. Á staðnum.



KIA Carens ex leður. Árgæð 2015, ekin 1 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.990.000. Rnr.301848. Á staðnum.



KIA Ceed. Árgæð 2014, ekin 22 P.KM, dísel, 6 girar. Verð 2.990.000. Rnr.301935. Á staðnum.



HYUNDAI Tucson 4x4. Árgæð 2008, ekin 195 P.KM, bensín, 5 girar. Verð 1.290.000. Rnr.301280. Á staðnum.



HYUNDAI I20 classic. Árgæð 2014, ekin 54 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.240.000. Rnr.301950. Á staðnum.



HYUNDAI I20 classic. Árgæð 2011, ekin 37 P.KM, bensín, 5 girar. Verð 1.490.000. Rnr.301955. Á staðnum.



FORD Expedition. Árgæð 2005, ekin 172 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.790.000. Rnr.106808. Á staðnum.



FORD Escape xls 4wd. Árgæð 2008, ekin 159 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.490.000. Rnr.106825. Á staðnum.



FIAT Sea m200. Árgæð 2008, ekin 99 P.KM, dísel, 6 girar. Verð 4.500.000. Rnr.301852. Á staðnum.



SUNLIGHT 800. Árgæð 2007, Verð 500.000. Rnr.301867. Á staðnum.

Bílasalan Planid
Korputorgi, Reykjavík
Sími: 517 0000
Opíð 10-18. Lau 12-16
www.planid.is



M.Benz ML500 Árgæð 2007. Ekin 93þ.km. Sjálfsk. Leður o.m.fl.. Mjög gott eintak. Er á staðnum. Verð 4.790.000kr. Raðnr 157708. Sjá á www.stora.is.



Honda Jazz Árgæð 2005. Ekin 87þ.km. Sjálfsk. Einn eigandi. Mjög gott viðhald alla tíð. Er á staðnum. Verð 990.000kr. Raðnr 135082. Sjá á www.stora.is.

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
http://www.stora.is



NISSAN Almera acenta. Árgæð 2005, ekin 133 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 950.000. Rnr.250051. Tilboð kr: 650.000,-



Kia Sportage EX 4wd. Árgæð 2013, ekin 38 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.690.000. Rnr.991489. 5 ár eftir af verksmíðjuábyrgð.



MERCEDES-BENZ C 200 CDI. Árgæð 2013, ekin 18 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.590.000. Rnr.240348.



AUDI A4 avant. Árgæð 2013, ekin 36 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.590.000. Rnr.210580.

ASKJA notaðir bílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is



PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is



KIA Ceed ex 1.6 . Árgæð 2014, ekin 17 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.990.000. Rnr.120056.



AUDI A5 sportback quattro. Árgæð 2011, ekin 52 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 6.990.000. Rnr.110474.



SKODA Yeti 4x4 . Árgæð 2012, ekin 108 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.250.000. Góður bíll

MB Bílar
Kletthálsi 1a, 110 Reykjavík
Sími: 415 1150
Opíð 10-18, lau 12-16
http://www.mbbilar.is



Renault Clio Dynamic, 6/2014, ek 51 þús km, sjk, dísel, ásett verð 2650 þús, er á staðnum, raðnr 151783.

100 bílar ehf
Í miðbæ Mosfellsbæjar,
Sími: 517 9999
Opíð 10-18.00 virka daga. Lokað á laugard.
www.100bilar.is



Polaris RMK Assault 800 153" árg. 2013. Mjörg vel með farinn, fullt af aukahlutum, s.s. auka ljós, taska á stýri, hjáveita á kælikerfi frá MWP. Ekin 6.100 km. Nýjir stimplar í 5.500 km. Verð kr. 1.970.000




Arctic Cat Proclimb 800 árg. 2014 Toppfleði ekin aðeins 850 km. Verð kr. 2.390.000



Arctic Cat HCR 800 árg. 2010. Tanktaska, ný skíði, Speedwerx kútur, nýjar kúplingar og fl. Ekin 4.700 km. Verð kr. 1.290.000

Icehobby - Tæki
Draupnisgötu 6, 603 Akureyri
Sími: 462 4600
http://www.icehobby.is



til sölu

Tækjamiðlun - Sala - Innflutningur



<p>Kubota KX41-3 Árgæð 2010 1.050 vinnust. 2.950.000 án vsk.</p>	<p>Komatsu D61PX Árgæð 2008 1.922 vinnust. 16.500.000 án vsk.</p>	<p>Iveco Euro Cargo Árgæð 2003 295.428 km 1.490.000 án vsk.</p>	<p>Compair C20GS Árgæð 2007 879 vinnust. 895.000 án vsk.</p>	<p>Volvo FH16 520 Árgæð 2000 631.736 km 3.250.000 án vsk.</p>
---	--	--	---	--



Vinnuvelar Vantar fleiri vinnuvelar og vörubíla á söluskrá og á staðinn.

Vinnuvelar- tækjamiðlun ehf er systurfyrirtæki Jötunn Véla og sérhæfir sig í sölu, miðlun og innflutningi vinnuvéla og vörubíla. Markmiðið er að vera leiðandi söluaðili notaðra vinnuvéla og vörubíla á Íslandi með fagmennsku og vönduð vinnubrögð að leiðarljósi.

Vinnuvelar- tækjamiðlun ehf • Kistumel 2 • 116 Reykjavík • Sími 480 0444 • vinnuvelar@vinnuvelar.is
www.vinnuvelar.is

LITLA bílasalan
www.litla.is 587 7777



TOYOTA Land cruiser 120 gx 35". Árgæð 2005, ekinn 173 PKM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.970.000. Rnr.116304.



LAND ROVER Discovery 4 hse. Árgæð 2011, ekinn 163 PKM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.990.000. Rnr.211249.



HYUNDAI Santa fe comfort 2.2 diesel. Árgæð 2014, ekinn 65 PKM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.590.000. Rnr.211307.



BMW X5 xdrive30d. Árgæð 2014, ekinn 18 PKM, dísel, sjálfskiptur. Verð 12.980.000. Rnr.116522.

Litla bílasalan
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 587 7777
www.litla.is

567 2277 NÝJA www.nyja.is
BÍLAHÖLLIN
BÍLAHÖLLIN VEB BÍLAHÖLLIN



AUDI A3 sportback. Árgæð 2013, ekinn 11 PKM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.490.000. Rnr.210735.



RENAULT Clio sport tourer. Árgæð 2015, ekinn 33 PKM, dísel, sjálfskiptur. TilboðsVerð 2.690.000. Rnr.114946.



SKODA Octavia ambiente combi. Árgæð 2006, ekinn 127 PKM, dísel, sjálfskiptur. Verð 1.650.000. Topp bíll Rnr.114945.

Nýja bílahöllin
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 567 2277
www.nyja.is

IP
INTERPORT



JEEP WRANGLER. Árgæð 2010 ekinn 74400 Pmilur, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.450.000. Rnr.100102.

Interport ehf
Hlíðasmári 13, 201 Kópavogur
Sími: 569 3308
www.interport.is

Bílar til sölu



Ford transit connect 2012 Ekinn 55.000 Dísel Topp eintak. Uppl 892-0378



37" Landcr.120 GX, árg.2008. Ek 129þús. Ný dekk, lækkuð drifhlutföll. Læstur framan og aftan. 170W PIA ljóskastarar, ryðfri glerblásin kastaragrind. Ný sk. 8 manna, AC, dráttarkr, þverbogar á topp fylgja. Verð 5.890þús. S: 898-8812



HONDA JAZZ COMFORT
Skráður 06.2010, ekinn aðeins 66þús. km, beinskíptur. Útlit og ástand mjög gott, þjónustaður af Bernhard. Góð ónelgd vetrardekk, allt í bremsum nýtt. Skoðaður 09.2016. Ásett verð kr. 1.790.000. Upplýsingar í síma 8639305 (Porsteinn).



Skoda Octavia 4x4 árg 2008. Ek. 165.000. Dísel beinskíptur. Snýrtilegur bíll. Verð 1.890.000 kr. Sími 690-7890.



Fiat Multipla, nýskr. 05/2000, e. 174þ., nýsk. án aths. Ný dekk&raf. Nýl. púst, ofl. Tilboð s. 864 2009



Toyota Land cruiser 120 Gx dísel sjálfskiptur. Ekinn aðeins 114.PKM. nýskráður 19.12.2005. Bíllinn hefur fengið 100% þjónustu hjá Toyota, það er ekki til ryð í bílnum. ný dekk og felgur. Verð 3.990.000. kr Uppl. 898-2986



Toyota Landcruiser 100 árg. 2000, dísel ek. 322.000. 7 manna, leður, topplúga, dvd skjár, einn með öllu. 35"BF Goodrich. Góður bíll, komið er að lakkviðgerðum. ath. bein sala. Verð 2.500.000. Uppl. í s. 892-3042



Nissan Pathfinder LE, árg '06, ek. 177þ. Leður sæti, sóllúga, bakkmyndavél omfl. Fallegur bíll, mikið endurnýjaður og nýskoðaður. Verð 2.750þ. S: 660-2297

ÓDÝRIR DÍSELBÍLAR

Skoda Octavia, Skoda Fabia, Partner, Berlingo, R. Clio, R. Megane, og fleiri Nánar á Facebook: Ódýrir Díselbílar Sími: 534-0000

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

0-600 STAÐGREITT

Vantar bíl á verðinu 0-600. Skoða allt. Jeppa, fólkubíl. Má þarfnast lagfæringar. Sími 776 7507

KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ MILLJÓN STGR!!

Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 1.000.000. staðgreitt. Er með pappír og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Bíllinn má þarfnast lagfæringar og/ eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

Fornbílar



Mercedes Benz 170 árg 1950. Er í góðu ásigkomulagi og nýskoðaður. Verð 3.750.000.- Uppl. gefur Jón Karl gsm 898 6033

Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Hjólhýsi



HOBBY HJÓLHÝSI 2016.
Við aðstoðum við að kaupa Hobby hjólhýsi beint frá Evropu, STÓR SPARNAÐUR.

Áhugasamir hafi samband við kriben@simnet.is

Húsbílar



Dótabúð húsbílaeigenda.

Rótor ehf, s. 5554900
Hellohrauni 4, H.f.

Lyftarar



Hágæða bandarískar vökvadrifnar bílalyftur.

Stál og Stansar ehf.
VACHÓDÍ 7 • SÍMI 517 5000
stalgstansar@stalgstansar.is

Hjólbarðar



FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppi ný. VAKA S: 567 6700.

Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

VARAHLUTIR
Iveco • Benz • Man • Renault
Varahlutapjónusta
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is

LOK Á HEITA POTTA



- Einangrunarlok
- Yfirbreiðslur
- Metum ástand og gerum við

www.fjardarbolstrun.is
Fjarðarbolstrun S. 561 4188 • 840 0339 fjardarbolstrun@gmail.com

Alvöru græja í ferðapjónustu



12 manna bátur 500 hö díselvél

- Konrad 660 hældrif
- Tvöföld skrífa
- VHF/GPS með stórum skjá
- Stjórnþútt með stýribúnaði
- Siglingaljóð og kastarar

Hjallahrauni 2 - 220 Hafnarfjörður
Sími 562 3833 - www.asafl.is **ÁSAFL**

Iveco
Viðgerðar- og varahlutapjónusta
VeiRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

BLIKK
Rör • Tengiefni • Viftur • Loftræsting
Heildsala • Smásala
ishúsið ehf
Smíðjuvegur 4a, Græn gata, Kópavogur | 566 6000

XPRENT
- hönnun og merkingar



LJÓSMYND- OG STRIGAPRENTUN
Hágæðaprentun með ljósmýndaendingu

PRENTUN | HÖNNUN | MERKINGAR | SKILTAGERÐ | XPRENT.IS
Sundaborg 1 - 104 Reyjavík - Sími: 777 2700 - xprent@xprent.is

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR
ÞARFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?
HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ
FRÉTTABLAÐIÐ
Sími 512 5407 | thjonusta@365.is



Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagning
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT



BÍLAÞJÓNUSTA BJARKA
alhliða bílaviðgerðir
Tímamantanir s: 445 4540/697 4540
Viðarhöfði 2b 110 Reykjavík



Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

Varahlutir

Renault-Mazda varahlutir. Útsala á notuðum varahlutum í ýmsar gerðir Renault bifreiða árg. '96-'08 Mazda 3,6,323 og 626 árg. '98-'05. Fossbilar, s. 774-7774 og flipp61@gmail.com

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

PÍPULAGNIR

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315.

Veitingastaðir

Óska eftir fageldhúsi til leigu, langtíma. Upplýsingar í síma 7839978, Rasa

Garðyrkja

Getum bætt við okkur verkefnum við hellulagnir og lóðafrágang. ST-verk. Sími: 8488178

Get bætt við mig verkefnum í gördum og fl. Halldór garðyrkjum. Sími 6981215

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

INNIMÁLUN

Get bætt við mig verkum innandyrna í vetur. Vönduð vinnubrögð, fag og snyrtimennska í fyrirrúmi. Ágúst S.G Málarameistari S: 699-4464 og 695-4464. asgmalun@gmail.com

Inni og úti málun, sprungu og múrviðgerðir. Vönduð vinna, snyrtimennska. S. 787 4594 & 691 3249

MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR

Alhliða málningsþjónusta. Afsláttur f. eldri borgara. Sími 776-0000

til sölu



Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Súðarvogur 5 • Sími 566-6630 • gluggagerdin@gluggagerdin.is

skemmtanir

BOLTINN Í BEINNI

Cafe Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

LEIKIR HELGARINNAR LAUGARDAGINN 17. OKT

11:35 TOTTENHAM - LIVERPOOL

13:50 EVERTON - MAN. UNITED

13:50 CHELSEA - ASTON VILLA

16:20 WATFORD - ARSENAL

SUNNUDAGINN 18. OKT

14:50 NEW UNITED - NORWICH CITY

HLJÓMSVEITIN KLETTAR

Rúnar Þór

RÚNAR ÞÓR, RÚNAR VILLAVALLA, TRYGGVI HUBNER OG SIGGI ÁRNA. SPILA UM HELGINA

Allir velkomnir

Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn

REGNBOGALITIR

Málningarpjónusta, vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. Sími 891 9890 malarar@simnet.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., planófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Miklaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Nudd

Glæsileg nuddstofa í 101 opið alla daga s.787-7481

NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 695 9434, Zanna.

Spádómar

ENGLALJÓS

SPÁSÍMI 908 5050

opið 11-22. algjör trúnaður. S. 618 6857 visa/eru

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafmeisteri@simnet.is

Húsaviðhald

VANTAR ÞIG IÐNAÐARMANN?



Við þjónustum þig með litil sem stór verk.

Tímavinna eða tilboð.

Sími 544-4444 / 777-3600 www.jaiðnaðarmenn.is

Parketslípun

sólfallslípun | parketlagmr

551 1399 / 690 5115

golflist@golflist.is

www.golflist.is

Gólf list

99% KYKTRITT

VIÐHÖLD

fasteignaviðgerðir

Viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.

- múrviðgerðir
- þakviðgerðir
- máningargröf
- trésmíðavinnu
- gluggaskoti
- glerSKIPTI
- pípuLagnir
- flísalagnir
- þarvinnu
- heilulagnir
- ákæðningar

Sími 567 6699

vidhald@vidhald.is

www.vidhald.is

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Viðgerðir, flotun og flísal. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 896 5778

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagmr og trésmíði. S. 616 1569

Trésmíði

INNRETTINGAR.IS

Sérsmíðum innréttingar eftir þínum þörfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

KEYPT & SELT

Til sölu



Til sölu fallegur og traustur hringstigi ósamansettur í 3 hlutum. Pvermál ca165 cm og ca 400 cm á hæð. Uppl í síma 6942720.

LOK FYRIR HEITAPOTTA OG HITAVEITUSKELJAR

Eigum margar stærðir af lokum til á lager. t.d. 217x187 • 200x200 210x210 • 220x220 235x235 8 hyrnd lok. Lokin eru þau sterkustu á markaðinum. Þola t.d. 1000 kg snjóþunga.

Heitirpottar.is

S. 777 2000

myranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Nýjung minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204.

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldreyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elliförkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. -S. 552 7095.

Námskeið

Silfursmíði - námskeið

Kennari Ingibjörg Sigurbjörnsdóttir gullsmíðameistari

Vif Innritun í síma 511-5457 og 846-4438

Flug



VIÐ LÁTUM DRAUMINN RÆTAST!

Skráðu þig í nám. Fyrsta skrefið í átt að atvinnuflugmanni. 11.janúar. Kvöldskóli - nám með vinnu. Skemmtileg upplifun og frelsi - fylgir fluginu. Kannaðu málið! Skráning á www.flugskoli.is

Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökuþróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökuþróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Dýrahald



GRINDARBÚR Á GÓÐU VERÐI

Stærð 61 cm verð 6.990,- Stærð 76 cm verð 8.990,- Stærð 91 cm verð 10.990,- Stærð 107 cm verð 12.990,- Stærð 122 cm verð 14.990,- Dýraland Mjódd s.587-0711 Dýraland Kringlan 7 s.588-0711 Dýraland Spöngin 23 s.587-0744



VOFF.IS - NÝ HVOLPASÍÐA

www.voff.is er hvolpasíða Hundaræktarfélags Íslands, þar geturðu fengið upplýsingar um got, ræktendur, tegundir ásamt greinum um hvolpauppeldi, allt á einum stað. Hundaræktarfélag Íslands stuðlar að góðri meðferð, aðbúnaði, uppeldi og heilsufari hvolpa. Leitaðu þér nánari upplýsingar á www.hrfi.is og www.voff.is

Húsnæði í boði

FINNST PÉR HÚSNÆÐISVERÐIÐ OF HÁTT?

Óska eftir að komast í samband við fjölskyldur varðandi byggingu á fjölskylduhúsum úr timbri. Samvinna og heiðarleiki og vilji til að gera hlutina sjálfir eru lykilatriði. Áhugasamir sendi tölvupóst á byggjahu@gmail.com

WWW.LEIGUHERBERGI.IS

Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month. gsm 777 1313 leiga@leiguherbergi.is

LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Húsnæði óskast

Ungt heiðarlegt par óskar eftir lítilli íbúð á sanngjörnu verði. Endilega hafið samband í s. 825 6667

Óskum eftir húsnæði til leigu í Hafnarfirði, Garðabæ, Álftanesi eða Kópavogi. Einbýli, parhús eða ráðhús. Langtímaleiga. Erum 3manna fjölskylda. S. 774 0707

Sumarbústaðir

Til sölu efni í sumar- bústaði og einbýlishús. Hágæða Lapplandsstúra.

Upplýsingar hjá: ghalldor@simnet.is

Atvinnuhúsnæði

GÓÐ FJÁRFESTING

Til sölu mjög góð 50 m2 atvinnuhúsi í Steinhellu 14, Hfn. Góð lán - auðveld kaup. Verð frá: 9,9 m S: 661-6800

Geymsluhúsnæði

GEYMSLURTILLEIGU.IS

Nýjar sérhannað 300 geymslur, stærðir 1,7-10 fm. Haustilboð: Fyrsti mánuðurinn frír. Aðgangur 24 tíma sólarhrings, upphitað og vaktað. Smiðjuvegur 4 Kópavogi. S. 4143000.

GEYMSLUR.COM

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskilóð í Reykjavík. S. 555 3464

GEYMSLULAUSNIR.IS

Upphitað og vaktað geymslurými. Verð frá 2900kr.mán. SÆKJUM OG SENDUM. S: 615-5005

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS

Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

Atvinna í boði

LEBOWSKI BAR

Óskar eftir að ráða fólk í sal í kvöld og helgarvinnu í vetur. Hentar mjög vel fyrir skólafólk. Einnig vantar okkur vana barþjóna á helgarvaktir. Aldurstakmark er 20 ára.

Umsóknir ásamt mynd sendist á info@lebowskibar.is

VILTU SKEMMTILEGA OG KREFJANDI VINNU Í GÖÐUM OG SAMSTILLTUM HÓP?

Við leitum eftir duglegum einstaklingi í afgreiðslu og önnur tilfallandi verkefni. Stundvís og heiðarleiki eru kostir sem við kunnum að meta. Þú þarft að vera með bílþróf, tala ensku og hafa góða almenna tölvukunnáttu. Um er að ræða fullt starf.

Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilsskrá á job@procar.is fyrir 19 okt. nk.



ÖRYGGISVÖRÐUR - VERSLUNARÞJÓNUSTA

Skilyrði:

- Hreint sakavottorð
- Íslenskukunnátta
- 20 ára lágmarksaldur
- Góð þjónustulund

Umsókn með mynd og ferilsskrá sendist á 115@115.is Nánari upplýsingar um starfið eru veittar í síma 5 115 115 www.115.is

HÁRGREIÐSLUSTOFA Í PÓSTNÚMARI 104 AUGLÝSIR EFTIR VÖNU FÓLKI Í STÓLALEIGU.

Um er að ræða mjög fallega stofu á mjög góðum stað í bænum. Aðeins útskrifað fólk kemur til greina.

Nánari upplýsingar fást með því að senda ferilsskrá á póstfangið: harsnyrtng@gmail.com

K BAR

Óskar eftir metnaðarfullum og drífandi kokki til að keyra vaktir í eldhúsi. Umsóknir sendist á kbar@kbar.is

Óskum eftir að ráða starfsmann á lager og í útkeyrslu. Umsóknir sendist á einar@solning.is.

Leita eftir fólki, vönu tengslamarkaði, verslun eða viðskiptum. Fyrirtækið hefur verið starfandi í 12 ár og verður skráð á Nastaq janúar 2016. Vinsamlegast sendið fyrirspurn á ismarinn12@gmail.com

Atvinna óskast

Reyndur smiður, tilbúinn til starfa fjótlega. Sími 5348555 eða 7718554

Tilkynningar

HLÍÐASKÓLI 1955 ÁRGANGUR !

Stefnum að endurfundum þann 14. nóvember nk. og erum að reyna að ná til sem flestra og kanna áhugann. Af því tilefni hefur verið stofnuð facebook síða "Hlíðaskóli 1955 árgangur" endilega skráið ykkur á hana. Þeir sem ekki eru á fb geta haft samband við einhvern nefndarmanna sem fyrst:

Beta Siemsen elisabets@fg.is, Guðbjörg Róberts. gudbjorg@virk.is, Haddý Magg. hafdis@cosmo.is, Helga Jónat. helgajon@hudlaeknastodin.is, María Þorbj. maria@rontgen.is, Ágúst Harðar. gusti@icelandair.is, Jóhann Úlfars. joulf@icelandair.is

Einkamál

Skyndikynni á símatorgi. 100% leynd. RaudaTorgid.is

Gómsæt gjöf sem gleður

Gjafakörfurnar frá Nóa Síríusi hafa lengi verið vinsælar fyrir jólin. Þær eru sniðug og hentug gjöf frá fyrirtækjum til starfsmanna sem og viðskiptavina sinna. Gjafakörfurnar eru af nokkrum stærðum og gerðum og auðvelt að gera þær persónulegar.

Mikil eftirspurn er eftir gjafakörfum Nóa Síríus fyrir hver jól. Fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum fá þessar fallegu körfur til gjafa til bæði starfsmanna sinna og viðskiptavina ár eftir ár. „Sömu fyrirtækin fá gjafakörfur hjá okkur fyrir hver jól og svo bætast ný fyrirtæki í hópinn á hverju ári. Við finnum fyrir því að fólk er alltaf sátt við það sem það fær frá okkur enda er vörumerkið partur af Íslandssögunni þannig að það er alltaf gaman að vera með Nóa Síríus uppi á borðum,“ segir Símon Gísli Símonarson, hjá fyrirtækjadeild Nóa Síríusar.

Persónulegar gjafakörfur

Gjafakörfurnar eru af mismunandi stærðum og gerðum og auðvelt er að gera þær persónulegar. „Fyrirtæki sem vilja gera sérstaklega vel við starfsfólk sitt hafa fengið körfur frá okkur og sett gjafir með þeim, til dæmis skartgripa eða gjafavöru. Svo er sérmerkt konfektíð okkar mikið notað til að setja með í körfurnar,“ útskýrir Símon en hjá Nóa Síríusi er hægt að láta prenta sérmerktar slifar utan um flesta konfektkassana þeirra, sérmerkja kassa og heilar öskjur. Símon segir þetta vera skemmtilega og fágaða leið til að koma skilaboðum áleiðis.

Hægt er að fá þrjár mismunandi hefðbundnar gjafakörfur frá Nóa Síríusi; blandaða körfu og tvær stærðir af konfektkörfum. „Í blönduðu körfunni okkar er ýmislegt góðgæti, oftast má þar finna fallegan konfektkassa, vörur úr Síríuslínunni, Ópal, Tópas, súkkulaðirúsínur, Nóa kropp og vinsælustu nýjungarnar hverju sinni. Það má svo alveg leika sér með innihaldið í körfunum. Konfektkörfurnar eru svo annars vegar eitt kíló og hins vegar tvö kíló. Þessi blandaða hentar fyrir alla og konfektkörfurnar eru meira svona fullorðins,“ segir Símon og brosir.

Íslenskt landslag á umbúðum

Það er nýjung hjá Nóa Síríusi að nota svokallaðar Traditional Icelandic vörur í gjafakörfurnar. Traditional Icelandic vörurnar eru sérvaldar vörur frá Nóa Síríusi sem fólk þekkir í fallegum umbúðum, með myndum af íslensku landslagi,



Hægt er að fá þrjár mismunandi hefðbundnar gjafakörfur frá Nóa Síríusi; blandaða körfu og tvær stærðir af konfektkörfum. „Þessi blandaða hentar fyrir alla og konfektkörfurnar eru meira svona fullorðins,“ segir Símon og brosir.

MYND/GVA

það er að segja rjómakúlur, súkkulaðiperlur, lakkrísperlur, fjórar bragðtegundir af rjómasúkkulaði – hreint rjómasúkkulaði, rjómasúkkulaði með hnetum og rúsínum og rjómasúkkulaði með toffí og íslensku sjávarsalti og svo dökka súkkulaðið okkar 45%. Einnig eru pastillur í boði í þessari línu eða það sem Íslendingar þekkja betur sem Tópas og eru þær með einstaklega fallegum myndum til dæmis af lundnum okkar. „Það er mikið verið að senda körfur til Íslendinga sem eru búsettir erlendis og einnig er verið að gefa þessar körfur til erlendra viðskiptavina. Það er því gaman að blanda þessu inn í því þetta eru fallegar vörur og á þeim eru landslagsmyndir og upplýsingar um hvar myndin er tekin. Þær koma vel út í gjafakörfu og svo henta þær líka vel fyrir þá sem eru ekki mikið fyrir konfekt.“

Símon bætir við að það sé um að gera fyrir viðskiptavini að senda fyrirspurnir um sérlausnir á fyrirtækjadeild á netfangið simon@noi.is. „Okkur finnst einstaklega gaman að taka þátt í skemmtilegum sérverkefnum.“



Gjafakörfurnar frá Nóa Síríusi hafa verið vinsælar í gegnum tíðina.





Yfirleitt er einhver hámarksupphæð ákveðin fyrir hverja gjöf og er mikilvægt að halda sig við hana. Þó að sumir telji sig geta eytt meiru getur það valdið öðrum, sem hafa minna á milli handanna, skömm og vanlíðan.

Eflir vinnustaðarandann

Leynivinaleikir verða sífellt algengari á aðventunni og margir vinnustaðir taka þá upp í einhverri mynd, enda brjóta þeir upp daginn og skapa eftirvæntingu og kátínu ef vel tekst til. Þeir geta þó líka valdið núningi og þá sérstaklega ef reglum er ekki fylgt. Hér eru heilræði varðandi framkvæmd leynivinaleikja ásamt nokkrum gjafahugmyndum.

Hefðbundinn leynivinaleikur gengur út á það að starfsmenn eru settir í pott og tveir og tveir dregnir saman. Þeir eiga að gefa hvor öðrum gjöf eða gjafir eða sýna annars konar vinarhót. Leikurinn getur staðið yfir í lengri eða skemmri tíma. Sumir velja að hafa aðeins eina gjöf en aðrir láta leikinn standa yfir í nokkra daga og er þá miðað við eina gjöf eða uppkomu á dag. Mikilvægt er að láta ekki komast upp hver stendur á bak við gjafirnar og er gott að fá þriðja aðila til að afhenda þær. Hins vegar má alveg gefa vísbendingar um hver gæti verið að verki eða reyna að afvegaleiða vininn. Í lokin er yfirleitt reynt að giska á hver leynivínurinn er.

Mikilvægt að halda sig innan rammans

Yfirleitt er einhver hámarksupphæð ákveðin fyrir hverja gjöf eða allar leynivínagjafirnar til samans. Mikilvægt er að halda sig við þá upphæð sem ákveðin hefur verið. Þótt sumir telji sig geta eytt meiru getur það valdið öðrum, sem hafa ekki jafn mikið á milli handanna, skömm og vanlíðan. Það gefur augaleið að það er ekkert sniðugt að einn fái rándýra gjafakörfu en annar súkkulaðimola svo dæmi séu nefnd. Þá getur leikurinn hæglega snúist upp í andhverfu sína.

Fólk þarf að hafa val um að vera með

Útgjöld fólks eru mismikil í kringum jól en hjá flestum tekur þessi tími vel í budduna. Margir eiga nógu erfitt með að ná endum saman. Það þarf að hafa til hliðsjónar þegar efnt er til leynivinaleikja og benda á að hægt er að sýna vinarhót með öðrum en efnislegum hætti. Best er að einn haldi utan um leikinn og setji skýrar reglur. Þá er mikilvægt að fólk sé gefinn kostur á að vera með eða ekki. Vissulega er skemmtilegast ef allir geta verið með en sumir hafa hreinlega ekki orku í að bæta leynivínagjafakaupum ofan á önnur innkaup fyrir jól. Þá er fólk mishugmyndaríkt og sumum hrýs hreinlega hugur við því að vera sífellt að finna upp á einhverju sniðugu. Það getur í sumum tilfellum verið ástæðan fyrir því að fólk vill ekki vera með og það ber vitaskuld að virða.

Eflir tengsl á vinnustaðnum

Þegar reglurnar liggja fyrir og leikurinn hefst getur hann reynst verulega eflandi fyrir starfsandann. Í leiklok er oft safnast saman yfir jólagóðgæti og giskað á hver leynivínurinn var. Þegar það liggur fyrir getur það leitt til þess að fólk kynnist nýjum vinnufélögum og jafnvel orðið til þess að efla tengsl milli hópa og deilda.

NOKKRAR GJAFAHUGMYNDIR

Það liggur misvel fyrir fólk að finna tækifærisgjafir. Hér eru nokkrar hugmyndir sem koma vonandi að gagni.

- Gefðu eitthvað gott í gogginn; konfekt, jólabrjóstsykur, góðan ost, kex og sultu, gæðapylsu eða annað í þeim dúr.
- Fylltu sætan jólabolla með nammi. Ekki er verra ef það er nammi sem þú veist að vinninum þykir gott.
- Finndu út hvaða merkingu nafn leynivínarins hefur og jafnvel fæðingardagur líka. Prentaðu út, rúllaðu upp og hnýttu með jólaslaufu.
- Búðu til leynilegt netfang og sendu leynivíninum brandara, jólalög, myndir, myndbönd og annað skemmtilegt.
- Pakkaðu fallegum servíettum og kertum í sellófan og láttu færa leynivíninum.
- Gefðu vinninum heimabakaðar smákökur í fallegu og eigulegu boxi.
- Gefðu fallegt jólaskraut. Það er alltaf gaman að fá nýtt jólaskraut á tréð.
- Gefðu jólabjór eða vínflösku.
- Gefðu kakóbolla með sykarpúðum, gott take-away kaffi eða pakka af góðu tei – allt eftir smekk leynivínarins. Ef þú þekkir hann ekki vel er ráð að spyrja nánari samstarfsfélaga.
- Gefðu hlýja vettlinga eða ullarsokka.
- Ef leikurinn stendur yfir í nokkra daga er hægt að byggja upp ákveðið þema. Gefa til dæmis snyrtiveski fyrsta daginn, varalit næsta og naglalakk þriðja. Nú eða raksápu, rakvél og rakakrem ef vinnurinn er karl.



FYRIRTÆKJAGJAFIR

eva solo



Karaffa
1 líter



Pottar og pönnur



eva solo
Hitakanna
1 líter



Kertastjakar



Diamonds



Dewdrop



Loft diskur
3ja hæða



36sm á fæti

Saturn tertudiskur



2ja hæða á fæti

Grillpanna
og steypujárnspottur
margir litir



Allt úrvalið má sjá á heimasíðu okkar byggtogbuid.is og í verslun okkar í Kringlunni þar sem við höfum nú sérstaka hæð með gjafavöru.

KAI PURE KOMACHI 2

Hnífasett - vönduð jólagjöf



ZASSENHAUS

Ostahnífar

Fjögurra stykkja hnífasett



Hafðu samband í síma 568-9400 eða með tölvupósti á byggtogbuid@byggtogbuid.is og fáðu tilboð þegar kaup á meira en 5stk af hverri vöru.



Salt og piparkvarnir

margir litir í boði



byggtogbúið

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS

Súkkulaði fyrir heilann

Fátt gleður lúna samstarfsfélaga meira en ljúfmeti með kaffinu. Yfirmenn starfshópa og deilda geta bætt andrúmsloftið í erfiðri vinnutörn fyrir jólin svo um munar með því að vipa fram kræsingum með morgunkaffinu.

Reglulega koma fram ánægjulegar niðurstöður rannsókna sem benda til þess að át á dökku súkkulaði auki ekki einungis framleiðslu dópamíns í heilanum heldur hafi það jákvæð áhrif á heilsuna. Til dæmis lækki það magn kólesteróls í blóði, sporni við minnistapi og minnki líkur á hjarta- og æðasjúkdómum. Sjálfsgagt er þó miðað við að þess sé neytt í hófi og ekki endilega í samkurli við mikinn sykurl og smjör en á adventunni má leyfa sér að henda í eina dí-sæta smákökuuppskrift til að gleðja samstarfsfólk.

BROWNIE-SMÁKÖKUR

1½ bolli hveiti
1½ bolli sykurl
1½ ts. lyftiduft
¾ ts. salt
6 msk. ósaltað smjör, brætt og kælt að stofuhita
¾ bollar kakó
3 stór egg
1 ts. vanilluextrakt
1 bolli saxað súkkulaði dökkt
¾ bollar flórsykurl

Blandið hveiti, sykri, lyftidufti og salti í stóra skál og setjið til hliðar.

Skafið brædda smjörið í minni skál og hrærið kakóið við smjörið þar til kekkjalaust. Blandið vanilluextrakti við eggin í þriðju skálinni og þeytið blönduna svo saman við smjörið og kakóið. Hellið út í þurrefnin og blandið vel saman með sleif. Blandan lítur til að byrja með út fyrir að vera of þurr en ekki freistast til að bleyta upp í henni. Haldið áfram að vinna deigið saman og að endingu verður það að stífu brownie-deigi. Hnoðið þá saxaða súkkulaðið saman við og kælið deigið í ísskáp í 30 mínútur.

Hitið ofninn í 180 gráður. Leggið bökunarappir á tvær plötur og hellið flórsykrinum í víða skál.

Mótið litlar kúlur úr deiginu og veltið þeim vel upp úr flórsykrinum. Þessi uppskrift ætti að gefa um 70 kökur. Raðið kúlunum á plötturnar og hafið bil á milli þar sem þær fletjast út í ofninum. Bakið í 12 - 15 mínútur. Ekki of lengi, þær eiga að vera dálítið seigar undir tönn.

Látið þær kólna í 10 mínútur á bökunarappirnum áður en þið takið þær af með spaða og látið kólna til fulls á grind. Geymið í lofttæmdum umbúðum.

Uppskrift fengin af vefsíðunni: www.homecooking.about.com




Brownie-smákökur sem slá munu rækilega í gegn á kaffistofunni.

Nýr Íslandsatlas!

Loksins fáanlegur á ný eftir að hafa verið uppseldur í meira en fimm ár!

Tilboðsverð:
19.990 kr.

Fullt verð: 24.990 kr.



Tilboðið gildir til og með 5. október.

Opið alla daga
til kl. 22.00

[facebook.com/malogmenning](https://www.facebook.com/malogmenning)

BÓKABÚÐ
MÁLS & MENNINGAR
LAUGAVEGI 18



Mismunandi er hversu miklu Norðurlandþjóðirnar eyða í jólagjafir.

MYND/GETTY

Norðmenn gefa mest í jólagjöf

Samkvæmt könnun sem gerð var í Noregi eyða Norðmenn tvöfalt meira í jólagjafir en nágrannar þeirra, Svíar og Finnar. Ísland var ekki með í þessari könnun. Norðmenn eyða um 90 þúsund krónum en Finnar eyða um 40 þúsundum, Svíar rúmum 43 þúsundum og Danir 67 þúsund krónum. Norðmenn eru óniskir þegar kemur að jólagjöfum og duglegir að opna budduna, segir Elin Reitan, hagfræðingur hjá Nordea í Noregi, í samtali við Aftenposten. „Tölurnar sýna að Norðmönnum finnst mikilvægt að gefa góðar gjafir en það getur farið út í öfgar fjárhagslega fyrir marga,“ segir hún. „Í Svíþjóð er ekki lögð svona mikil áhersla á dýrar jólagjafir. Í þessari könnun sem gerð var fyrir jólin í fyrra kom fram að Norðmenn ætluðu að eyða 11 prósentum meira í jólagjafir 2014 en þeir gerðu árið áður.

Þeir sem eyða mestu í jólagjafir í Noregi eru á aldrinum 40-54 ára. Þessi aldurshópur eyðir um 6.516 norskum krónum eða 100.490 íslenskum en 55-65 ára eyða 5.598 norskum krónum eða 86.332 íslenskum. Þeir sem eru á aldrinum 26-39 ára eyða svipað og þeir eldri. Þeir sem eyða minnstu eru á aldrinum 18-25 ára.

Að sögn hagfræðingsins greiða flestir jólagjafirnar með kreditkortu og borga því reikninginn seinna. Það er ekki auðvelt fyrir alla að ganga inn í nýja árið með háan kreditreikning ógreiddan, segir Elin.

Samkvæmt Rannsóknasetri verslunarinnar við háskólann á Bifröst var búist við aukinni sölu hér á landi fyrir jólin í fyrra. Talið var að hver Íslendingur myndi eyða um 45 þúsund krónum fyrir jólin. Ef það reyndist rétt erum við langt undir Norðmönnum í eyðslu en líkari Finnum og Svíum.



ÉG MÆTI
Á JÓLATÓNLEIKANA
Á HVERJU ÁRI
ÞEIR ERU ALLTAF
JAFN DÁSAMLEGIR



GJÖF SEM SKEMMTIR

Hvort sem þú vilt gleða tónlistarunnandann eða dansáhugamanninn, hvort sem viðtakandinn vill eiga kvöldstund í leikhúsinu eða styðja liðið sitt á íþróttavellinum, getur þú verið viss um að gjafakort frá midi.is uppfylli óskir vina og vandamanna. Það er auðvelt að gefa réttu gjöfina þegar úrvalið er nær óendanlegur fjöldi viðburða.

Gjafakortin fást á midi.is og í verslunum Brims, Laugavegi 71 og Kringlunni.



NETVERSLUN

Netverslun hefur aukist mikið undanfarin ár. Búast má við að enn meiri aukning verði í netverslun fyrir þessi jól en áður hefur þekkt. Sumum finnst leiðinlegt að rápa á milli verslana og netverslun er kærkomin fyrir þann hóp. Í skýrslu Rannsóknarseturs verslunarinnar fyrir jólin í fyrra kemur fram spá um aukna netverslun. „Mikil og stöðug aukning er í pakkasendingum vegna netverslunar, þó aðallega frá útlöndum. Þau fyrirtæki sem sjá um pakkasendingar merkja stöðugan vöxt og sjá fram á mikla aukningu í sendingum vegna netverslunar fyrir þessi jól líkt og í fyrra,“ segir í skýrslunni. „Í nágrennlöndum okkar er einnig gert ráð fyrir mikilli aukningu í jólagjafakaupum um netið. Samkvæmt könnun í Svíþjóð er gert ráð fyrir að minnst fjórði hver íbúi geri jólainnkaup á netinu fyrir þessi jól. Sú bandaríska hefð að hefja jólaverslunina í lok nóvember á „Black Friday“ og net-jólaverslun á „Cyber Monday“ hefur einnig verið að festa sig í sessi í Svíþjóð og að sögn ætlar fimmta hvert verslunar-fyrirtæki að efna til einhverra jólatilboða á öðrum hvorum þessara daga eða báðum. Gaman verður að sjá hver þróunin verður fyrir jólin 2015.“



GJAFIR SKIPTA MÁLI

Jólabónusar og jólagjafir skipta flesta starfsmenn miklu máli. Hefðbundnar jólagjafir hafa tíðkast hér á landi en víða erlendis er algengara að gefa sérstakan jólabónus í formi peninga. Ein eftirminnilegastar sena kvikmyndasögunnar sem snertir á mikilvægi jólabónussins er úr Christmas Vacation frá árinu 1989. Clark Griswold, sem leikinn er af Chevy Chase, er búinn að vinna hjá sama fyrirtækinu í 17 ár og býst auðvitað við jólabónus eins og venjulega. Svo öruggur er hann að hann var búinn að greiða 7.500 dali inn á nýja útisundlaug fyrir fjölskylduna.

Þegar líður nær jólum og engin ávísun er komin í hús fer hann að ókyrrast. Loks á jóladag kemur bréberinn með umslagið sem reynist ekki innihalda ávísun eins og Clark vonaðist eftir heldur meðlimakort í Jelly-of-the-Month Club. Vonbrigðin eru gríðarleg og Clark missir algjörlega stjórn á skapi sínu með þeim afleiðingum að frændi hans keyrir að heimili forstjórans og rænir honum. Eftir fundarhöld í stofu Griswold-fjölskyldunnar sér forstjórinn eftir öllu saman, endurvekur jólabónusinn og gefur Clark að auki 20% hækkun ofan á hann. Allir fallast í faðma og jólin enduðu vel þetta árið.

FYRSTU JÓLAGJAFIRNAR

Á Vísindavef Háskóla Íslands er að finna svar við spurningunni „Af hverju gefur fólk gjafir um jólin?“ Hér er svarið í stuttri útgáfu:

Jólagjafir virðast að sumu leyti spottnar frá fornum rómverskum skammdegishátíðum, en voru í eðli sínu alþýðlegar nýársgjafir. Áramót voru víða á miðöldum miðuð við fæðingardag Jesú Krists. Þó sést lengi vel ekki getið um jólagjafir nema á meðal evrópskra höfðingja. Oftast er það

húsbóndinn sem færir gestum sínum og undirsátum gjafir. Þessa er líka getið í Íslendingasögum, líka þeim sem eiga að gerast í heiðni. Talið er að jólagjafir húsbænda hafi síður farið eftir efna-hag þeirra heldur fremur hvort þeir litu á sig sem sjálfstæða menn.

Á meðal almennings þekktust jólagjafir í nútímaskilningi ekki í neinum mæli fyrr en kom fram á 19. öld. Á Íslandi verður ekki vart

við einstaklingsbundnar jólagjafir fyrr en seint á 19. öld.

Reyndar er greinilega reiknað með því að hver heimilismaður fái einhverja nýja flík og nýja skó á jóluunum. Þetta var þó ekki nefnt jólagjöf og virðist frekar hafa verið litið á það sem eins konar „desemberuppbot“.



TÉKK
KRISTALL

AFSLÁTTARDAGAR
15. OKTÓBER – 22. OKTÓBER

-20%
ÖLL SÖFNUNAR
STELL - GLÖS -
HNÍFAPÖR



iittala
-15%



POSTULÍNSLAMPAR -10-20%



SWAROVSKI -15%



ENJOY HITAFÖT -20%



IVV METROPOLIS -15%



TARÍNUR M/HITARA & AUSU FRÁ KR.11.595



HNÍFAPARATÖSKUR F/12 M/FYLGIH. FRÁ KR.24.995



SÓSUSKÁL M/HITARA & AUSU KR.7.995



SELTMANN BOLLAR -15%

MIKIÐ ÚRVAL
AF VÖRUM Á
ALLT AÐ 50%
AFSLÆTTI

OPNUNARTÍMI
15. – 22. OKTÓBER
MÁN – FÖS KL.11:00 – 18:00
LAUGARDAG KL.11:00 – 16:00
SUNNUDAG KL.12:00 – 16:00

ÞAÐ ER STUTT TIL JÓLA
NÝTTU TÆKIFÆRIÐ

f ERUM EINGÖNGU Á LAUGAVEGI 178
TÉKK
KRISTALL
www.tk.is
Laugavegi 178 - Sími. 568 9955



No1
sófl – NYR LITUR
stóll nú 92.000 kr.
áður 115.000 kr.
3ja sæta nú 176.000 kr.
áður 220.000 kr.

20%
afsláttur

EDGARD
leðursófi frá Habitat
3ja sæta
Nú 195.000 kr.
Áður 275.000 kr.



NÝJAR
VÖRUR
FRÁ
HOUSEDOCTOR



PISA sófar
Tungusófi nú 220.000 kr.
áður 275.000 kr.
4 ra sæta nú 176.000 kr.
áður 220.000 kr.
3ja sæta nú 151.200 kr.
áður 189.000 kr.
Stóll nú 76.000 kr.
áður 95.000 kr.

20%
afsláttur



Jaques
legubekkur
frá Habitat
125.000 kr.



NÝR
STRAUMAR
Á NÝJUM STAÐ
– SKÓGARLIND 2,
KÓPAVOGI

habitat  SÍÐAN 1964

TEKK
COMPANY



„Ég lauk við vélina 2007 og skírði hana Blunose eftir uppáhalds Zippó-kveikjaranum mínum,“ segir Björn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Dreymsdi um að verða orrustuflugmaður

Björn Thoroddsen flugmaður fær fólk oft til að taka andköf er hann leikur listir í loftinu á sinni heimasníðuðu flugvél. Hann á að baki langan atvinnuflugmannsferil en kveðst aldrei hafa verið í lífsháska nema þegar Palestínuskæruliðar reyndu að drepa hann í Dúbaí.

Gunnþóra
Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Við Björn Thoroddsen, listflugkappi og fyrrverandi flugstjóri, mælum okkur mót í Geirfugli á Reykjavíkflugvelli. „Geirfugl er bæði flugskóli og flugklúbbur,“ segir Björn en tekur fram að hann sé þar ekki meðlimur. „Þetta er svona okkar samkomustaður sem erum í einkaflugi,“ útskýrir hann. Þarna sitja nokkrir herra menn að spjalli í heimilislegu rými með sófum og kaffikrök, já, og meira að segja hljóðfærahorni, en við Björn tyllum okkur í rólegri sal þar inn af með kaffikrúsur í hönd. Ert þú bara að fara í eitthvert stjórnvöldtal? er kallað á eftir Birni. „Já, af því að ég er að gerast píratí,“ svarar hann kankvís.

Björn á um 60 ár að baki í fluginu og þó að hann nálgist áttunda tuginn í aldri er hann enn að fljúga. „Ég fór í loftið síðast í gær. Ég held að fólk megi fljúga meðan lækarnir leyfa og fer í skoðun á sex mánaða fresti en

hætti sem atvinnuflugmaður 65 ára, eins og reglur segja til um. Þá fór ég bara að leika mér í listflugi og smíðaði flugvél á ellefu árum, Pitts Monster heitir hún. Var reyndar búinn að smíða aðra áður og sú þriðja er í pipunum. Hann hét Pitts sá sem hannaði þessar vélar og smíðaði upphaflega, það eru 70 ár síðan hann lauk við þá fyrstu. Ég þurfti bara teikningar og efni – spýtu, stál og ál. Fékk plankana frá Ameríku, sérstakan við, þann sama og notaður er í fídlusmíði. Svo snikkar maður þetta til.“

Fleira á 70 ára afmæli en fyrsta vélin hans Pitts. Björn hélt upp á það í sumar, ásamt nokkrum samherjum, að 70 ár eru síðan fyrsta millilandaflugið var farið frá Íslandi á Katalínu-flugbát og lent var rétt hjá Glasgow í Skotlandi. „Okkur fannst sjálfsgagt að halda upp á þetta. Við ákváðum að fara á flugsýningar bæði í Bretlandi og Frakklandi og bara á heimasníðuðum eins hreyfils flugvélum, tveimur sem ég smíðaði og þremur eftir Árna Sigurbergsson. Vorum heppin með veður og flugum sjónflug í fylkingu alla leiðina, þétt saman. Það var virkilegur still yfir því ferðalagi og við vöktum heldur betur

athygli. Ferðin tók hálfan mánuð og þetta er eitt skemmtilegasta flug sem ég hef farið í því úr svona vélum sér maður allt svo greinilega á jörðu niðri, fólk að vinna á ökrum, kastala og kálfa. Þetta sér maður ekki úr háloftunum úr þotum og varla úr bílum heldur því þá bygja tré sýn.“

Björn flaug að sjálfsgöðu sinni mögnuðu listflugvél í þessari ferð. Hún er tvíþekja, níu sílindra og 360 hestöfl. Rosaleg maskína að sögn eigandans. „Það er engin sem slær hana út í Bretlandi – og þó, kannski ein þýsk týpa sem slagar upp í hana.“

Varla lærðir þú í flugskólanum að smíða þér farartæki. Hvernig byrja menn á því?

„Maður bara les sér til. Það er mesti misskilningur að menn þurfi í skóla til að læra alla hluti. Ameríkanar eru stærstir í að smíða einkaflugvélar en þar er enginn lærður flugvélasmiður.“

En listflugið – líka sjálfært?

„Ég æfði það sjálfur til að byrja með en svo endaði með að ég fór til kennara í Bandaríkjunum og líka á Krímskaga í Rússlandi. Listflugið er svakalega skemmtilegt, þá fer maður alveg út að ystu mörkum í því hvernig hægt er að fljúga og lærir heilmikið á flug.“

Hvenær fékkst þú flugbakteríuna?

„Strax á unga aldri. Þegar ég var lítill dreymsdi mig um að verða orrustuflugmaður. Ég átti heima í Hafnarfirði og á sunnudögum fór pabbi með okkur krakkana í biltúr á flugvöllinn. Þá var hægt að keyra út um allt þar, innan flugvélnar. Kannski hefur pabbi verið með bakteríuna líka en hann var samt ekkert hrifinn af að ég yrði flugmaður, vildi að ég færi í verkfræðina eins og hann. Ég var nú að spekulera í að fara í hana líka en af því varð ekki.“

Björn kveðst hafa lært flug á Reykjavíkflugvelli. „Það hafa verið flugskólar á Íslandi frá stríðslokum, góðir skólar. Þegar ég var nýbúinn að ljúka námi var erfitt að fá vinnu svo ég fór til Englands og tók ensk réttindi. Kom svo heim og fékk fljótlega vinnu hjá Loftleiðum í milli-

landaflugi og var lánaður þaðan til Flugfélagsins í innanlandsflug sumrin 1962 og 1963, á Douglas DC 3. Þá var flogið á miklu fleiri staði en í dag.“

Hann kveðst hafa verið lán-samur á sínum ferli og varla hafa lent í neinu. „Ég komst jú í lífshættu þegar Palestínuskæruliðar reyndu að drepa mig niðri í Dúbaí. Vélín var í fragtflugi fyrir Cargolux og var bara á staði. Dagfinnur Stefánsson var flugstjóri. Skæruliðarnir ætluðu að ræna flugvél og skutu á okkar vél í staðinn fyrir British Airwaves-vél sem var fyrir aftan okkur. Þeir drápu einn Pakistana við hliðina á mér og ein bresk flugfregja fékk skot í magann en lifði af. Vélín var öll í skotgötum. Þetta er í eina skiptið sem mér hefur verið sýnt í tvo heimana í flugi.“

Aldrei af völdum náttúrunnar?

„Nei, þótt ég sé gamall í hettunni þá voru menn hættir að taka sénsa í fluginu þegar ég byrjaði, eins og gerðist kannski fyrst þegar menn voru kaldari og öll umgjörðin um flugið frumstæðari. Í dag er allt planað. Nú eru þó bara tölur sem segja til um hvort fært sé að fljúga eða ekki. Það er engin spurning um þor – til allrar hamingju.“

Einhverjar sögur hlýturðu samt að kunna úr bransanum.

„Ég flaug landgræðsluvélinni, Páli Sveinssyni, á tímabili. Hún er Douglas DC3, traust vél en dálítið hæg. Ég var nýbúinn að taka á loft á Reykjavíkflugvelli í svaka finu veðri með þrjú tonn af lausum áburði þegar annar hreyfillinn missti afl og vélín hætti að klifra. Á stýrinu var takki sem opnaði botninn þannig að hægt var að sleppa öllum farminum. Þegar ég leit niður var ég yfir Alþingishúsinu og þarna þurfti ég að vera fljótur að hugsa. Mér tókst að skriða yfir Hafnarstrætið en um leið og ég kom út á höfnina varð ég að láta farminn gossa. Stundum koma upp aðstæður eins og í fótboltanum, menn verða að taka ákvörðun í hvelli.“

Flugmenn verða sem sagt að vera dálitlir töffarar.

„Við þykjumst vera það en ég veit ekki hvort það sé eitthvað betra.“



Skjaldarmerki listflugvélarinnar

„Snákarnir eru fólkíð sem vill flugvöllinn í burtu. Stelpan á hestinum er að drepa það. Svo verður alltaf að vera eitthvað á latínu. Þessi áletrun, PER ASPERA AD ASTRA, þýðir Frá þyrnum til stjarnanna,“ útskýrir Björn.

TÆKNI



Google og NASA gera nú tilraunir með skammtölvuna D-WAVE.

Skammtastökk til betrunar

Innreið **skammtatölvunnar** mun snerta daglegt líf allra. Vísindamönnum hefur tekist að þróa helstu grunnstoð hennar úr silíkoni. Fjarlægur draumur er skyndilega innan seilingar. Byggir á lögmálum sjálfrar náttúrunnar.

Kjartan Hreinn
Njálsson
kjartanh@365.is



Þrátt fyrir að vera frumbyggji á norðurslóðum hefur undirritaður aldrei tekið skammdegð í sátt. Það er ónáttúra í möndulhalla Jarðar. Skortur á samhverfu í valsi reikistjörnu og sólstjörnu. Segjum sem svo að höfundur freisti þess að leiðrétta þessa augljósu villu í náttúru alheimsins og eyða breytum sem eru orsök fyrir óxulhalla reikistjarna svo að allir geti nú notið samhverfunnar. Engu verður breytt úr þessu en mögulega getur hliðarsjálft mitt notið þessa í alheimshermi. Í alheiminum er að finna á bilinu 10^{78} til 10^{82} atóm. Þar

sem undirrituðum er umhugað um verndun regnskóganna og blygðunarkennd fólksins í umbrotinu þá verða þessar tölur ekki birtar í heild sinni. Núllin eru allmörg.

Það þarf verulega reiknigetu til að hrinda verkefninu í framkvæmd. Lausnin felst í furðulegum, skammtafræðilegum eiginleikum frumeinda, rafeinda og fleiri einda sem geta verið í margs konar ástandi hverju sinni. Á meðan venjulegar tölvur nota tvenndarkerfi, 1 eða 0, og agnarsmáa smára sem annaðhvort eru virkir eða óvirkir, til að tákna og merkja gögn þá notar skammtatölvun skammtabita. Eitt bæti í borðtölvunni samanstendur af átta bitum (fjórar mögulegar útfærslur 1 og 0). Skammtabiti getur táknað það sama, og ástand þar sem biti er í hvoru gildi fyrir sig (1, 0 og ?).

Þannig þarf skammtatölvun ekki að reikna sig í gegnum allar fjórar útfærslur 1 og 0 í leit að réttu svari eins og borðtölvun. Hún gerir það samstundis. Með auknum fjölda bæta verður veldisvöxtur og viti menn, skammtatölva með 300 skammtabæti gæti framkvæmt fleiri útreikninga á augnabliki en það eru atóm í alheiminum.

Flækjustig í öðru veldi

Ruglingslegt? Örvæntið ekki. Faðir skammtatölvunnar var kvennabósinn og bongótrommuleikarinn Richard Feynman. Hann var einnig einn áhrifamesti eðlisfræðingur allra tíma, handhafi Nóbelsverðlauna í eðlisfræði og samstarfsmaður Roberts Oppenheimer í Manhattanverkefninu. Feynman var snillingur en þó samúðarfullur í garð þeirra

sem skildu hvorki upp né niður í skammtafræðinni. „Ef þú heldur að þú skiljir skammtafræði, þá skilurðu ekki skammtafræði,“ sagði Feynman.

Feynman var sannfærður um að ómögulegt væri að líkja eftir skammtafræðilegum kerfum (náttúrunni) í hefðbundnum tölvum. Hann þróaði því aðferðafræði nýrrar tölvu sem byggir á sjálfum lögmálum náttúrunnar.

Skammtabestun

Í dag, áratugum eftir að Feynman kynnti hugmyndir sínar, hafa stór skref verið tekin í átt að nothæfum skammtatölvum. Viðar Guðmundsson, prófessor í eðlisfræði við Háskóla Íslands, segir skammtatölvuna vera spennandi hugmynd en þó gríðarlega flókna í útfærslu.

„Við sjáum í líkanagerðinni að skammtatölvun myndi færa okkur öhemju afl. Við erum líka meðvitadír um að þetta gerist ekki strax,“ segir Viðar. „Reikningar, sem taka oft nokkrar vikur á fjölmörgum tölvum og þúsundum kjarna, gætu tekið örskotstundu í skammtatölvu.“

Dagleg tölvunotkun okkar mun taka litlum breytingum með innreið skammtatölvunnar. Frekar mun hún boða byltingu á æðri sviðum tölvunarfræðinnar, þar á meðal í gervigreind. Einnig í þróun lyfja, líkanagerð loftslagsvísindamanna og jafnvel í leitinni að framandi lífi, svo eitthvað sé nefnt. Þetta eru svið sem einkennast af stórkostlegu flækjustigi. Skammtatölvun boðar bestun verkferla á nær öllum sviðum mannlagra athafna.

Verkfæri komandi kynslóða

Viðar bendir á að áratugir muni líða áður en helstu þröskuldar verða yfirstignir í þróun skammtatölvunnar. Engu að síður hafa miklar framfarir átt sér stað undanfarið. Ástralskir vísindamenn tilkynntu á dögunum að þeim hefði tekist að smíða rökhlíð skammtatölvu í silíkonkristal, sem er sama efni og tölvuflögur eru almennt úr. Hingað til hefur þurft fágæt efni

EF ÞÚ HELDUR
AÐ ÞÚ SKILJIR

SKAMMTAFRÆÐI,

ÞÁ SKILURÐU EKKI

SKAMMTAFRÆÐI.

Richard Feynman, eðlisfræðingur

REIKNINGAR,
SEM TAKA OFT

NOKKRAR VIKUR Á

FJÖLMÖRGUM TÖLVUM

OG ÞÚSUNDUM KJARNA,

GÆTU TEKIÐ

ÖRSKOTSSTUNDU Í

SKAMMTATÖLVU.

Viðar Guðmundsson,
prófessor í eðlisfræði við háskóla Íslands



til þess. Þúsulspil skammtatölvunnar smellur saman, hægt og rólega.

